FRÉTTABLAÐIÐ
50. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 28. FEBRÚAR 2018




**Bakkafullur lækurinn** Miklir vatnavextir hafa verið undanfarna daga í Elliðaánum eftir að hlánaði í kjölfar kuldakafla á höfuðborgarsvæðinu. Illfært hefur verið um suma staði í dalnum. Mælar Veðurstofunnar sýndu að vatnsmagnið í Elliðaánum náði tæpum 59 rúmmetrum á sekúndu er mest lét klukkan hálf tvö í gær. Meðalrennsli í ánum er 5 rúmmetrar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Meirihlutinn í borginni myndi halda

**Samfylkingin, VG og Píratar myndu fá 12 menn kjörna samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og frettabladid.is. Sjálfstæðisflokkur stærstur. Hvorki Framsóknarflokkurinn né Björt framtíð fengju fulltrúa.**

**STJÓRNMÁL** „Við stefnum á að komast í meirihluta og þess vegna þurfum við tólf. Við ætlum að reyna að fá eins marga af þessum tólf og við getum. Það kemur svo í ljós hversu margir þeir verða á endanum. En við ætlum allavega að verða stærsti flokkurinn,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.

Sjálfstæðisflokkurinn er með mest fylgi allra framboða í borginni, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og vefmiðilsins frettabladid.is. Rúmlega 35 prósent segjast ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn og myndi hann fá níu af 23 borgarfulltrúum. Samfylkingin er næststærsti flokkurinn með rúm 27 prósent og fengi sjö borgarfulltrúa kjörna.

Segja má að þessir tveir flokkar yrðu tveir turnar í borgarstjórninni,

**Könnun 26.-27. febrúar**




en þriðji stærsti flokkurinn yrði VG. Hann er með 12 prósenta fylgi og fengi samkvæmt því þrjá menn. Píratar eru með 8,9 prósenta fylgi og fengju tvo menn kjörna. Samkvæmt þessu hefðu Samfylkingin, VG og Píratar tólf menn og meirihluta í 23 manna borgarstjórn. Miðflokkurinn er með 6 prósenta fylgi og fengi einn borgarfulltrúa. Viðreisn fengi líka einn borgarfulltrúa en er með 4,2 prósenta fylgi. Framsóknarflokkurinn er með 3,4 prósenta fylgi og fengi ekki kjörinn borgarfulltrúa. Björt framtíð fengi ekki heldur kjörinn fulltrúa en flokkurinn er með 0,7 prósenta fylgi. Sósíalistaflokkurinn er með 0,5 prósenta fylgi í könnuninni og er eins og Björt framtíð nokkuð langt frá að fá kjörinn fulltrúa.

Hringt var í 1.322 manns með lögheimili í Reykjavík þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 26. og 27. febrúar. Svarhlutfallið var 60,5 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri. Alls tóku 63,4 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Þá voru 7 prósent sem sögðust ekki ætla að kjósa eða skila auðu, 5 prósent sögðust óákveðin og 25 prósent vildu ekki svara spurningunni. **– jhh**

## Ögurstund á vinnumarkaði

**KJARAMÁL** Úrslitastund um framvindu kjaramála er í dag klukkan fjögur. Þá rennur út frestur til uppsagnar kjarasamninga. Formenn aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands (ASÍ) kveða upp úrskurð sinn að loknum fundi á Hilton Nordica. Verði af uppsögninni eru samningar um hundrað þúsund manns lausir.

Stjórn og trúnaðarráð VR, fjölmennasta aðildarfélags ASÍ, fundaði í gærkvöldi. Að mati fundarmanna eru forsendur kjarasamninga brostnar og að óbreyttu beri að segja þeim upp. Aðrir launahópar hafi fengið launahækkanir umfram hækkanir félaga í VR. Komi til uppsagna samninga er það krafa VR að „laun hækki í samræmi við ákvörðun kjararáðs um hækkun þingmanna og æðstu embættismanna ríkisins“. **– jóe /** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Hanna Katrín Friðriksson um umskurð og intersex. 10

**MARKAÐURINN**
**Ríkið myndi njóta góðs af virðisaukningu Valitors.**

**SPORT** Íslenska kvennalandsliðið hefur leika á Algarve-mótinu í dag. 12

**LÍFIÐ** Björk Guðmundsdóttir um #metoo-byltinguna, frægðina og femínisma. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FYRSTA HEIMILIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

KASSAÐU ÞIG INN Á ÞJÓÐHÁTÍÐ
7000 KR.
AFSLÁTTUR AF MIÐAVERÐI MIÐAÐ VIÐ FULLT VERÐ EFTIR AÐ FORSÖLU LÝKUR
Sæktu appið á kass.is
Kass frá Íslandsbanka

Fermingarskraut!

Finndu okkur á
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður




Hæg breytileg átt í dag og lítils háttar væta en yfirleitt þurrt sunnan til. Norðankaldi um kvöldið og slydda og síðar snjókoma um landið norðanvert. Kólnar í veðri.

SJÁ SÍÐU 16

# Þúsundir utan kjörskrárinnar

**KJARAMÁL** Af þeim tæplega 25 þúsund manns sem greiða eða hafa greitt iðgjöld til Eflingar á undanförnum 12 mánuðum eru aðeins rúmlega 16 þúsund á kjörskrá vegna stjórnarkjörs í stéttarfélaginu Eflingu.

Kjördagar verða 5. og 6. mars næstkomandi og kosið verður á skrifstofu félagsins í Guðrúnartúni 1 frá klukkan 9 til 16. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er hafin og fer fram á sama stað.



**Magnús M. Norðdahl, formaður kjörstjórnar Eflingar.**

Að sögn Magnúsar M. Norðdahl, formanns kjörstjórnar, geta ýmsar skýringar verið á því að mun færri eru á kjörskrá en greitt hafa félagsgjöld. Sú helsta er að greiðendur iðgjalda hafi ekki gengið formlega í félagið, en hluti þeirra gæti hafa hætt að vinna á starfssviði félagsins eða á starfssvæði þess á undanförnum mánuðum án þess að segja sig úr félaginu.

Þeir sem uppfylla skilyrði til að gerast fullgildir félagsmenn í Eflingu þurfa að fylla út sérstaka inntökubeiðni og undirrita með eigin hendi og afhenda á skrifstofu félagsins til að geta tekið þátt í stjórnarkjörinu. Ekki eru slíkar kröfur gerðar í öllum stéttarfélögum. Í VR teljast menn til dæmis til fullgildra félagsmanna eftir að hafa greitt iðgjöld í þrjá mánuði.

„Það verða inntökubeiðnir í bunkavís á kjörstað og ef menn eru ekki fullgildir þegar þeir koma á kjörstað þá bara fylla menn út slíka beiðni og atkvæði þeirra svo sett í umslag og í kassa fyrir utankjörfundaratkvæði,“ segir Magnús Norðdahl, formaður kjörstjórnar, og bætir við: „Það verður engum neitað um að kjósa sem á rétt á því.“ **– aá**

# Ætluðu að vera á undan óveðrinu



**„Þetta var svolítið lúmskt. Ég hef verið rútubílstjóri frá 1995 og oft keyrt í roki en þetta var eitthvað dularfullt,“ segir leiðsögumaðurinn og bílstjórinn Magnús Kristjánsson. Hann sést hér ásamt hópi franskra skólabarna sem voru farþegar í bíl hans sem fór á hliðina skammt frá Hvanneyri á sunnudag. Þá hafði hópurinn lagt fyrr af stað til að komast til Reykjavíkur áður en óveður sem spáð hafði verið skylli á.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Taka á móti 23 flóttamönnum

**ÍSAFJÖRÐUR** Ísafjarðarbær skrifaði í gær undir samning um móttöku fimm flóttamannafjölskyldna eða 23 einstaklinga. Verkefnið er samstarfsverkefni Ísafjarðar, Súðavíkur og Bolungarvíkur. Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra og Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, undirrituðu.

Þetta er í annað sinn sem Ísafjarðarbær tekur á móti hópi flóttafólks, því kaupstaðurinn var fyrst sveitarfélaga til að taka á móti flóttafólki í samstarfi við félagsmálaráðuneytið og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1996.

Samningurinn lýtur að móttöku, aðstoð og stuðningi við fjölskyldurnar á næstu tveimur árum. Í hópnum eru tíu fullorðnir einstaklingar, ellefu börn og tvö ungmenni eldri en 18 ára. Hluti hópsins kom til landsins í gær en hinir sem eftir eru koma í næstu viku. **– dfb**

# Bílstjórinn gleymdi fatlaðri konu úti í bíl

**Bílstjóri ferðaþjónustu fatlaðra gleymdi að skutla fatlaðri konu til vinnu og fór heim til sín í kaffi. Á meðan var konan ein og yfirgefin í bílnum. Konan er mikið flogaveik og því aldrei skilin ein eftir. Málið er litið mjög alvarlegum augum.**

**VELFERÐARMÁL** Mikið fötluð kona gleymdist í bíl ferðaþjónustu fatlaðra í Reykjavík í gærmorgun þegar átti að skutla henni til vinnu. Bílstjórinn mun hafa farið heim í kaffipásu þegar uppgötvaðist að konan væri yfirgefin úti í bíl hjá honum. Málið er litið mjög alvarlegum augum.

Fréttablaðið hefur fengið það staðfest að konan var sótt af bílstjóra ferðaþjónustu fatlaðra á sambýlið Vættaborgir í Grafarvogi í gærmorgun. Af heimili hennar átti að skutla henni til vinnu í Lækjarási, vinnustað fyrir fatlaða í Fossvoginum.

Konan skilaði sér hins vegar ekki til vinnu og fóru þá verkferlar í gang hjá Lækjarási og farið að grennslast fyrir um ferðir konunnar.

Fljótlega fengust þau svör að konan hefði verið sótt á sambýlið og við nánari eftirgrennslan fannst hún ein og yfirgefin í bílnum, þar sem hún hafði mátt sitja meðan bílstjórinn var í kaffi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er málið litið alvarlegum augum og allir sem að því komu í áfalli. Konan notast við hjólastól, er mjög flogaveik og sögð geta fengið stór flog hvenær sem er. Hún sé af þeim sökum til dæmis aldrei skilin eftir ein og eftirlitslaus í vinnunni.

Blessunarlega varð konunni ekki meint af þessari miklu yfirsjón bílstjórans og var henni á endanum komið til vinnu í Lækjarási.

Strætó bs. sér um ferðaþjónustu fatlaðra í Reykjavík en verktakar sinna akstursþjónustunni. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem manneskja gleymist í bíl ferðaþjónustu fatlaðra en slíkt atvik kom upp í febrúar 2015 þegar 18 ára stúlka, sem lýst hafði verið eftir fannst í bíl við heimili bílstjórans um kvöld. Hafði hún þá mátt dúsa þar í nokkrar klukkustundir. Það atvik vakti mjög hörð viðbrögð og var í kjölfarið skipuð neyðarstjórn yfir ferðaþjónustu fatlaðra sem skilaði skýrslu um málið í mars 2015.




**Fötluð kona gleymdist í bíl ferðaþjónustu fatlaðra í gærmorgun. Bílstjórinn fór í kaffi á meðan hún sat ein og yfirgefin í bílnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Þetta er eitthvað sem á ekki að gerast.**
>
> Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs, þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var skjótt brugðist við málinu hjá Strætó í gærmorgun og gripið til aðgerða gagnvart bílstjóranum. Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, gat ekki tjáð sig um málið þar sem hann var í leyfi og hafði því ekki heyrt af því.

Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs, þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness, segir að þar á bæ hafi viðbrögðin verið að hlúa að konunni. Þrátt fyrir alvarleika atviksins segir hún akstursþjónustuna hafa batnað mikið eftir erfiða byrjun á sínum tíma og atvik sem þessi fátíð.

„En þetta er eitthvað sem á ekki að gerast.“ **mikael@frettabladid.is**

FÉLAG RAFEINDAVIRKJA STOFNAÐ 1958

**Framboð í trúnaðarstöður**

**FRV**

Framboðsfrestur til trúnaðarstarfa fyrir félagið verður framlengur til 12:00 á hádegi 03.03.2018

*Reykjavík 28. febrúar 2018*

**Stjórn Félags Rafeindavirkja**





# VERTU ÖÐRUVÍSI.

## NÝR BMW X2.

Hægt er að velja á milli 2ja lítra bensín- eða dísilvélar sem nota einungis frá 4,6 lítrum á hverja 100 km. Einnig má velja 7 eða 8 þrepa sjálfskiptingu, framdrif eða fullkomið xDrive fjórhjóladrifskerfi. Bakkmyndavél, 6,5" litaskjár og LED dagljós eru hluti staðalbúnaðar. Auk þess er í boði úrval búnaðar sem gerir nýjan BMW X2 einstakan í sínum flokki.

BMW X2 20i. Bensín, 192 hestöfl, sDrive – verð frá 5.790.000 kr.
BMW X2 20d. Dísil, 190 hestöfl, xDrive – verð frá 6.590.000 kr.

Taktu eigin ákvarðanir og reynsluaktu BMW X2 í dag!

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# KJARAMÁL

## Áttu von á meiru



„Okkar afstaða hefur verið skýr. Við teljum forsendubrestinn að talsvert miklu leyti vera vegna stjórnvalda,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

„Þrátt fyrir að tekist hafi að hækka laun þeirra sem lægst launin hafa þá hafa stjórnvöld verið að klípa í hér og þar. Það hefur valdið mikilli gremju og leitt til þess að ekki hefur tekist að bæta lífskjör þessara hópa eins og stefnt var að.“

Þá hafi ákvarðanir kjararáðs ekki hjálpað til og fréttir gærdagsins um kjör stjórnenda bankanna og launahækkanir stjórnenda Landsvirkjunar bættu alls ekki úr skák. Gylfi segir að vonir ASÍ hafi staðið til einhvers meira og að það sé mat átta manna samninganefndar sambandsins að forsendur samninganna séu enn brostnar þrátt fyrir tillögur stjórnvalda.

„Það eru skiptar skoðanir um þessi mál og við teljum eðlilegt að taka ákvarðanir um næstu skref með aðildarfélögum og samböndum. Það skýrist í dag hver niðurstaðan verður,“ segir Gylfi.

## Stjórnvöld hafa lagt sitt af mörkum



„Við erum tilbúin í samtal við verkalýðshreyfingar um hugsanlegar breytingar á hinum ýmsu kerfum,“ segir Katrín Jakobsdóttir um tillögur stjórnarinnar. Um sé að ræða breytingar sem kallað hafi verið eftir af launþegum. Ekki stendur til að draga tillögurnar til baka ef kjarasamningum verður sagt upp.

„Það liggur alveg ljóst fyrir að ef samningum verður sagt upp og hér verða vinnudeilur, þá verður umgjörðin um það samtal allt annað.“

Að sögn forsætisráðherrans standa bæði Ábyrgðarsjóður launa og Atvinnuleysistryggingasjóður undir þeim breytingum sem lagðar eru til. Áætlaður heildarkostnaður breytinganna er 2,6 milljarðar.

„Stjórnvöld hafa lagt sitt af mörkum. Framvarp um breytta tilhögun kjararáðs er í vinnslu sem og breytt fyrirkomulag launatölfræði,“ segir Katrín. Hún þorir þó ekki að segja til um hvort það nægi til.

„Frá því að núverandi ríkisstjórn tók við í desember hefur verið fundað reglulega og samskiptin gengið vel. Ég vona að það verði svo áfram.“

## Eftirspurn í samfélaginu eftir yfirvegun



„Tillögur ríkisstjórnarinnar eru óhjákvæmilega til þess fallnar að liðka fyrir framhaldinu. Þær koma til móts við margar af þeim helstu kröfum verkalýðshreyfingarinnar sem fram hafa komið á fundum í ráðherrabústaðnum undanfarnar vikur,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.

Samtökin hafa áður lýst því yfir að þau telji engar forsendur til uppsagnar samninga. Undanfarin þrjú ár hafi kaupmáttur aukist um 20 prósent og um 25 prósent hjá þeim sem lægst launin hafa.

„Við teljum að það sé eftirspurn í samfélaginu eftir ró og yfirvegun. Stærsta verkefnið er að verja þann mikla árangur sem náðst hefur og það verður ekki gert með kollsteypum sem óhjákvæmilega fylgja uppsögn kjarasamninga.“

## Það sem stjórnin er reiðubúin að gera

**Atvinnuleysistryggingar**
Atvinnuleysisbætur verði 90% af dagvinnutekjum í stað 70% áður. Breytingin taki gildi 1. maí 2018. Starfshópur fær að leggja mat á stöðu sjóðsins og hlutverk. Hópurinn á að skila af sér í haust.

**90%** ~~70%~~

**Ábyrgðarsjóður launa**
Hámarksgreiðsla úr sjóðnum verði hækkuð um 64 prósent, úr 385 þúsund í 633 þúsund, án þess að samtímis sé hreyft við því gjaldi sem rennur til sjóðsins. Breytingin tekur gildi 1. júlí 2018.

**633.000** ~~385.000~~ | **64%** hækkun

**Fræðslu- og vinnustaðanámssjóður**
Úttekt á stöðu sjóðanna verði gerð á árinu.

**Tekjuskattskerfið**
Fyrirkomulagi persónuafsláttar breytt og tekjuskattur lækkaður. Stefnt að því að vinnunni ljúki áður en fjárlög 2019 verða afgreidd í desember næstkomandi. Samspil bótakerfis og skattkerfis endurskoðað.

## Það sem stjórnin hefur gert

**1. Kjararáð**
Nefnd um kjararáð var skipuð. Niðurstaða hennar var að laun þjóðkjörinna einstaklinga og dómara skyldu lögákveðin.

**2. Þjóðhagsráð**
Tillaga liggur fyrir um að útvíkka hlutverk ráðsins til að tryggja samhengi og jafnvægi efnahagslegs og félagslegs stöðugleika.

**3. Launatölfræði**
Tvær nefndir um bætta launatölfræði verða stofnaðar í samræmi við samkomulag stjórnarinnar og vinnumarkaðarins. Unnið er samkvæmt norskri fyrirmynd.

# Ögurstund runnin upp á vinnumarkaði

**Kjarasamningar um 100 þúsund manns gætu orðið lausir í dag. Formannafundur ASÍ hefur lokaorðið í þeim efnum.**



Jóhann Óli Eiðsson
joli@frettabladid.is

Úrslitastund um framvindu kjaramála er í dag klukkan fjögur en þá rennur út frestur til uppsagnar kjarasamninga. Formenn aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands (ASÍ) kveða upp úrskurð sinn að loknum fundi á Hilton Nordica.

Forsendunefnd stjórnvalda, Samtaka atvinnulífsins (SA) og ASÍ hefur fundað reglulega frá því í desember en störfum hennar lauk í gær með ágreiningi aðila. Fyrir viku sagði ASÍ frá því að sambandið teldi að forsendur kjarasamninganna væru brostnar en enn væri tími fyrir stjórnvöld til að grípa inn í. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra kynnti verkalýðshreyfingunni tillögur stjórnarinnar á fundi í Stjórnarráðinu síðdegis í gær en þær kveða meðal annars á um hækkun atvinnuleysisbóta og endurskoðun á tekjuskattkerfinu.

Hvort það dugir til að höggva á hnútinn er óvíst. Fulltrúar aðildarfélaga ASÍ funduðu í gærkvöldi vegna málsins en ýmislegt bendir til þess að niðurstaða þeirra verði sambærileg þeirri sem miðstjórn ASÍ komst að fyrir viku.

Stjórn og trúnaðarráð VR, fjölmennasta aðildarfélaga ASÍ, funduðu í gærkvöldi. Að mati fundarmanna eru forsendur kjarasamninga brostnar og að óbreyttu beri að segja þeim upp. Aðrir launahópar hafi fengið launahækkanir umfram þær sem félagar í VR hafi fengið.

Komi til uppsagna samninganna er það krafa VR að „laun hækki í samræmi við ákvörðun kjararáðs um hækkun þingmanna og æðstu embættismanna ríkisins“.



Stjórn og trúnaðarráð VR fundaði í gærkvöld. Niðurstaða fundarins samkvæmt ályktun var að forsendur væru brostnar. VR vill hækkun sambærilega því sem kjararáð úrskurðaði um í tilfelli þjóðkjörinna einstaklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

5 FIAT ÁRA ÁBYRGÐ
SÉRTILBOÐ Á ATVINNUBÍLUM
FIAT PROFESSIONAL



FIAT DUCATO - MILLILANGUR
Tilboðsverð með aukahlutum frá
3.199.000 kr án vsk. / 3.966.760 m/vsk.
Listaverð með aukahlutum frá
5.215.000 kr. m/vsk.

FIAT DOBLÓ
Tilboðsverð með aukahlutum
1.999.000 kr án vsk. / 2.478.760 m/vsk.
Listaverð með aukahlutum frá
3.225.000 kr. m/vsk.

FIAT FIORINO
Tilboðsverð með aukahlutum
1.699.000 kr án vsk. / 2.106.760 kr. m/vsk.
Listaverð með aukahlutum frá
2.525.000 kr. m/vsk.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Fiat Professional - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.fiatprofessional.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16


Chalupa Supreme
589 KR.
Chalupa Supreme, Taco-skel, Nachos, ostasósa, gos og Piparegg.
Chalupa Supreme með krydduðu nautahakki, sýrðum rjóma, fersku káli, þriggja osta blöndu og tómatateningum.
Skiptu út hakki fyrir kjúkling – aðeins 100 kr. í viðbót.
BOXMÁLTÍÐ
1699 KR.
TACO BELL
Hafnarfirði / Grafarholti
www.tacobell.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

## MEST LESIÐ



1 Líkir landsbyggðinni við hamfarasvæði

2 Sandhrúga ógnar öryggi hjólreiðafólks við Elliðaár

3 Ástir með Ástu – Má ekki tala við fyrrverandi

4 Handteknir á hlaupum í Garðabæ

5 Egill í Áttunni gæti ekki verið án vina sinna

Fylgstu með á Fréttablaðið.is

## Árelía formaður Jafnréttisráðs

**JAFNRÉTTISMÁL** Árelía Eydís Guðmundsdóttir hefur verið skipuð formaður Jafnréttisráðs. Ráðið starfar samkvæmt lögum um jafna stöðu og rétt karla og kvenna og mun vinna í nánum tengslum við Jafnréttisstofu.

Ráðið gegnir meðal annars hlutverki við undirbúning jafnréttisþings sem haldið er á tveggja ára fresti og verður sérstök áhersla lögð á jafna stöðu kynjanna og samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs.

Árelía er dósent í Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. **– bsp**

# Háar greiðslur ofan á launin

Starfskjör þingmanna eru mjög mismunandi. Fara eftir kjördæmum, búsetu, valdastöðum á þingi og í flokkunum. Kristján Þór fær mest utan forsætisráðherra en Logi Einarsson er hæstur stjórnarandstöðumanna.

**STJÓRNMÁL** Ásmundur Friðriksson fær um hálfa milljón á mánuði ofan á laun sín í ýmiss konar starfskostnað. Að langmestu leyti er um skattfrjálsar tekjur að ræða.

Tekjur og fastar greiðslur til þingmanna eru breytilegar og fara eftir kjördæmum, starfsskyldum og búsetuhögum eins og sjá má af upplýsingum um launa- og starfskjör alþingismanna sem birt voru á vef Alþingis í gær.

Margir þingmenn sem halda heimili í Reykjavík en ekki í sínu kjördæmi njóta dvalar- og húsnæðisstyrks að fjárhæð 134.041 kr. mánaðarlega. Á þetta til dæmis við um Steingrím J. Sigfússon, Smára McCarthy og Pál Magnússon.

Þeir þingmenn sem halda tvö heimili, annars vegar í kjördæmi sínu og hins vegar í Reykjavík, fá 40 prósenta álag á húsnæðisstyrkinn og fá því 187.657 kr.

Auk þeirra ferðakostnaðargreiðslna til þingmanna sem mikið hafa verið í umræðunni njóta allir þingmenn 30.000 kr. ferðastyrks mánaðarlega.

**adalheidur@frettabladid.is**

**40%**

**álag greiðir Alþingi, þeim þingmönnum sem halda bæði heimili í kjördæmi sínu og á höfuðborgarsvæðinu, ofan á húsnæðis- og dvalarstyrk.**

### Þingfararkostnaður:

**Fastar skattfrjálsar greiðslur vegna húsnæðis- og dvalarkostnaðar***
**134,041 kr.** fastur húsnæðisstyrkur til allra þingmanna landsbyggðarkjördæma nema þeirra sem eiga heimili í kjördæmi sínu og keyra sig á milli.
**53,616 kr.** álag á föstu greiðsluna til þeirra alþingismanna sem halda tvö heimili; aðalheimili í kjördæmi sínu en annað heimili í Reykjavík.
**Samtals: 187,657 kr.**

**44.680 kr.** til heimanakstursþingmanna sem keyra frá heimili í kjördæmi sínu til Alþingis. Þeir fá einungis þriðjung af hinum fasta húsnæðisstyrk.
**2. gr. reglna um þingfararkostnað*

**Skattfrjálsar greiðslur vegna ferðakostnaðar***
- Allir þingmenn fá fastan ferðakostnað mánaðarlega, **30.000 kr.** óháð ferðalögum sínum. Fjárhæðin á að standa undir ferðakostnaði í næsta nágrenni heimilis eða starfsstöðvar auk dvalarkostnaðar á ferðalögum í kjördæmi. (3. gr.)
- Þingmenn fá endurgreiddan ferðakostnað innan kjördæmis fyrir ferðir á fundi eða samkomur sem þingmaður boðar til eða hann er boðaður á. (3. gr.)
- Þingmenn fá endurgreiddan kostnað við eina ferð á þingtímanum milli heimilis/starfsstöðvar og Reykjavíkur ef hann er með fullan húsnæðisstyrk (landsbyggðarþingmaður með lögheimili í Reykjavík) (4. gr.)*
- Heimanakstursþingmenn fá allar ferðir milli heimilis og Alþingis endurgreiddar, enda fái þeir einungis þriðjung dvalarkostnaðarstyrks (4. gr.)*
- Þingmenn fá endurgreiddan kostnað við ferðir í önnur kjördæmi en eigið á fundi sem hann boðar eða er boðaður á starfa sinna vegna. (5. gr.)*
  *akstursbók /bílaleigubíll

**Fastur starfskostnaður samkvæmt 8. gr.**
- Fastur starfskostnaður eru **40.000** á mánuði og dregst staðgreiðsla af þeirri fjárhæð en frádráttarbær er kostnaður gegn framvísun reiknings.
- Þess má geta að ýmis kostnaður er að auki greiddur af Alþingis svo sem símareikningur og almennur kostnaður við rekstur skrifstofu.

### Dæmi um laun og starfskjör á þingi

**Steingrímur J. Sigfússon**



Laun forseta Alþingis
**1.826.273 kr.**
Fastur starfskostnaður
**40.000 kr.**
Samtals skattskyldar tekjur
**1.866.273 kr.**
Húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðsla
**134.041 kr.**
Samtals skattfrjálsar greiðslur
**134.041 kr.**

**Ásmundur Friðriksson**



Þingfararkaup
**1.101.194 kr.**
Álag á laun v. annarra embætta
**55.060 kr.**
Fastur starfskostnaður
**40.000 kr.**
Samtals skattskyldar tekjur
**1.196.254 kr.**

**Skattfrjálsar greiðslur:**
Húsnæðis- og dvalarkostnaður v. heimanaksturs
**44.680 kr.**
Fastur starfskostnaður í kjördæmi
**30.000 kr.**
Akstursgreiðslur að meðaltali á mánuði árið 2017
**385.000 kr.**
Samtals skattfrjálsar greiðslur á mánuði
**459.680 kr.**

**Logi Einarsson**



Þingfararkaup
**1.101.194 kr.**
Álag fyrir formann flokks sem ekki er ráðherra
**550.597 kr.**
Fastur starfskostnaður
**40.000 kr.**
Samtals skattskyldar tekjur
**1.651.791 kr.**

**Skattfrjálsar greiðslur:**
Húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðsla
**134.041 kr.**
Álag á húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðslu
**53.616 kr.**
Fastur ferðakostnaður í kjördæmi
**30.000 kr.**

**Lilja Rafney Magnúsdóttir / Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir**





Þingfararkaup
**1.101.194 kr.**
Álag vegna formennsku nefndar/þingflokks
**165.179 kr.**
Fastur starfskostnaður
**40.000 kr.**
Samtals skattskyldar tekjur
**1.306.373 kr.**

**Skattfrjálsar greiðslur:**
Húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðsla
**134.041 kr.**
Álag á húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðslu
**53.616 kr.**
Fastur ferðakostnaður í kjördæmi
**30.000 kr.**
Samtals skattfrjálsar greiðslur ofan á laun
**217.657 kr.**

**Kristján Þór Júlíusson**



Ráðherralaun
**1.826.273 kr.**
Fastur starfskostnaður (skattskyldur)
**40.000 kr.**
Samtals skattskyldar tekjur
**1.866.273 kr.**

**Skattfrjálsar greiðslur:**
Húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðsla
**134.041 kr.**
Álag á húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðslu
**53.616 kr.**
Fastur ferðakostnaður í kjördæmi
**30.000 kr.**
Samtals skattfrjálsar greiðslur ofan á laun
**217.657 kr.**

### Álag er greitt eftir völdum á Alþingi

| | |
|---|---|
| Forsætisráðherra | 2.021.825 kr. |
| Aðrir ráðherrar | 1.826.273 kr. |
| Forseti Alþingis | 1.826.273 kr. |
| Sex varaforsetar Alþingis | 1.266.374 kr. |
| Fimm formenn flokka | 1.651.791 kr. |
| Átta formenn nefnda | 1.266.374 kr. |
| Átta formenn þingflokka | 1.266.374 kr. |
| Átta 1. varaformenn nefnda | 1.211.313 kr. |
| Átta 2. varaformenn nefnda | 1.156.254 kr. |
| Þingfarakaup án álags | 1.101.194 kr. |


Hefur þú prófað Nicorette
Cooldrops
munnsogstöflurnar?
Draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum




Nikótínlyf
Fæst án lyfseðils

Tvöfalt mintulag, þ.e. bæði í töfluhúð og í töflukjarna

Hentar þeim sem vilja reykja minna eða hætta reykingum alveg
- 2 mg hentar þeim sem reykja færri en 20 sígarettur á dag
- 4 mg hentar þeim sem reykja fleiri en 20 sígarettur á dag

nicorette
gerðu eitthvað magnað

**Nicorette® Cooldrops munnsogstöflur** (innihalda nikótín) eru notaðar við tóbaksfíkn. Þær draga úr fráhvarfseinkennum vegna nikótíns og reykingaþörf hjá reykingafólki 18 ára og eldra. Munnsogstafla er látin leysast upp í munni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

IS/NIC/L/K -2018-02-2



Richard Yu, forstjóri Huawei. NORDICPHOTOS/AFP

## Segir Bandaríkin óttast samkeppni

**TÆKNI** Bandarískir stjórnmálamenn og leyniþjónustustofnanir hafa undanfarið horft grunsemdaraugum til kínverska snjallsímarisans Huawei og sagt fyrirtækið njósna um eigendur símanna fyrir kínversk yfirvöld. Meðal annarra hafa forstöðumenn leyniþjónustunnar CIA, alríkislögreglunnar FBI og þjóðaröryggisstofnunarinnar NSA varað við þessu.

„Þeir eru að reyna að gera þetta pólitískt og vilja halda okkur úti af því við erum of sterk samkeppni. Þeir hafa áhyggjur af okkur, við erum of sterk,“ sagði Richard Yu, forstjóri Huawei, við BBC í gær.

Yu sagði af og frá að Huawei hefði nokkur sérstök tengsl við kínverska ríkið eða kínverska leyniþjónustu. Fyrirtækið væri einkarekið og viðvörun Bandaríkjamannanna væri einungis pólitísks eðlis.

Þá sagði Yu enn fremur að fyrirtækið stækkaði á hverju ári. Innan fimm ára yrði það ráðandi afl á heimsmarkaði og myndi brjóta sér leið inn á Bandaríkjamarkað. „Við gætum vel orðið stærst í heiminum, við erum ekki svo langt frá því,“ sagði Yu en í fyrra var markaðshlutdeild Huawei tíu prósent á heimsmarkaði samanborið við 23 prósenta hlutdeild Samsung og 15 prósent Apple. – **þea**



Angela Merkel, kanslari Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Merkel gagnrýnir matargjafir gegn framvísun passa

**ÞÝSKALAND** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, bættist í gær í hóp gagnrýnenda þýsku góðgerðarsamtakanna Essener Tafel. Samtökin hafa sætt gagnrýni undanfarið fyrir að setja það skilyrði við matargjöfum að viðkomandi framvísi þýsku vegabréfi. Mikil reiði hefur ríkt vegna ákvörðunarinnar og hafa hinir ósáttustu, sem telja flóttamönnum og öðrum innflytjendum mismunað með ákvörðuninni, meðal annars krotað „nasistar“ á bíla samtakanna.

„Það ætti ekki að skilyrða hjálparstarfsemi sem þessa. Það er ekki gott. En þetta sýnir vissulega hversu mikil þörfin er, hversu margir eru í sárri þörf. Þess vegna vona ég að samtökin finni góða lausn á vandanum sem útilokar engan,“ sagði Merkel en samtökin sögðu ákvörðunina tekna því hlutfall útlendinga sem sótti um matargjafir hefur tvöfaldast á skömmum tíma.

Stjórnarandstöðu- og þjóðernishyggjuflokkurinn AfD tók illa í gagnrýnisraddir. Í yfirlýsingu sem flokkurinn birti, með fyrirsögninni „Saurstormur hjá Essener Tafel“, sagði: „Hver sá sem gagnrýnir eða bendir á hið augljósa er samstundis kallaður nasisti. Slíkar ásakanir eru gjörsamlega fáránlegar og smekklausar.“ – **þea**

# Tæknigúrú verði framboðsstjóri Trumps



**BANDARÍKIN** Brad Parscale, sem sá um stafræna kosningabaráttu Donalds Trump í forsetakosningunum árið 2016, verður kosningastjóri Trumps forseta þegar hann sækist eftir endurkjöri árið 2020. Frá þessu greindu fjölmargir bandarískir miðlar og höfðu eftir heimildarmönnum sínum.

Matt Drudge, íhaldssamur blaðamaður sem heldur utan um Drudge Report, greindi fyrst frá því að Trump hygðist sækjast eftir endurkjöri. Áður hafði hann sagt fylgjendum sínum á Twitter að von væri á óvæntum tíðindum innan úr herbúðum forseta. Tíðindin eru þó langt í frá óvænt enda hefur Sarah Sanders, blaðafulltrúi Trumps, ítrekað talað um að Trump verði forseti á næsta kjörtímabili.



Brad Parscale

Samkvæmt CNN stækkaði hlutverk Parscale í kosningabaráttunni 2016 með hverjum deginum. Fékk hann til dæmis á sína könnu að stýra birtingum á auglýsingum í sjónvarpi auk hinnar stafrænu kosningabaráttu.

Í skoðanakönnunum segjast um 55 prósent að meðaltali óánægð með störf Trumps en 41 prósent ánægt. Sé horft til skoðanakannana þar sem aðspurðir þurfa að gera upp á milli Trumps og tiltekins Demókrata mælist Trump oftar en ekki með minna fylgi. – **þea**



# Húseigendur á móti íbúðum í Skeifunni

**Reykjavíkurborg kynnir nú breytingar á skipulagi Skeifunnar sem fela í sér að íbúðir verði í blandaðri byggð í hverfinu. Fasteignaeigendur segja forsendur ekki ljósar og spyrja hvers vegna ekki sé frekar reynt að nýta sérstöðu Skeifunnar sem verslunar- og þjónustusvæðis.**



Umræða hófst um framtíðarskipulag Skeifunnar eftir stórbruna sem þar varð að kvöldi dags 6. júlí árið 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Megingönguás um Skeifuna á að liggja milli húsa númer 5 og 7 og ná út að Suðurlandsbraut þar sem biðstöð Borgarlínu verður. MYND/ KANON ARKITEKTAR

**SKIPULAGSMÁL** „Veigamikil grundvallaratriði í tillögunni eru algerlega órökstudd og forsendur ekki ljósar,“ segja eigendur yfir helmings húsnæðis í Skeifunni í sameiginlegu bréfi vegna tillagna um breytingar á skipulagi hverfisins.

Samkvæmt tillögu að rammaskipulagi sem Kanon Arkitektar hafa unnið fyrir Reykjavíkurborg á að rísa á grunni núverandi byggðar í Skeifunni „virkur miðkjarni í borginni, blönduð borgarbyggð með sjálfbærni að leiðarljósi“, eins og segir um meginmarkmiðin. Í stað dreifðrar byggðar verði „til fjölbreytt, hagkvæm og sveigjanleg byggð, þróuð og unnin í samráði við hagsmunaaðila á svæðinu“.

Þá segir að hugmyndin sé „að Skeifan þróist hægum, öruggum skrefum í átt að heildstæðu borgarhverfi, samblandi íbúða, atvinnu og þjónustu“ sem verði í góðum tengslum við nærliggjandi hverfi. „Ásýnd Skeifunnar og starfsemi mun smám saman verða fjölbreyttari og höfða betur til borgarbúa.“

Fyrrnefndir fasteignaeigendur segja að í gagnrýni þeirra vegi þyngst að ekki sé með neinum hætti farið yfir skipulagsforsendurnar með hliðsjón af efnahagslegum forsendum þess umbreytingarferlis sem Reykjavíkurborg sjái fyrir sér að þarna verði.

„Það er mikið hagsmunamál fyrir eigendur og rekstraraðila að slík þróun verði ekki tilviljanakennd enda getur ómarkvisst skipulag og uppbygging eyðilagt svæðið í nútíð og framtíð og þau verðmæti og rekstur sem þar er í dag,“ segja húseigendurnir. „Af þessum sökum er mjög erfitt að leggja mat á hvort tillagan sé raunhæf og hvaða áhrif hún hefur til lengri og skemmri tíma.“

Húseigendurnir varpa fram nokkrum spurningum sem þeir segja dæmi um mikilvæg atriði sem

> **Það er mikið hagsmunamál fyrir eigendur og rekstraraðila að slík þróun verði ekki tilviljanakennd enda getur ómarkvisst skipulag og uppbygging eyðilagt svæðið í nútíð og framtíð.**
>
> Fasteignaeigendur í Skeifunni

svara þurfi. Benda þeir meðal annars á sérstöðu Skeifunnar sem 20 hektara svæðis sem afmarkað sé af mjög fjölförnum umferðargötum og steinsnar frá skurðpunkti meginarma höfuðborgarsvæðisins.

„Hvers vegna ætti ekki að nýta þessa sérstöðu og leggja áherslu á aðgengilega verslun og þjónustu sem skírskotar til höfuðborgarsvæðisins alls, auk mögulega skrifstofurýmis?“ spyrja eigendur í Skeifunni sem undirstrika þó að þeir séu ekki andsnúnir nýju skipulagi. Það þurfi hins vegar að „byggja á ítarlegri skoðun á eðli núverandi starfsemi og rekstrar á svæðinu og þeim hagrænu þáttum sem munu, óháð skipulagslegri sýn, hafa áhrif á uppbygginguna og rekstur“.

gar@frettabladid.is


## Flutningur læknastofu

Læknastofa mín að Melhaga hefur flutt í Domus Medica, Egilsgötu 3, 101 R. Sími 563 1000.

***Árni Tómas Ragnarsson læknir***
***Sérgrein: Gigtlækningar***



EFLING STÉTTARFÉLAG

## Stjórnarkosningar
## The Union Board Elections
## Wybory do zarządu

**Stjórnarkosningar í Eflingu-stéttarfélagi** fara fram **mánudaginn 5.** og **þriðjudaginn 6.** mars 2018 á neðangreindum stöðum og tímum.

The union board elections for Efling workers' union is on **Monday** the 5th and **Tuesday the 6th** of March 2018 at the listed locations below. Time and places of the election polls are located at four different locations:

Wybory do zarządu związków zawodowych Efling odbędą się w **poniedziałek 5** i **wtorek 6** marca 2018 w niżej podanych lokalach wyborczych i czasie:

**Kjörstaðir og tími – Election Polls and time – Lokale wyborcze oraz czas**

| | **Mánud. 5. mars** | **Þriðjud. 6. mars** |
|---|---|---|
| Skrifstofa Eflingar í Reykjavík<br>Guðrúnartún 1, 4. hæð | kl. 09:00–20:00 | kl. 09:00–20:00 |
| Skrifstofa Eflingar í Hveragerði<br>Austurmörk 2, 2. hæð | kl. 10:00–18:00 | kl. 10:00–18:00 |
| Kiwanishúsið Þorlákshöfn<br>við Óseyrarbraut | kl. 10:00–18:00 | Lokað |

**Utankjörfundaratkvæðagreiðsla stendur yfir** á skrifstofu Eflingar í Reykjavík til 6. mars .
**The absentee ballot starts** on the 20th of February at the office of Efling in Reykjavík.
**Wybory poza stałymi okręgami** wyborczymi rozpoczną się z dniem 20 lutego w biurze związków zawodowych Efling w Reykjaviku.

Kosningarétt hafa allir fullgildir félagsmenn. Kjörskrá liggur frammi á skrifstofum Eflingar í Reykjavík og Hveragerði frá 26. febrúar. Frestur til þess að kæra sig inn á kjörskrá er til loka kjörfundar. Nýir félagsmenn sem greitt hafa iðgjöld til félagsins síðustu þrjá mánuði geta gengið í félagið sem fullgildir félagsmenn allt til loka kjörfundar.
A list of the union members will be provided at the offices of Efling in Reykjavík and in Hveragerði from the 26th of Februar 2018.

All recent union members who have paid union fees for the last three months before election day have the right to vote. Deadline for appealing to have your name accepted into the election registry is until the end of the election day.

Prawo do głosowania mają wszyscy prawni członkowie związków zawodowych.
Listy z nazwiskami osób uprawnionych do głosowania wyłożone zostaną do wglądu od dnia 26 lutego w biurze Eflingu w Reykjaviku oraz Hveragerði.
Termin zapisów na listę upływa z dniem zakończenia wyborów.
Nowi członkowie związków zawodowych Efling, którzy wpłacali składki na związki przez ostatnie trzy miesiące mogą zarejestrować się na listę jako prawni członkowie do dnia zakończenia wyborów.

**Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags** – Electoral commission of Efling Workers' Union
– Komisja wyborcza do związków zawodowych Efling




Meðal nýmæla í frumvarpsdrögunum er skýrari rammi um hjólreiðar og hvernig hjólreiðamönnum beri að haga sér í umferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sveitarfélögum heimilt að taka gjald fyrir nagladekk

**SAMGÖNGUR** Heimilt verður að ákveða hraðamörk allt að 110 km/klst. ef akstursstefnur eru aðgreindar samkvæmt drögum að nýju frumvarpi til umferðarlaga. Í athugasemdum með greininni segir að fyrst og fremst sé þar litið til svokallaðra 2x1 eða 2x2 vega líkt og þekkist á hluta Hellisheiðar og á Reykjanesbrautinni.

Frumvarpsdrögin voru lögð fram til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda í gær. Meðal nýmæla í drögunum er skýrari rammi um hjólreiðar, sérstakar akreinar fyrir hjólreiðamenn og hvernig þeim beri að haga sér í umferðinni.

Þá er lagt til blátt bann við hvers kyns notkun farsíma, snjalltækja eða annarra raftækja sem gætu truflað akstur. Áður var aðeins bannað að tala í farsíma. Ákvæðið kemur einnig til með að gilda um reiðhjól. Notkun verður áfram heimil með hjálp handfrjáls búnaðar.

Verði drögin óbreytt að lögum verður sveitarfélögum heimilt að leggja á sérstakt gjald, allt að 20 þúsund krónur, á bifreiðar sem aka á nagladekkjum innan marka þess. Lagt er til að ökumenn sem aka inn á slíkt svæði geti keypt leyfi fyrir einstakt skipti. Þá verður heimild fyrir sveitarfélög til að loka götum ef svifryksmengun mælist yfir mörkum.

Að auki er lagt til að gjald fyrir einkanúmer hækki úr 25 þúsundum í 50 þúsund og, að unglingur sem ekki hefur hlotið ökuleyfi geti verið tímabundið sviptur réttindum til að öðlast slíkt leyfi. Þá er lagt til að komi í ljós við læknisskoðun eitthvað sem getur skert ökuhæfni verði lækni gert að tilkynna það til Samgöngustofu.

Þá er lagt til að mælist ökutæki á of miklum hraða í hraðamyndavél en hraðinn sé það lítill að ekki fáist punktur í ökuferilskrá, skuli eigandi þess borga sektina en ekki ökumaðurinn.

Hægt verður að gera athugasemdir við drögin á samráðsvefnum til 16. mars næstkomandi. **– jóe**

# Árásirnar hættu ekki

**Fyrsta daglega pásan á átökunum í Austur-Ghouta gagnaðist engum. Rússar segja engan hafa flúið. Assad-liðar og uppreisnarmenn benda hvorir á aðra.**



Reykur steig upp frá Austur-Ghouta í átakapásu gærdagsins. NORDICPHOTOS/AFP

**SÝRLAND** Sprengjur féllu enn í Austur-Ghouta, nærri Damaskus í Sýrlandi, þrátt fyrir að hlé hafi átt að gera á árásum stjórnarhersins frá klukkan 9 til 14 í gær. Rússlandsforseti fyrirskipaði á mánudag daglegar pásur til þess að almennir borgarar gætu yfirgefið svæðið og hjálparsamtök sinnt særðum og þurfandi. Á sjötta hundrað hafa farist í árásum fylgismanna Bashars al-Assad Sýrlandsforseta á Austur-Ghouta undanfarna rúma viku.

Þrátt fyrir pásuna komust engin hjálparsamtök á svæðið og segja Rússar jafnframt að engir almennir borgarar hafi flúið. Jens Laerke, talsmaður samhæfingarskrifstofu mannúðarstarfs hjá SÞ, sagði við blaðamenn í Genf í gær að SÞ hefðu heyrt af því að árásir hafi haldið áfram í pásunni. „Ástandið er greinilega þannig að ekki er hægt að senda hjálp og fólk getur ekki flúið,“ sagði Laerke.

Bresku eftirlitssamtökin Syrian Observatory for Human Rights greindu frá því í gær að Assad-liðar hefðu haldið áfram loftárásum sínum í fimm klukkustunda pásunni og meðal annars fellt barn og sært sjö í árás á bæinn Jisrin. Því hafnaði stjórnarherinn.

Sýrlenski stjórnarmiðillinn Sana greindi aftur á móti frá því að uppreisnarmenn hefðu varpað sprengjum og skotið á fyrirfram ákveðna flóttaleið almennra borgara. Þeir hefðu í þokkabót notað almenna borgara til að skýla sér. Því höfnuðu uppreisnarfylkingarnar tvær sem berjast við stjórnarherinn í Austur-Ghouta.

The New York Times greindi frá því í gær að sérfræðingar hjá Sameinuðu þjóðunum væru fullvissir um að efnavopnaframleiðsla stjórnarhersins færi fram með aðkomu Norður-Kóreumanna. Til dæmis sæju Norður-Kóreumenn Assad-liðum fyrir verkfærum til efnavopnagerðar. Þessi viðskipti leiddu til þess að Assad-liðar fengju aðstoð við framleiðsluna og gætu haldið henni áfram og jafnframt til þess að yfirvöld í Norður-Kóreu fengju fjármagn til að styðja við kjarnorkuvopnaáætlun sína.

Að minnsta kosti fjörutíu sendingar bárust frá Norður-Kóreu til Sýrlands á árunum 2012 til 2017, að því er kemur fram í The New York Times.

Stjórnarherinn hefur oftsinnis beitt efnavopnum í árásum sínum. Rannsakendur hafa staðfest notkun klórgass. Þá benda gögn til þess að stjórnarherinn hafi drepið áttatíu almenna borgara með saríngasi í bænum Khan Sheikhoun í apríl í fyrra. **thorgnyr@frettabladid.is**

LED lausnir frá Ghisamestieri
the green way of light
Lýsing við göngustíga og á bílastæði
Ráðgjöf og nánari upplýsingar má fá hjá sölumönnum.



Ítölsk hönnun
Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
sala@olafsson.is
Jóhann Ólafsson & Co

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

Frambjóðendur til stjórnar VR kynna sig

Frambjóðendur til stjórnar VR kjörtímabilið 2018-2020 kynna sig og áherslur sínar á félagsfundi VR á **Nauthól, Nauthólsvegi 106 mánudaginn 5. mars kl. 19:30**. 27 aðilar bjóða sig fram til sjö sæta í stjórn.

**Allir VR félagar velkomnir.**
Félagsmenn sem komast ekki en vilja fylgjast með geta horft á kynningarnar á Mínum síðum.



VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | VR.IS
VR

## Kraftaverk



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Til hamingju, Edduverðlaunahafar. Vel gert og takk fyrir ykkar framlag því það er gaman að horfa á góða bíómynd eða sjónvarpsefni. Sitja með fjölskyldunni heima í sófa eða í myrkvuðum salnum og láta segja sér góða sögu. Sögur og ævintýri frá fjarlægum löndum jafnt sem úr okkar grámyglulega hversdagsleika. Sögur sem skipta máli vegna þess að þær fá okkur til að hlæja og gráta og hugsa um það sem skiptir máli og gefur lífinu gildi. Þegar vel tekst til við listaverk á borð við góða kvikmynd getur hún jafnvel gert okkur að betri manneskjum. Slíkt er auðvitað dálítið kraftaverk sem er ekki annað hægt en að vera þakklátur fyrir.

Slík kraftaverk eru hvorki sjálfsprottin né þrautalaus enda koma fjölmargir að því að búa til kvikmynd. Koma að því að segja sögu í þessum skemmtilega miðli og í þessu er allt það besta í íslenska kvikmyndavorinu fólgið: Hæfileikum, fagmennsku og góðri sögu. Sagan sem býr í handritinu er kjarninn sem unnið er út frá og snilld leikstjórans er oft fólgin í að raða saman rétta fólkinu til þess að segja þessa sögu.

Það er því full ástæða til þess að taka undir kröfu Margrétar Örnólfsdóttur, formanns Félags leikskálda og handritshöfunda (FLH), um að fulltrúi félagsins fái sæti í Kvikmyndaráði. Tilefnið er frumvarpsdrög að breytingum á kvikmyndalögum en ráðið hefur það hlutverk að veita stjórnvöldum ráðgjöf og gera tillögur um stefnu og markmið á sviði kvikmyndalistar. Handritshöfundar leggja einnig til að setutímabil ráðgjafa Kvikmyndamiðstöðvar Íslands verði stytt en dæmi eru um að þeir hafi setið í meira en áratug, eins og reyndar Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður miðstöðvarinnar.

Þó að reynsla geti verið af hinu góða þá er þarna augljós hætta á einsleitni, ekki síst sökum þess hversu margir eru um lítið í þessum geira, og því bráðnauðsynlegt að gera bragarbót á sem allra fyrst. Einsleitni í íslenskri kvikmyndagerð hefur í gegnum tíðina ekki síst birst í gríðarlegri kynjamismunun, þar sem konur hafa einungis leikstýrt 6% af íslenskum kvikmyndum frá árinu 2010 en eru þó ríflega helmingur þjóðarinnar. Á tíunda áratugnum var hlutfallið 21% þannig að svo virðist sem við stöndum frammi fyrir einhvers konar öfugþróun í þessum efnum.

**Slík kraftaverk eru hvorki sjálfsprottin né þrautalaus enda koma fjölmargir að því að búa til kvikmynd.**

Laufey var í viðtali í þættinum Morgunvaktinni fyrir skömmu og setti fram ágætar hugmyndir um markvissa aðgerðaáætlun til þess að bæta hlut kvenna í kvikmyndum. En það er öllu verra að hún skyldi staðhæfa að færri vilji sjá kvikmyndir eftir konur og að það sé erfiðara að markaðssetja verk þeirra. Hlutur kvenna í íslenskri kvikmyndagerð hefur reyndar verið svo rýr svo lengi að það er vart hægt að fullyrða slíkt og svo eru auðvitað til dæmi um hið gagnstæða. Að auki þá er ekki endilega vænlegt fyrir Kvikmyndamiðstöð Íslands að eltast við vinsældir því listræn gæði og góðar sögur eru það sem á eftir að fleyta íslenskri kvikmyndagerð fram á við þegar konur fá að búa til lítil kraftaverk til jafns við karla.


# VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN

900 útfærslur, engin stærðartakmörk
og 3.000 tegundir af áklæðum


Basel


Roma

Tungusófar • Sófasett • Stakir sófar • Hornsófar

Kíktu í heimsókn!
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is


### Halldór




## Frá degi til dags

**Reynir að loka prófkjörsgati**

**Hrannar B. Arnarsson, fyrrverandi aðstoðarmaður Jóhönnu Sigurðardóttur í hennar forsætisráðherratíð, er sigurreifur fyrir hönd eiginkonu sinnar, Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, sem komst örugg í 2. sætið í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrr í mánuðinum. Sigrar í pólitík eru þó ekki ókeypis. Hrannari telst til að baráttan hafi kostað Heiðu á bilinu 500-600 þúsund krónur. Hann hefur brugðið á það ráð að senda völdum fyrirtækjum beiðni um fjárstyrk til þess að „loka þessu gati“. Hugsanleg framlög kallar hann „prófkjörsstyrk“ og biður um 10-50 þúsund krónur, væntanlega minnugur þess að margt smátt gerir eitt stórt.**

**Taktleysi kjararáðs er víða**

**Lítil ánægja, svo ekki sé fastar að orði kveðið, er með 45% launahækkanir stjórnarmanna og forstjóra Landsvirkjunar. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði í gær að hækkanirnar væru úr takti við kjaramál í samfélaginu. Athygli vekur að stjórnarformaður Landsvirkjunar er lögmaðurinn Jónas Þór Guðmundsson sem er einnig formaður kjararáðs. Kjararáð hefur á liðnum misserum varpað nokkrum bombum út í samfélagið með hressilegum launahækkunum opinberra starfsmanna. Hækkunum sem hafa meðal annars komið sér vel fyrir Bjarna og kollega hans á þingi.** thorarinn@frettabladid.is

## Intersex og umskurður



Hanna Katrín Friðriksson
þingflokksformaður Viðreisnar

Umræðan tekur stundum á sig áhugaverðar myndir.

Ég sat á dögunum málþing um réttindi og líkamlega friðhelgi intersex fólks, þar með talið barna. Í gegnum tíðina hefur intersex fólk, fólk sem fæðist með ódæmigerð líffræðileg kyneinkenni, verið látið sæta róttækum og oft óafturkræfum inngripum s.s. skurðaðgerðum og hormónameðferðum til að laga kyneinkenni þeirra að væntingum um dæmigert útlit og form. Oft eru inngripin framkvæmd á ungbörnum sem geta ekki tekið þátt í ákvörðuninni, þrátt fyrir að bið myndi ekki stefna líkamlegri heilsu þeirra í hættu, en inngripið gæti sannarlega falið í sér alvarlegar líkamlegar og andlegar afleiðingar.

Á síðustu árum hefur þó orðið mikill viðsnúningur hér á landi samhliða vitundarvakningu á erlendri grund. Malta varð árið 2015 fyrst ríkja til að lögfesta líkamlega friðhelgi intersex fólks, þ.m.t. barna, og sambærileg vinna er hafin víðar í Evrópu, m.a. á Íslandi. Það eru góðu fréttirnar.

Markmiðið er að það verði – loksins – skýrt kveðið á í lögum að læknisfræðileg inngrip á intersex börnum verði bönnuð nema um nauðsynlegar aðgerðir sé að ræða sem ekki er hægt að forðast eða fresta þar til einstaklingur getur tekið upplýsta ákvörðun um slíkt.

En aftur að samfélagsumræðunni og skrítnum birtingarmyndum. Það er ekki ofsögum sagt að fjölmiðlar og samfélagsmiðlar hafi verið uppfullir síðustu daga af umfjöllun um læknisfræðilega ónauðsynleg, óafturkræf inngrip í líkama barna með oft verulega neikvæðum afleiðingum. En réttindi og velferð intersex barna voru þar ekki í forgrunni, heldur nýlegt frumvarp sem er til umræðu á Alþingi og varðar bann við umskurði drengja að viðlögðum fangelsisdómi til allt að sex ára.

**Er til of mikils ætlast að fara fram á sama áhuga og umhyggju fyrir velferð intersex barna?**

Frumvarpið er mjög umdeilt eins og flestir hafa líklega orðið varir við. En yfirlýstir stuðningsmenn eru líka fjölmargir, m.a. úr röðum lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.

Er til of mikils ætlast að fara fram á sama áhuga og umhyggju fyrir velferð intersex barna? Við þurfum að festa vernd þessa hóps í lög sem fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Fimbulfamb Fréttablaðsritstjórans



**Einar K. Guðfinnsson**
formaður stjórnar Landssambands fiskeldisstöðva

Kristín Þorsteinsdóttir, ritstjóri Fréttablaðsins, skrifar ótrúlega yfirborðskenndan leiðara í makalausum sleggjudómastíl í blað sitt 22. febrúar og leggur með þeim hætti orð í belg um fiskeldi á Íslandi. Í skrifum hennar er persóna mín gerð að umtalsefni en nákvæmninni ekki fyrir að fara; ég er kallaður framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva þó hið rétta sé að ég er formaður stjórnar þeirra ágætu samtaka. Þetta er ekki aðalatriði í sjálfu sér, en er hins vegar lýsandi fyrir þá ónákvæmni sem einkennir téðan leiðara. Og þegar undirstaðan er byggð á sandi, eins og leiðari ritstjórans, þá hrynur röksemdafærslan. Það eru örlög skrifanna í Fréttablaðinu að þessu sinni.

**Ályktanir dregnar af röngum forsendum**

Ritstjórinn gerir að umtalsefni atvik þegar kví í Tálknafirði í eigu fiskeldisfyrirtækisins Arnarlax skemmdist. Þrátt fyrir að fréttir hafi verið sagðar af þessu, megnar ritstjórinn ekki einu sinni að fara rétt með lýsingu á atburðinum. Innri flothringur kvíarinnar brotnaði, hún sökk ekki, eins og ritstjórinn heldur fram, staðið var að tilkynningu um atvikið skv. reglum og engin hætta var á að fiskur slyppi, en út af því er þó lagt í leiðaranum. Og þegar ályktanir eru dregnar af röngum forsendum – eins og ritstjórinn gerir ótæpilega – er ekki við góðu að búast.

**Fráleit samlíking**

Ritstjórinn reynir að búa til samlíkingu laxeldis við það ef fluttar yrðu til landsins norskar kindur!! – Þetta er auðvitað fráleit samlíking og getur varla hafa verið ætluð til annars, en að vera einhvers konar málfundaæfing. Hér er verið að bera saman ósamanburðarhæfa hluti, sem blasir við hverjum manni sem kynnir sér málin.

**„Látum þá neita því“**

Fullyrt er í leiðaranum að ég hafi engar áhyggjur af verndun laxastofnsins og íslenskri náttúru. Bull er þetta; innihaldslaus staðleysa, sem er ekki í nokkru einasta samhengi við sannleikann. Þetta er ómerkilegur málflutningur í anda alræmds bragðs; „látum þá neita því – let them deny it“. Dapurlegt er auðvitað að ritstjórinn skipi sér í þá sveit. Vildi hún ganga veg sannleikans, gæti hún auðveldlega séð að ég hef ætíð mælt fyrir varúðarsjónarmiðum og sagt að stærsta áskorunin í fiskeldi hér á landi sé einmitt sú að stunda þennan mikilvæga atvinnurekstur af fullri virðingu við náttúru landsins, þar með talið íslensku laxastofnana.



**Fiskeldismenn hafa hvatt til þess að eftirlit með fiskeldi verði gott og skilvirkt. Hefur þetta sjónarmið komið rækilega fram í málflutningi okkar.**

**Fiskeldi á grundvelli varúðarsjónarmiða**

Fiskeldi á Íslandi er á grundvelli varúðarsjónarmiða. Allt frá árinu 2004 hefur stórum hluta strandlengjunnar verið lokað fyrir sjókvíaeldi á laxi, en á þeim svæðum eru helstu laxveiðiár landsins. Þetta er gagnstætt því sem gerist til að mynda í Noregi og Skotlandi, þar sem eldið er mjög þétt og oft nálægt árósum, eins og fræðimenn við Hafrannsóknastofnun hafa bent á. Því eru aðstæður hér og í þessum tilgreindu löndum ekki samanburðarhæfar.

Á síðustu árum hefur orðið mikil þróun í öllum búnaði er lýtur að fiskeldi og hefur það valdið því að slysasleppingar á laxi, t.a.m. í Noregi, eru brot af því sem áður var, eins og opinber gögn sýna. Hér á landi er stuðst við besta fáanlega búnað, sem hefur reynst vel og skilað miklum árangri.

**Fiskeldi byggt á vísindalegum grundvelli**

En kjarni málsins er þó sá að fiskeldi hér á landi er byggt á vísindalegum grundvelli. Um þetta sammæltust fulltrúar veiðiréttareigenda og fiskeldismanna, umhverfisráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis í stefnumótunarnefnd sem lauk störfum á síðasta hausti. Þar er meðal annars lagt til að fiskeldi á Íslandi verði byggt á áhættumati og atvinnugreinin geti þannig starfað í góðri sátt við íslenska náttúru, þar með talið villtu laxastofnana.

Hafrannsóknastofnunin hefur sett fram áhættumat sem byggir á líkani og er markmiðið, eins og segir í skýrslu stofnunarinnar, „að hámarka atvinnu og samfélagsleg áhrif laxeldis án neikvæðra áhrifa á lax- og silungsveiði í landinu“. Undir þetta taka fiskeldismenn. Stefna stjórnvalda er líka skýr um uppbygginguna fiskeldis sem vistvænnar atvinnugreinar á vísindalegum grundvelli. Varfærið burðarþolsmat og áhættumat sem Hafrannsóknastofnun framkvæmir eru hornsteinar þeirrar stefnu.

**Staðbundin áhrif af erfðablöndun**

Áhættumat Hafrannsóknastofnunarinnar leiðir í ljós að áhættan af erfðablöndun er staðbundin, vegna þess fyrirkomulags sem við höfum á fiskeldi hér við land og áður hefur verið lýst. Er þessi áhætta bundin við fjórar ár, á Vestfjörðum og Austfjörðum. Áhættumatið gengur út frá því að fiskeldi sé stundað þannig að það komi í veg fyrir áhættuna, þ.m.t. í þessum tilgreindu ám.

**Fiskeldi er unnt að stunda í góðri sátt við náttúruna**

Af þessu má ráða að vel er unnt að stunda fiskeldi í góðri sátt við náttúruna. Fiskeldismenn hafa hvatt til þess að eftirlit með fiskeldi verði gott og skilvirkt. Hefur þetta sjónarmið komið rækilega fram í málflutningi okkar. Ef ritstjóri Fréttablaðsins hefði ómakað sig til að kynna sér það og staulað sig í gegn um stefnumótunarskýrslu þá sem við stóðum m.a. að ásamt fulltrúum veiðiréttareigenda og ráðuneyta, eða lesið gögn Hafrannsóknastofnunar, hefði hún getað sparað sér fimbulfambið í leiðara sínum. En það er ekki of seint fyrir ritstjórann að bæta úr því. Betra er seint en aldrei.



## Sautján ára fulltrúi Íslands á Ólympíuleikunum í Suður-Kóreu



Hilmar Snær Örvarsson, hér fyrir miðju, ásamt þjálfarateymi sínu þegar það var tilkynnt að hann færi fyrir hönd Íslands á Vetrarólympíuleika fatlaðra. Hilmar er yngsti keppandinn sem Ísland hefur sent og kemur til með að keppa í svigi og stórsvigi. MYND/ÍÞRÓTTASAMBAND FATLAÐRA

# Með lakasta liðið á pappírnum

**Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu hefur leik á Algarve-mótinu í dag en Ísland er í geysisterkum riðli. Fyrir vikið segist Freyr frekar vera að horfa á spilamennskuna og framfarir hjá liði sínu heldur en úrslitin.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið hefur leik á Algarve-mótinu í dag þegar það mætir Danmörku. Er þetta tólfta árið í röð sem landsliðið tekur þátt í þessu sterka æfingamóti en besti árangurinn er 2. sætið árið 2011.



Freyr Alexandersson.

### Erfiður riðill

Ísland er í erfiðum riðli með ríkjandi Evrópumeisturum Hollands, silfurliði Danmerkur frá sama móti og heimsmeisturum ársins 2011, Japan, en þessi lið eru í 7., 9. og 12. sæti heimslistans. Fyrir vikið var Freyr Alexandersson hóflega bjartsýnn á að ná í úrslit á mótinu. „Fyrirfram erum við með langslakasta liðið en það gæti hentað okkur vel. Nokkrir leikmenn hjá okkur eru að mæta bestu leikmönnum sem þær hafa mætt sem er hollt og vonandi læra þær af því. Við erum ekkert að horfa endilega á einhver úrslit á þessu móti, við horfum fyrst og fremst á að bæta liðið og einstaklinga innan liðsins.“

### Sagan Íslandi ekki hliðholl

Verður þetta í tólfta skiptið sem kvennalandslið Íslands og Danmerkur mætast. Hefur Ísland unnið tvo leiki, báða á Algarve Cup og þann síðari fyrir tveimur árum en Danir hafa unnið átta leiki og er markatalan 20-9 Dönum í hag. „Ég býst við erfiðum leik, þær skiptu um þjálfara en undirstaðan í liðinu er sú sama. Við munum berjast gegn þeim en þær eru með tvo af bestu sóknarmönnum heims þannig að það verður gaman að sjá hvernig okkur tekst að loka á þær,“ sagði Freyr. **kristinnpall@frettabladid.is**

## Skrifaði undir til fjögurra ára

**FÓTBOLTI** Aron Sigurðarson skrifaði í gær undir fjögurra ára samning hjá Start í norska boltanum en hann gengur til liðs við Start frá Tromsö sem hann hefur leikið með frá árinu 2016. Átti Aron aðeins eitt ár eftir af samningi sínum hjá Tromsö og ákvað félagið því að selja hann í stað þess að missa hann frítt að ári liðnu. Hjá Start sem eru nýliðar í efstu deild eftir stutt stopp í 1. deild hittir hann fyrir þrjá Íslendinga en með liðinu leika þeir Kristján Flóki Finnbogason og Guðmundur Andri Tryggvason en Jóhannes Harðarson er aðstoðarþjálfari liðsins. **– kpt**



Pep Guardiola með gulu slaufuna.

## Ætlar ekki að taka niður slaufuna

**FÓTBOLTI** Pep Guardiola, knattspyrnustjóri Manchester City, segist ekki ætla að að taka niður gulu slaufuna þrátt fyrir að hafa verið kærður af enska knattspyrnusambandinu fyrir ólöglegan klæðaburð.

Enska knattspyrnusambandið tilkynnti á föstudaginn að Guardiola hefði verið kærður fyrir ólöglegan klæðaburð með því að bera gula slaufu til stuðnings sjálfstæðisbaráttu Katalóníu. Er leikmönnum og þjálfurum óheimilt að auglýsa pólitískar skoðanir sínar í kringum leiki.

Guardiola, sem er fæddur og uppalinn í Katalóníu, endurtók um helgina orð sín frá því í desember að hann myndi ekki taka niður slaufuna þótt hann hafi verið kærður fyrir hana og eigi yfir höfði sér bann eða sekt. Hann segir slaufuna þarna til stuðnings stjórnmálamönnum sem voru sendir í steininn fyrir aðild að sjálfstæðisbaráttu héraðsins sem sé mikilvægara en fjársektir. **– kpt**

FLOREALIS

Viðurkennt jurtalyf gegn vægum gigtarverkjum

Fullorðnir: 2 hylki tvisvar á dag. Ekki nota Harpatinum ef þú ert með ofnæmi fyrir jarðhnetum eða soja, eða ert með sár í maga eða þörmum. Ef þú hefur gallsteina eða liðverki samhliða bólgum, roða eða hita, skaltu hafa samband við lækni áður en þú notar Harpatinum. Leitaðu til læknis ef þú finnur fyrir aukaverkunum eða ef einkenni eru viðvarandi eða hafa versnað (2 vikur við vægum meltingartruflunum, 4 vikur við vægum gigtarverkjum). Hvorki ætlað börnum yngri en 18 ára né þunguðum konum eða konum með barn á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.




Fæst í öllum helstu apótekum án lyfseðils

florealis.is/harpatinum

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 28. febrúar 2018 — 8. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# „Markaðurinn hafði að lokum rétt fyrir sér“

Framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA segir réttlætingu Seðlabanka Íslands fyrir innflæðishöftunum heimatilbúna skýringu sem hafi ekki staðist. Mat markaðarins hafi reynst rétt. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis segir öll rök hníga að því að slaka eigi á höftunum. » 6-7



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



»2

## Skoða að ráðstafa bréfum í Kviku í arðgreiðslu til hluthafa

Stjórn VÍS skoðar að minnka hlut sinn verulega í Kviku með því að ráðstafa bréfum félagsins í arð til hluthafa. Þyrfti ekki að binda jafn mikið eigið fé. VÍS er stærsti hluthafi bankans með 23,6 prósenta hlut.

»4

## Ríkið myndi njóta góðs af virðisaukningu Valitors

Tryggt er í afkomuskiptasamningi stjórnvalda og Kaupþings að hann nái til virðis og mögulegrar virðisaukningar Valitors ef fyrirtækið verður aðgreint frá Arion. Virði eigin fjár Valitors metið á um 30,6 milljarða samkvæmt verðmati IFS.

»10

## Stöðugleikasjóður auki samkeppnishæfni

„Íslenskur þjóðarsjóður væri stöðugleikasjóður, þróunarsjóður sem fjárfesti í innviðum landsins, varasjóður sem fjárfesti hluta gjaldeyrisvaraforðans eða blanda af þessu þrennu,“ segir í grein Sigurðar Hannessonar, framkvæmdastjóra SI.






Mikill halli hefur verið á rekstri samtakanna síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Aðildarfélög lögðu SFS til 80 milljónir um áramót

Hópur aðildarfélaga Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi lagði samtökunum til ríflega 80 milljónir króna um síðustu áramót til þess að rétta af uppsafnaðan halla á rekstri samtakanna. Mikill halli hefur safnast upp á undanförnum árum og er fjárveitingu aðildarfélaganna ætlað að greiða hann niður og skjóta þannig styrkari stoðum undir reksturinn.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var rekstrarhalli samtakanna, sem eru heildarsamtök sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi, vel á annað hundrað milljónir króna á árinu 2016. Hins vegar er útlit fyrir að umtalsverður bati hafi orðið í rekstrinum á síðasta ári og að samtökin hafi þá skilað hagnaði eftir nokkurra ára samfelldan taprekstur. Ársreikningur samtakanna fyrir árið 2017 verður lagður fram á aðalfundi samtakanna í vor.

Þrjú af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins, HB Grandi, Samherji og Síldarvinnslan, lögðu samtökunum til hvað mest fé, að því er heimildir Markaðarins herma.

Samtökin fá í kringum 300 milljónir króna á ári í félagsgjöld frá aðildarfélögum. Samtökin og forverar þeirra, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva, hafa frá falli fjármálakerfisins haustið 2008 þurft að reiða sig í meira mæli en áður á félagsgjöld. Fyrir fjármálaáfallið áttu forverar samtakanna umtalsvert af verðbréfaeignum sem skiluðu að jafnaði góðri ávöxtun. Það breyttist á árunum eftir hrun, að sögn kunnugra, og liggja samtökin ekki lengur á eins digrum sjóðum.



Jens Garðar Helgason, formaður SFS.

**80**

**milljónir króna var fjárveiting útgerðafélaga til SFS um síðustu áramót.**

Miklar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi samtakanna síðustu ár og hafa þær átt sinn þátt í útgjaldaaukningunni, samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Kolbeinn Árnason, sem leiddi sameiningu samtakanna haustið 2014, var fyrsti framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi en hann lét af störfum í apríl 2016 og tók í kjölfarið sæti í stjórn LBI, gamla Landsbankans. Heiðrún Lind Marteinsdóttir tók við starfinu af Kolbeini og hefur gegnt því síðan.

Á síðasta ári voru átta manns ráðnir til samtakanna en alls eru starfsmenn þeirra nú sextán talsins. Ekki náðist í Jens Garðar Helgason, formann samtakanna. – kij

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is




# Skoða að greiða bréf í Kviku í arð til hluthafa

**Stjórn VÍS skoðar að minnka hlut sinn verulega í Kviku með því að ráðstafa bréfum félagsins í arð til hluthafa. VÍS er stærsti hluthafi bankans með 23,6 prósenta hlut. Þyrfti ekki að binda jafn mikið eigið fé vegna fjárfestingarinnar.**

Stjórn VÍS skoðar nú þann möguleika að hlutabréf tryggingafélagsins í Kviku banka verði greidd út að stórum hluta í formi sérstakrar arðgreiðslu til hluthafa. Slík ráðstöfun, ásamt öðrum leiðum sem eru til skoðunar til að ná fram frekari hagræðingu í fjármagnsskipan félagsins, gæti þá falist í því að hluthafar VÍS myndu fá afhentan samanlagt um 15 prósenta hlut í Kviku, samkvæmt heimildum Markaðarins. VÍS er langsamlega stærsti einstaki hluthafi fjárfestingabankans með 23,57 prósenta eignarhlut.

VÍS kom fyrst inn í eigendahóp Kviku í ársbyrjun 2017 þegar félagið keypti tæplega 22 prósenta hlut í bankanum fyrir um 1.655 milljónir. Þremur mánuðum síðar stækkaði eignarhlutur félagsins um rúmlega þrjú prósent þegar VÍS keypti hlut Eignasafns Seðlabanka Íslands í bankanum. Í lok þriðja ársfjórðungs 2017 var hlutur tryggingafélagsins í Kviku metinn á 2.490 milljónir króna í bókum VÍS.

Engin endanleg ákvörðun hefur hins vegar verið tekin af hálfu stjórnar VÍS um að leggja það til að bréfum félagsins verði að hluta til ráðstafað í formi arðgreiðslu til hluthafa. Þannig er talið afar ólíklegt, samkvæmt heimildum Markaðarins, að slík arðgreiðslutillaga muni á þessum tímapunkti verða lögð fram strax á aðalfundi VÍS í næsta mánuði. Uppgjör VÍS fyrir árið 2017 verður gert opinbert eftir lokun markaða í dag, miðvikudag.

Eign VÍS í Kviku, sem er næststærsta hlutabréfaeign félagsins, var á þriðja ársfjórðungi í fyrra breytt úr því að vera stefnumarkandi fjárfesting í hefðbundið óskráð félag. Við þá breytingu þurfti tryggingafélagið að sama skapi að binda mun meira eigið fé vegna fjárfestingarinnar, eða 49 prósent í stað 22 prósenta, og þá lækkaði gjaldþolshlutfall VÍS einnig um átta punkta, í 1,49. Verði farin sú leið að bréf félagsins í Kviku verði greidd út í formi arðgreiðslu til hluthafa, þannig að hlutur VÍS fari undir tíu prósent og tryggingafélagið því ekki lengur með virkan eignarhlut í bankanum, þá mun VÍS ekki þurfa að binda jafn mikið eigið fé og áður vegna fjárfestingarinnar í Kviku.



Eign VÍS í Kviku er næststærsta hlutabréfaeign félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**2.490**

**milljónir króna er hlutur VÍS í Kviku banka metinn á í bókum tryggingafélagsins.**

**Stór hluthafi í bæði VÍS og Kviku**

Gríðarmikil viðskipti hafa verið með bréf í Kviku á síðustu mánuðum og misserum og hafa ýmsir fjárfestar meðal annars sýnt áhuga á að kaupa bréf VÍS í bankanum. Ljóst er að tryggingafélagið myndi innleysa mikinn gengishagnað ef það tæki ákvörðun um að selja bréf sín í dag. Þegar VÍS keypti tæplega 22 prósenta hlut sinn í fjárfestingabankanum fyrir meira en ári nam kaupverðið 5,4 krónum á hlut en í síðustu viðskiptum með bréf í bankanum hefur gengið verið um 6,6 krónur á hlut, samkvæmt heimildum Markaðarins. Kvika hefur gefið það út að félagið stefni að óbreyttu að skráningu hlutabréfa bankans á First North markaðinn í Kauphöllinni í næsta mánuði.

Á meðal umsvifamestu hluthafa VÍS eru félög í eigu hjónanna Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur, stjórnarformanns VÍS, og Guðmundar Arnar Þórðarsonar með samtals um sjö prósenta hlut. Félag þeirra er einnig í hópi stærstu eigenda Kviku banka með 7,5 prósenta eignarhlut og þá er Guðmundur Örn varaformaður stjórnar bankans.

Aðrir helstu hluthafar VÍS eru Lífeyrissjóður verslunarmanna, sem á 9,99 prósenta hlut, en sjóðurinn er auk þess þriðji stærsti hluthafinn í Kviku með tæplega níu prósent. Þá er vogunarsjóðurinn Landsdowne Partners á meðal stærstu hluthafa VÍS með 6,85 prósent en miðað við lista yfir tuttugu stærstu hluthafa eiga erlendir sjóðir samtals rúmlega 16 prósent í félaginu.

hordur@frettabladid.is

# Gylfi Þór veitti föður sínum ekki umboð til þess að kaupa fiskiskip

Hæstiréttur Íslands komst í síðustu viku að þeirri niðurstöðu að framkvæmdastjóri útgerðarfélagsins Blikabergs hefði ekki haft heimild til þess að kaupa fyrir hönd félagsins fiskiskip af útgerðarfélaginu Hafsæli. Ástæðan var sú að sonur framkvæmdastjórans og eini stjórnarmaður Blikabergs, knattspyrnukappinn Gylfi Þór Sigurðsson, hafði ekki veitt föður sínum umboð til kaupanna.

Gylfi Þór settist í stjórn félagsins árið 2011 en faðir hans, Sigurður Aðalsteinsson, stýrir daglegum rekstri þess.

Útgerðarfélagið hefur aukið nokkuð umsvif sínum á undanförnum árum með kaupum á aflaheimildum og fiskiskipum. Fram kom í Morgunblaðinu í byrjun árs 2013 að Gylfi Þór hefði – í gegnum félagið – komið með 38 milljónir króna til landsins að tilstuðlan fjárfestingaleiðar Seðlabanka Íslands.

**30,5**

**milljónir króna var tilboð Blikabergs í fiskiskipið.**

Í umræddu máli krafðist félagið Hafsæll þess að Blikabergi yrði gert að greiða Hafsæli kaupverð samkvæmt kaupsamningi frá því í nóvember árið 2015 um fiskiskipið Björgu Hallvarðsdóttur, alls 30,5 milljónir króna, en deilt var um hvort kaupsamningur hefði komist á milli félaganna.

Lögmaður Blikabergs hélt því fram fyrir dómi að Sigurður, sem hafði skrifað undir kaupsamninginn fyrir hönd félagsins, hefði ekki haft heimild til þess að skuldbinda félagið. Héraðsdómur féllst ekki á það og dæmdi Blikaberg til þess að greiða kaupverð skipsins.

Hæstiréttur komst hins vegar að öndverðri niðurstöðu og sýknaði Blikaberg. Benti rétturinn meðal annars á að engin gögn hefðu verið lögð fram um að Gylfi Þór, sem eini stjórnarmaður Blikabergs, hefði falið Sigurði að annast kaupin eða veitt honum fyrir fram eða eftir á umboð til þess. Þá hefðu kaupin ekki heldur fallið innan prókúruumboðs hans. Sigurður hefði þannig ekki mátt skuldbinda Blikaberg með undirritun kaupsamningsins. – kij



Gylfi Þór Sigurðsson.


ALPA
HEIMA
FJÖLL
09:32
100%
Heima
HEIMAVÖRN+
Öryggiskerfi
Á VERÐI
AÐGANGSSTÝRING
SECURITAS.IS
09:25
Hiti í gróðurhúsi 22°C
Hitanemi gróðurhúsi
22°C
MYNDEFTIRLIT
powered by ALARM.COM
ENNEMM / SÍA / NM85689
HEIMA VÖRN+
HVAR SEM ÞÚ ERT
Með Heimavörn+ stjórnar þú, stillir og fylgist með í appinu og getur bætt við skynjurum, snjalltengjum og aukabúnaði eins og þér hentar.
Sólarhringsvakt Securitas og samstarf við Alarm.com tryggir þér fullkomið heimiliskerfi og öruggar lausnir sem þjóna milljónum heimila um víða veröld.
Hringdu í 580 7000 eða farðu á heimavorn.is
SECURITAS
SAMSTARFSAÐILI ALARM.COM

# Ríkissjóður nýtur góðs af sölu Valitors

**Tryggt er í afkomuskiptasamningi stjórnvalda og Kaupþings að hann nái til virðis og mögulegrar virðisaukningar Valitors ef félagið er aðgreint frá Arion banka. Ríkið mun þannig njóta góðs af sölu og virðisaukningu kortafyrirtækisins í formi hærra stöðugleikaframlags. Virði eigin fjár Valitors er metið á um 30,6 milljarða samkvæmt verðmati IFS. Ákvörðun um Valitor að vænta á aðalfundi Arion banka.**

Afkomuskiptasamningur stjórnvalda við kröfuhafa eignarhaldsfélagsins Kaupþings nær til virðis og mögulegrar virðisaukningar kortafyrirtækisins Valitors, ef fyrirtækið verður aðgreint frá Arion banka, á meðan Kaupþing heldur á fyrirtækinu og jafnframt við sölu á því. Mun sala og virðisaukning Valitors þannig skila sér í hærra stöðugleikaframlagi af hálfu Kaupþings til ríkissjóðs á grundvelli samningsins.

Ekki er sérstaklega getið um það í reikningum Arion banka hvers virði hlutur bankans í Valitor Holding hf. en samkvæmt nýlegu verðmati greiningarfyrirtækisins IFS, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er virði eigin fjár kortafyrirtækisins metið á um 30,6 milljarða. Það jafngildir tvöföldu bókfærðu eigin fé Valitors í árslok 2016.

Greinendur IFS benda á að félagið, sem er verðmætasta dótturfélag Arion banka, hafi stækkað ört með kaupum á bresku félögunum International Payment Solutions og Chip and Pin Solutions fyrir 1,5 milljarða króna á síðasta ári. Kostnaður Valitors vegna aukinna umsvifa er mikill, að mati sérfræðinga IFS, og eiga tekjurnar erfitt með að halda í við þá þróun.

Eins og Markaðurinn hefur greint frá sækist meirihluti hluthafa Arion banka, meðal annars vogunarsjóðir og Kaupþing, nú eftir því að Valitor verði aðgreint frá bankanum, áður en kemur að útboði og skráningu í vor, þannig að hlutabréf fyrirtækisins verði að stærstum hluta greidd út í formi arðs til hluthafa. Er talið líklegt að ákvörðun þess efnis verði tekin á aðalfundi 15. mars næstkomandi.

Í afkomuskiptasamningi stjórnvalda og Kaupþings er sérstaklega gert ráð fyrir því – sem lið í því að fá sem hæst verð fyrir hlut Kaupþings í Arion banka – að hægt sé að aðgreina einstakar eignir eða eignarhluti bankans frá honum í aðdraganda og undirbúningi að sölu hlutabréfa í bankanum. Tryggt er í samningnum að hann nái einnig utan um hinar aðgreindu eignir, svo sem Valitor. Mun íslenska ríkið þannig njóta góðs af sölu og virðisaukningu kortafyrirtækisins í formi hærra stöðugleikaframlags.

Arion banki, sem á allt hlutafé í Valitor, hyggst halda eftir að lágmarki um 20 prósenta hlut í félaginu. Yrði þá 80 prósenta hlutur bankans greiddur út í formi arðs til hluthafa. Gangi það eftir myndu erlendu vogunarsjóðirnir Taconic Capital, Attestor Capital og Och-Ziff Capital og fjárfestingabankinn Goldman Sachs, sem eiga samtals tæplega þriðjungshlut í Arion banka, eignast að óbreyttu samanlagt um 26 prósenta hlut í Valitor.

**30,6**

**milljarðar króna er virði eigin fjár Valitors samkvæmt mati IFS Greiningar.**

**» Í afkomuskiptasamningi er gert ráð fyrir að hægt sé að aðgreina einstaka eignir eða eignarhluti Arion banka frá honum í aðdraganda og undirbúningi að sölu bréfa í bankanum.**

Auk þess myndu þeir eiga kauprétt að 21,4 prósenta hlut til viðbótar í félaginu af Kaupþingi, en kauprétturinn virkjast aðeins komi til þess að bréfin í kortafyrirtækinu greiðist út til hluthafa með arðgreiðslu eða öðrum sambærilegum hætti. Heimildir Markaðarins herma að óvíst sé hvort allir sjóðirnir muni nýta kaupréttinn. Ef þeir kjósa svo munu þeir eignast ríflega 47 prósenta hlut í Valitor. Er kauprétturinn á um helmingi hærra verði en sem nemur bókfærðu virði Valitors í reikningum Arion.

Samið var um kaupréttinn samhliða því að gengið var frá kaupum fjárfestahópsins á tæplega 30 prósenta hlut Kaupþings í Arion banka í mars á síðasta ári. Það var fréttaskýringarþátturinn Spegillinn sem upplýsti fyrst um tilvist kaupréttarins í apríl í fyrra.

Fram kom í Markaðinum fyrr í mánuðinum að Bankasýslan, sem hélt þar til á mánudag utan um 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka, hefði komið þeirri skoðun sinni skýrt á framfæri við Kaupþing að stofnunin væri mótfallin því að hlutabréf Valitors yrðu greidd út í arð. Var það afstaða Bankasýslunnar að fremur ætti að selja fyrirtækið í opnu söluferli.

Afstaða vogunarsjóðanna og Kaupþings, ásamt ráðgjöfum félagsins, er hins vegar sú að það yrði til þess fallið að auka áhuga erlendra fjárfesta á þátttöku í fyrirhuguðu hlutafjárútboði Arion banka ef Valitor yrði aðskilið frá samstæðunni.

Afkoma af undirliggjandi rekstri Valitors síðustu ár hafi verið dræm og þá séu í gangi dómsmál sem höfðuð hafa verið gegn félaginu, þar sem krafist sé margra milljarða króna í skaðabætur, og hafa ekki verið til lykta leidd.

Þá var greint frá því í fjölmiðlum í lok síðustu viku að lögmaður Datacell og Sunshine Press Productions í skaðabótamáli þeirra gegn Valitor muni fara fram á það að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu kyrrsetji eignir kortafyrirtækisins upp á 6,5 milljarða króna.

Í áðurnefndu verðmati IFS á Valitor er miðað við tvöfalt bókfært virði eigin fjár, þ.e. V/I-hlutfallið 2,0, en bókfært eigið fé félagsins var 15,3 milljarðar króna í árslok 2016. Til samanburðar benda greinendur IFS á að miðgildi V/I-hlutfalls erlendra samanburðarfélaga Valitors sé 7,0 og meðaltal þeirra 8,4. Er tekið fram að virði flestra erlendu félaganna hafi hækkað um tugi ef ekki hundruð prósenta á undanförnum árum og því hafi V/I-hlutfall þeirra hækkað í samræmi við það.

hordur@frettabladid.is
kristinningi@frettabladid.is







## Vilja endurvekja viðræðurnar

Stjórnir Skeljungs og Basko, sem á og rekur meðal annars 10-11 verslanirnar, skoða nú að endurvekja viðræður um kaup olíufélagsins á öllu hlutafé í Basko, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Stjórn Skeljungs ákvað í júlí í fyrra að slíta viðræðunum en heimildir Markaðarins herma að vilji standi til þess á meðal stjórnenda félagsins að láta reyna aftur á viðræður félaganna.

Hendrik Egholm, forstjóri Skeljungs, greindi frá því á fjárfestafundi í síðustu viku að stefnt væri að því að loka verslunum 10-11 við bensínstöðvar Skeljungs og Orkunnar en opna þess í stað matvörubúðir undir sérstöku merki sem Basko myndi reka.

Egholm nefndi að með þessu hygðust félögin tvö, Skeljungur og Basko, styrkja samstarf sitt og leggja jafnframt aukna áherslu á matvöru í stað bílatengdra vara.



**Baskó hefur séð um rekstur verslana á bensínstöðvum Skeljungs.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Auk þess greindi Egholm frá því að vonir stæðu til þess að hægt yrði að samþætta vörur og þjónustu Heimkaupa, sem Skeljungur á þriðjungshlut í, og Eldum rétt, sem Basko á helmingshlut í, við nýju verslanirnar. Þannig yrði vonandi hægt að kaupa bensín og matvörur og sækja vörur frá Heimkaupum og Eldum rétt í verslununum.

Tilkynnt var að viðræður hefðu hafist á milli stjórna félaganna í maí í fyrra. Þær runnu hins vegar út í sandinn tveimur mánuðum síðar eftir að í ljós kom að ýmsar forsendur kaupanna hefðu ekki gengið eftir. **– hae, kij**

# FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn
ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.




## Fréttablaðið.is - stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ.IS FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ



Forsvarsmenn Seðlabanka Íslands hafa sagt að ekki sé tímabært að breyta útfærslu innflæðishaftanna á þessari stundu. Vaxtamunur við útlönd sé enn umtalsverður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gagnrýna tregðu til að slaka á höftum

**Formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis segir mikilvægt að slakað verði á innflæðishöftum Seðlabanka Íslands. Þau leiði til hærra vaxtastigs fyrir ríkissjóð og fyrirtæki. Framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA gagnrýnir tregðu stjórnenda bankans til þess að breyta útfærslu haftanna. Sérfræðingur í markaðsviðskiptum Kviku segir innflæðishöftin halda gengi krónunnar veikara en annars.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, Óli Björn Kárason, segir öll rök hníga að því að slaka eigi á innflæðishöftunum. Vaxtamunur við helstu viðskiptalönd Íslands sé að dragast saman sem þýði að hættan á vaxtamunarviðskiptum erlendra fjárfesta með íslensku krónuna sé minni en áður.

„Innflæðishöftin hafa leitt til þess að vaxtakjör, ekki einungis ríkissjóðs, heldur jafnframt íslenskra fyrirtækja, eru lakari heldur en þau gætu verið,“ segir hann í samtali við Markaðinn.

Sérfræðingar á fjármálamarkaði, sem Markaðurinn ræddi við, segja það vekja furðu að stjórnendur Seðlabanka Íslands, sem settu fyrst höft á innflæði fjármagns í júní 2016, hafi ekki séð ástæðu til þess að breyta útfærslu haftanna þrátt fyrir skýr merki um að þau standi hagstæðari fjármögnun íslenskra fyrirtækja fyrir þrifum.

„Mér finnst þessi tregða embættismanna í Seðlabankanum til þess að breyta reglunum og laga útfærslu þeirra, sem er augljóslega illa ígrunduð, sýna fullkomið ábyrgðarleysi af þeirra hálfu. Þeir virðast ekki hafa neinn áhuga á því að laga reglurnar í kringum innflæðishöftin að þörfum efnahagslífsins,“ segir Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA Capital Management.

Styrmir Guðmundsson, sérfræðingur í markaðsviðskiptum Kviku banka, segir að innflæðishöftin „niðurgreiði“ í reynd útflutningsgreinar þar sem þau haldi gengi krónunnar veikara en ella og haldi auk þess kaupmætti Íslendinga niðri. „Allt frestar þetta aðlögun myntarinnar að stöðu hagkerfisins og þá byggjast upp annars konar vandamál, líkt og Seðlabankinn þarf að kljást við nú með stórum og dýrum gjaldeyrisvaraforða sem hefur kostað hann mikið fjármagn,“ segir Styrmir.

Óli Björn segir margt benda til þess að skynsamlegt sé að Seðlabankinn hafi tæki á borð við innflæðishöft í vopnabúri sínu sem hann gæti þá gripið til ef aðstæður kölluðu á það. „En rökin þurfa engu að síður að vera fyrir hendi ef bankinn hyggst beita þeim. Staðan er einfaldlega sú að rökin eru alltaf að verða veikari og veikari og kostnaðurinn meiri.“

## Fjármagn skortir

Umrædd innflæðishöft virka þannig að 40 prósent af innflæði fjármagns vegna fjárfestinga í skráðum skuldabréfum og innlánum þarf að binda í eitt ár á núll prósent vöxtum. Höftunum var meðal annars ætlað að sporna við vaxtamunarviðskiptum með íslensk ríkisskuldabréf, þar sem aðdráttaraflið er einkum að hagnast á miklum vaxtamun Íslands við útlönd, en gagnrýnt hefur verið að höftin standi jafnframt í vegi fyrir kaupum erlendra fjárfesta á skráðum langtímaskuldabréfum íslenskra fyrirtækja.

Innflæði fjármagns í ríkisskuldabréf stöðvaðist í níu mánuði eftir að Seðlabankinn kynnti fjárstreymistækið til sögunnar í júnímánuði 2016 og beindist þess í stað að skráðum hlutabréfum. Þótt erlendir sjóðir hafi síðasta vor farið að beina sjónum sínum að ríkisskuldabréfum hefur hrein fjárfesting þeirra í slíkum bréfum verið hverfandi. Þannig nam innflæði þeirra í ríkisskuldabréf aðeins 2,4 milljörðum króna á fjórða fjórðungi síðasta árs borið saman við 8,5 milljarða á þriðja fjórðungi og 7 milljarða á öðrum fjórðungi. Til samanburðar keyptu erlendir fjárfestar í skráðum félögum fyrir 15,4 milljarða á fjórða fjórðungi síðasta árs.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lagðist í skýrslu um Ísland síðasta sumar eindregið gegn núverandi útfærslu á innflæðishöftunum. Benti sjóðurinn á að í ljósi minnkandi vaxtamunar Íslands við útlönd væru varla nokkur rök fyrir því að viðhalda höftunum.

Að mati Styrmis er einfaldasta leiðin til að draga úr mögulegum áhuga erlendra fjárfesta á vaxtamunarviðskiptum hér á landi að lækka vexti þannig að vaxtamunur dragist saman við útlönd.

„Ísland er ekki enn að fullu samtengt við fjármálamarkaði umheimsins og það er sökum innflæðishaftanna. Það er ekki fýsilegt fyrir þjóðarbúið að byggja upp umfangsmikil vaxtamunarviðskipti í íslenskri krónu en það

### Seðlabankastjóri: Fólk verður bara að vera rólegt

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis síðasta fimmtudag að það væri ekki tímabært að losa um innflæðishöftin. „Fólk verður bara að vera rólegt,“ nefndi hann.

Már sagði að höftin ættu – í núverandi mynd – aðeins að vera tímabundin á meðan vaxtamunur við útlönd héldist mikill. Þó svo að munurinn færi minnkandi og horfur væru á því að hann myndi minnka enn frekar eftir því sem fleiri vestræn ríki hækkuðu vexti, þá væri hann engu að síður töluverður.

Seðlabankastjóri sagðist skilja þá gagnrýni að höftin héldu vaxtakjörum háum en að sú gagnrýni vægi ekki þungt. „Augljóst“ væri að vaxtakjör ríkissjóðs og fyrirtækjabréfa yrðu hagstæðari ef ekki væri fyrir innflæðishöftin „en það væri ekki gott því það myndi bara endurspegla það að miðlun peningastefnunnar væri ekki til staðar. Að það væri búið að taka hana úr sambandi.“

Már sagði að fjárstreymistækið væri „þriðja víglínan“ í vopnabúri Seðlabankans. Fyrst ætti bankinn að beita stýrivöxtum og gjaldeyrisinngripum en ekki mætti útiloka fjárstreymistækið „á grundvelli einhverra trúarbragða“ ef á þyrfti að halda.



**Fjármagn til fyrirtækja á markaðinum er af mjög skornum skammti og vaxtaálög hafa rokið upp.**

Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA



# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 28. FEBRÚAR 2018



Brandtex stendur fyrir glæsilegan fatnað í miklum gæðum og á góðu verði. Jakkinn hér á myndinni kostar aðeins 12.990 krónur og fæst í stærðunum 34-48.

# Ný dönsk flottheit

**Danski tískurisinn Brandtex opnar stórglæsilega tískuverslun við mikil hátíðarhöld í Kringlunni á morgun. Mikill fengur er í komu Brandtex fyrir íslensku kvenþjóðina sem finnur þar glæsilegan kvenfatnað fyrir allan aldur.** ➜2




**Ungar konur vilja hafa blóm í kringum sig. Bæði afskorin blóm og pottablóm að sögn Sigríðar Gunnarsdóttur.** ➜4






Nýja Brandtex verslunin er full af vorlegum og kvenlegum klæðum. Góð og persónuleg þjónusta er aðalsmerki Brandtex og einstakur starfsmannahópur tekur vel á móti viðskiptavinum. MYND/ERNIR

Aðalsmerki Brandtex er einstaklega fallegur kvenfatnaður í nútímalegum stíl. Hann er stílhreinn og litríkur, með áherslu á gæði og fæst í stærðunum 34 til 56. Með tilkomu Brandtex gefst því konum á öllum aldri einstakt tækifæri til að klæðast fallegum og nýtískulegum fatnaði, óháð lögun og stærð.

## Fyrir konur á öllum aldri

Brandtex var stofnað árið 1935 af Anne og Aage Petersen í Danmörku. Þau framleiddu upprunalega dýrindis barnaföt en með árunum þróaðist fatasaumur Brandtex yfir í nútímalegan og sérlega glæsilegan kvenfatnað sem nú er seldur í fleiri en 2500 verslunum um allan heim.

Brandtex tilheyrir BTX Group, einum stærsta tískuframleiðanda Danmerkur sem er leiðandi á Norðurlöndunum þegar kemur að vörumerkjum og fatnaði fyrir konur á öllum aldri.

## Heillandi tískumerki

Góð, persónuleg þjónusta er höfð að leiðarljósi hjá Brandtex og þar starfar stórkostlegur hópur frábærra kvenna sem taka vel á móti viðskiptavinum. Hvert sem litið er heillandi kvenfatnaður sem samanstendur af lokkandi úrvali hversdagsfatnaðar, yfirhöfnum, náttfötum, skóm og undurfögru skarti.

Í Brandtex eru einnig fáanleg tískumerkin IMITZ, SIGNATURE, JENSEN OG CISO. Reglulega bætast við nýjar og spennandi vörur og því alltaf eitthvað nýtt og spennandi í búðinni. Hægt verður að fylgjast með öllu því nýjasta á Facebook, undir Brandtex Ísland, og senn opnar netsíðan Brandtex.is, þar sem allar vörur verða aðgengilegar viðskiptavinum heima í stofu, eða hvar og hvenær sem er.

## Frábær opnunartilboð

Á morgun verður haldin stórglæsileg opnunarhátíð í Brandtex. Verslunin verður opnuð klukkan tíu og fyrstu þrjátíu gestirnir sem mæta frá 2.000 króna gjafabréf í versluninni. Að auki verða frábær opnunartilboð á boðstólum. Bylgjan verður með beina útsendingu frá klukkan 12 til 15 og Dísa í World Class kynnir glænýja snyrtivörulínu frá Laugum Spa, með 20 prósenta kynningarafslætti. DJ Dóra Júlía heldur uppi veislufjöri og sér til þess að opnun Brandtex í Kringlunni verði ógleymanleg upplifun.











Í Brandtex finna konur á öllum aldri glæsilegan fatnað óháð lögum og stærð.

Brandtex er á 2. hæð í Kringlunni. Sjá Brandtex Ísland á Facebook.

**Brandtex stendur fyrir einkar kvenlegan, stílhreinan, litríkan og nútímalegan stíl. Gæðin eru einstök og verðin koma ánægjulega á óvart. Buxur eru frá krónum 6.990, bolir og toppar frá 2.990 krónum og skyrtur frá 5.990 krónum.**

## ÞESSI VÖRUMERKI FÆRÐU Í BRANDTEX!

**BRANDTEX:** Fyrir eldri konur sem vilja vera þægilega klæddar en með ákveðinn stíl. Tímalaus hönnun sem einkennist af litríkum, mjúkum og munstruðum flíkum.

**IMITZ:** Nútímalegur fatnaður fyrir yngri, sterkar og sjálfstæðar konur. Einstaklega falleg og smart klæði með flottum smáatriðum.

**CISO:** Fyrir konur í stærðunum 42 til 56 sem þora að standa upp úr og vera öðruvísi.

**SIGNATURE:** Fyrir allar konur sem fíla rólegan og þægilegan stíl. Merkið er þekkt fyrir glæsilegar undirstöðuvörur og ættu allar konur að eiga flík frá Signature.

**JENSEN:** Fyrir allar konur sem aðhyllast hefðbundinn hversdagsfatnað. Jensen hefur sett litaspjaldið í hæstu hæðir og vinnur mikið með sterka liti, munstur og röndótt.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,

**25%**
**afsláttur**
28. feb.–11. mars




# Sothys dagar í Lyfju

**Dagana 28. febrúar–3. mars** verður kynning á hinum vönduðu og vinsælu vörum frá Sothys í völdum apótekum Lyfju. Þar veitir sérfræðingur Sothys ráðgjöf ásamt húðgreiningu og býður gestum að kynnast kremum og serum frá Sothys sem þekkt eru fyrir nærandi og rakagefandi eiginleika. Sothys snyrtitaska ásamt 30 ml hreinsivatni, hreinsimjólk og 15 ml hálsaserum fylgir þegar verslað er fyrir 5.000 kr. eða meira.

**Hlökkum til að sjá þig!**

**lyfja.is**

## Sérfræðingur Sothys veitir fría húðgreiningu í Lyfju:

**Í dag mið.** | Lágmúla kl. 14–18
**Fim. 1. mars** | Smáratorgi kl. 14–18
**Fös. 2. mars** | Keflavík kl. 14–18
**Lau. 3. mars** | Smáralind kl. 14–18

LYFJA
– Lifið heil



Kjúkling er hægt að elda á svo margan hátt.

## Kjúklingabringa með sesam og epla- og fennelsalat

Léttur og góður réttur sem hentar vel á síðasta degi febrúar. Uppskrift fyrir fjóra.

**4 kjúklingabringur**
**4 msk. sesamfræ**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. pipar**
**2 msk. smjör til steikingar**

### Epla- og fennelsalat

**2 græn epli**
**Safi úr einni sítrónu**
**1 fennel**
**1 msk. sykur**
**2 msk. fínt hakkað dill**
**2 mozzarellakúlur**
**1 msk. jómfrúarólífuolía**
**Nýmalaður pipar**

Kryddið kjúklingabringurnar með salti og pipar. Veltið þeim síðan upp úr sesamfræjum. Setjið smjör á pönnu og steikið kjúklinginn í tvær mínútur á hvorri hlið. Lækkið þá hitann, setjið lok á pönnuna og látið steikjast áfram í fjórar mínútur. Takið hitann af en látið kjúklinginn hvíla áfram á pönnunni í nokkrar mínútur.
Skrælið eplin og kjarnhreinsið þau. Skerið þau síðan í fíngerðar sneiðar, til dæmis með ostaskera, og setjið í skál. Kreistið sítrónusafa yfir þau. Skerið því næst fennel í þunnar sneiðar og leggið í skálina. Dreifið sykrinum yfir og dilli. Blandið öllu vel saman.
Skerið mozzarella í sneiðar og berið fram með kjúklingnum og salatinu. Dreifið ólífuolíu yfir ostinn og kryddið með pipar.




BRÚÐKAUPSBLAÐ
Veglegt sérblað Fréttablaðsins um brúðkaup kemur út 23. mars nk.
Allt sem hugsast getur varðandi brúðkaup.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512 5402 eða sendu okkur póst á netfangið serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

GLAMOUR.is



Allt það helsta úr heimi TÍSKUNNAR á einum stað





Didda hjá 18 rauðum rósum segir að ungar konur vilji skreyta heimili sín með blómum. MYNDIR/ANTON BRINK

# Blómaáhugi sjaldan meiri

**Eftir langan og kaldan vetur eru margir sem vilja flytja vorið inn í stofu og gera það gjarnan með fallegum blómum. Á undanförnu ári hefur færst í vöxt að fólk skreyti heimilið með bæði afskornum blómum og pottablómum.**


Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is


Sigríður Gunnarsdóttir sem rekur blómaverslunina 18 rauðar rósir í Hamraborg segir að mikil breyting hafi orðið í blómasölu. Ungar konur vilji hafa lifandi blóm í kringum sig og gera heimilið hlýlegt. Blóm eru ódýr leið til að gera heimilið fallegt. Sum blóm eru vinsælli en önnur, að sögn Sigríðar eða Diddu, eins og hún er jafnan kölluð.

Dekkri veggir á heimilum hafa verið áberandi að undanförnu, jafnvel mjög dökkir. Í framhaldinu hafa falleg blóm komið til móts við hin dimmu híbýli. Didda segir að hvít blóm séu mjög vinsæl um þessar mundir. „Eucalyptus hefur sömuleiðis verið mjög vinsælt blóm en það hefur grá blöð. Eucalyptus er oftast tekið með afskornum blómum. Það lyktar vel og margir taka liljur með því. Liljur eru reyndar mjög vinsælar núna í öllum litum. Svo eru pottaplönturnar orðnar mjög vinsælar,“ segir Didda og bætir við að hún hafi fundið mikla breytingu hvað þetta varðar en pottaplöntuáhugi lá niðri um langt skeið. „Planta sem nefnist rifblaðka eða Monstera hefur verið mjög vinsæl en hún er bæði til í potti og afskorin. Blöðin eru græn og stór. Það er mjög misjafnt hvort fólk vilja stórar eða litlar plöntur, fer svolítið eftir umhverfinu á heimilinu.“

Hún segir að margar eldri konur sem komi í búðina hafi orð á því hversu skemmtilegt sé að sjá aftur pottaplöntur. „Það hefur aukist mjög mikið að fólk komi og kaupi sér blóm fyrir helgar. Við þurfum ekkert sérstaka daga til að skreyta heimilið með blómum,“ segir Didda en tveir stórir blómadagar eru í febrúar, Valentínusardagur og konudagur. „Við höfum líka tekið eftir því að fólk vill hafa fleiri hluti í kringum sig en var á tímabili. Til dæmis hafa kertaluktir verið mjög vinsælar. Það er hlýleg stemming í gangi núna,“ segir hún.

Blóm bæta loftgæði á heimilum. Það styttist í páskana í lok mars og þá vilja flestir hafa gul blóm í kringum sig, hvort sem það eru páskaliljur, túlípanar eða önnur gul blóm. Síðan er það vorið og tími fyrir kryddplöntur en þá byrjar fólk sömuleiðis að huga að garðplöntunum fyrir sumarið.



Hvít blóm hafa átt vinsældum að fagna.



Rifblaðka er mikið notuð með fallegum afskornum blómum.



Þetta blóm heitir Eucalyptus og margir vilja eignast það.

# Fyrsta heimilið

**Kynningar:**
IKEA
Bauhaus
Birgisson
Vodafone
Elko

MIÐVIKUDAGUR 28. FEBRÚAR 2018



NORDICPHOTOS/GETTY



Úthugsað og flott anddyri sem felur skó í skóskápnum en geymir haganlega úlpur, töskur og annað sem þarf að vera til taks á smekklegan hátt.



Það er leikur einn að útbúa notalega og heimilislega stofu með snjallt hönnuðum húsbúnaði IKEA. MYNDIR/EYÞÓR



**IKEA kann á því lagið að skapa heillandi og notadrjúg baðherbergi þar sem allt kemst laglega fyrir þótt fermetrarnir séu ekki margir.**



**Fullkomið eldhús með rúmgóðum skápum upp í loft, eldavél, bakaraofni, háfi og vaski, kemst auðveldlega fyrir í aðeins 25 fermetra íbúð.**

# Sérfræðingar í smærri vistarverum

Það er spennandi að flytja að heiman og stofna sitt eigið heimili. Verkefnið er stórt og í mörg horn að líta en þá er gott að sækja í IKEA sem hefur sérhæft sig í lausnum fyrir smá heimili.

Þróun á húsnæðismarkaði hefur verið á þann veg að fólk býr lengur í foreldrahúsum og þarf jafnvel að deila húsnæði eða búa þrengra en tíðkast hefur. Þá er gott að vera útsjónarsamur, bæði hvað varðar peninga og pláss. Á því sviði kemur sérþekking IKEA sterk inn, enda hefur fyrirtækið að hluta til sérhæft sig í lausnum fyrir smærri heimili. IKEA hefur auk þess stigið enn stærra skref í að koma til móts við ungt fólk á húsnæðismarkaði með byggingu fjölbýlishúss fyrir starfsfólk sitt í nágrenni verslunarinnar, í Urriðaholti í Garðabæ.

## Undursmátt og heimilislegt

„Við sáum hvert stefndi árið 2006 og hófum þá viðræður við bæjaryfirvöld í Garðabæ," segir Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA.

„Hugmyndin var að byggja hagkvæm einingahús að sænskri fyrirmynd, en það gekk því miður ekki upp. Að veruleika varð að byggja fjölbýlishús fyrir starfsmenn og aðra sem vonandi mun auðvelda fólki að koma sér fyrir og eiga heimili sem það getur verið stolt af."

Í fjölbýlishúsi IKEA í Urriðaholti verða 34 íbúðir. Meirihluti þeirra er aðeins 25 fermetrar að stærð.

„Þessi áhersla á smærri heimili, og að fólk þurfi ekki að gefa afslátt af kröfum um gæði og almenn þægindi, kemur berlega í ljós í Urriðaholtinu," segir Þórarinn og bætir við að hér á landi þyki 25 fermetra íbúðarhúsnæði ekki stórt. „En flestir verða hissa þegar þeir sjá hvað hægt er að gera sér vel útbúið heimili á ekki fleiri fermetrum. Í verslun IKEA er nú búið að setja upp eftirmynd af 25 fermetra íbúð í Urriðaholti og sjálfur varð ég steinhissa á því hvað hún er rúmgóð. Ég sá strax fyrir mér að þar hefði ég getað búið og unað mér vel þegar ég var fyrst að stofna heimili."

Þórarinn segir ástand á íslenskum húsnæðismarkaði mjög slæmt, bæði vegna dýrtíðar og lítils framboðs.

„Bygging fjölbýlishússins er okkar viðbragð við því ástandi og þegar ástandið er orðið þannig að fólk þurfi jafnvel að afþakka vinnu vegna þess að það fær ekki húsnæði á



Hulda Bryndís Óskarsdóttir er sölustjóri hjá IKEA.

höfuðborgarsvæðinu er kominn tími til að leita nýrra lausna. Hugsunin hjá okkur er að flestar íbúðirnar verði leigðar starfsfólki en einhverjar þeirra fara í útleigu á almennum leigumarkaði."

## Snjallar og dugandi lausnir

Frá fyrstu tíð hefur IKEA lagt áherslu á vel hannaðan gæðahúsbúnað sem mætir þörfum þeirra sem eru að hefja búskap. Hulda Bryndís Óskarsdóttir, sölustjóri hjá IKEA, segir hugsað út í öll rými heimilisins við hönnun á snjöllum lausnum.

„Við leyfum okkur að kalla okkur sérfræðinga í smærri vistarverum, þar sem nýta þarf hvern blett sem best. Í eldhúsinu vantar til dæmis oft pláss en í IKEA fæst úrval borða og stóla sem hægt er að fella saman og spara pláss þegar þörf er á."

Í IKEA fást einnig litlar baðinnréttingar sem taka lítið pláss en nýtast afar vel.

„Svo eru ýmis atriði sem er gott að hafa í huga á smærri heimilum, eins og að nota nett húsgögn sem er jafnvel hægt að fella saman, og nýta veggplássið vel. Þannig getur munað heilmiklu að láta hillur og skápa ná alveg upp í loft, eða koma hirslum fyrir undir rúmum og skápum," útskýrir Hulda.

Hulda er sjálf í íbúðarleit og sér fyrir sér að hún muni sækja um íbúð í Urriðaholtinu þegar að því kemur.

„Mér líst mjög vel á íbúðirnar. Þar er búið að hugsa fyrir hverju smáatriði og ótrúlegt að sjá hversu plássið nýtist vel í sýningaríbúðinni í versluninni. Ég held að allir sem kíkja þar við sannfærist um að fermetrafjöldinn er ekki það sem ræður stærð heimilis."

Í sýningaríbúðinni í IKEA má einnig sjá merkingar sem sýna hvernig hægt er að gera heimilislífið umhverfisvænna.

„Ég finn hvernig áhugi fólks, og þá sérstaklega yngri kynslóða, fer vaxandi á umhverfisvernd. Ungu fólki er virkilega umhugað um samfélagsmál og hefur gjarnan mun sterkari skoðanir á umhverfisvernd en margir sem eldri eru," segir Hulda. „Það er góðs viti og við getum stolt sinnt þessum hópi með öflugri samfélagsábyrgð og vörum sem teljast umhverfisvænar, bæði hvað varðar framleiðslu og notagildi."

Í því samhengi megi nefna sjálfbærari bómull sem framleidd er á umhverfisvænni hátt, LED-ljósaperur sem spari orku og svo vitaskuld flokkunarfötur og ílát sem einfaldi endurvinnslu á heimlinu.

„Það er því nokkuð ljóst að þeir sem hafa í hyggju að flytja að heiman, eða vantar góðar hugmyndir við að nýta fermetrana sem best, koma ekki að tómum kofanum í IKEA," segir Hulda.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Veffang: frettabladid.is


Fullnýtt og fallegt
4.990,-
VINTERGATA loftljós
Ljósapera seld sér
6.950,-
EKET skápur með fjórum hólfum
B70×D35, H70cm
Veggfesting seld sér
EKET skápur með hurð og tveimur hillum
5.950,-
B35xD35, H70cm
Veggfesting seld sér
11.850,-
EKET skápur með tveimur hurðum og fótum
B70xD35, H80cm
Veggfesting seld sér
ÅDUM motta
11.990,-
B170×L240cm
YPPERLIG sófaborð
4.950,-
© Inter IKEA Systems B.V. 2018
IKEA
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - IKEA.is



Hjá Bauhaus fæst mikið úrval af málningu og mikið er lagt upp úr góðri þjónustu. MYND/ANTON BRINK

# Rétta málningin í Bauhaus

**Í Bauhaus er ein stærsta málningardeild landsins. Þar er breitt úrval af málningu og málningarvörum og fagleg þjónusta í fyrirrúmi.**

Hjá okkur í Bauhaus ættu allir að finna réttu málninguna, auk þess sem það er okkar markmið að bjóða ávallt upp á besta verðið," segir Hans P. Blomsterberg, deildarstjóri málningardeildar.

„Við erum með allt sem tengist málningarvinnu, eins og pensla, rúllur, bakka, límbönd, kantskera og annað þess háttar. Auk þess erum við með mikið úrval af veggfóðri í mismunandi litum og með fjölbreytilegu mynstri. Hjá okkur fást líka hinar geysivinsælu filmur sem margir hafa verið duglegir að nýta sér til að fríska upp á og fegra húsgögn, skápa, veggi, borð, innréttingar og annað sem þeim dettur til hugar. Einnig erum við með fjölbreytt úrval af teppum, gólfdúkum, myndum og gluggatjöldum. Hjá okkur fæst í raun allt sem þarf til að prýða nýtt heimili," segir Hans.

### Blanda nær alla liti

Í Bauhaus fæst málning frá þekktum málningarframleiðendum, eins og Málningu hf., Jötun og AkzoNobel sem býður upp á hin vinsælu merki Sadolin og Pinotex. Um er að ræða gæðamálningu sem hægt er að fá hvaða lit sem óskað er eftir. „Málningin frá AkzoNobel er í hæsta gæðaflokki. Auðvelt er að mála með henni, hún þekur vel og ýrist ekki," upplýsir Hans.

Litir eru blandaðir á staðnum að ósk viðskiptavina. „Við litgreinum fyrir fólk sem kemur með lit að heiman og við getum blandað nánast alla liti sem beðið er um," segir Hans.

### Undirbúningur skiptir máli

Þegar Hans er inntur eftir því hvað þurfi að hafa í huga við undirbúning málningarvinnu segir hann miklu máli skipta hvort mála eigi úti eða inni. „Mikilvægt er að flöturinn, sem á að mála, sé ávallt hreinn, þurr og fitulaus. Málningin þarf að henta aðstæðum, rétt málning fyrir rétt rými. Síðan þarf að vanda til verks og hafa réttu tækin og tólin fyrir verkið svo ekkert fari úrskeiðis. Hjá Bauhaus vinna sérfræðingar sem geta gefið fólki góð ráð hafi það litla reynslu af málningarvinnu."

### Hvaða litir eru vinsælir í ár?

„Allir hvítir litir eru auðvitað alltaf sígildir og vinsælir en undanfarið hafa gráir, brúnir og drapplitaðir tónar verið mjög vinsælir. Þeir sem hafa verið að mála einn vegg eða hluta af rými hafa gjarnan valið svargráa eða svarbrúna liti. Annars fáum við alls kyns beiðnir um liti. Fólk velur það sem því þykir fallegt og við verðum við öllum óskum," upplýsir Hans að lokum.



**Hjá Bauhaus fæst allt sem þarf fyrir málningarvinnuna, svo sem penslar, rúllur, bakkar, límbönd, kantskerar og fleira.**


Hjá Bauhaus ættu allir að finna réttu málninguna og uppáhaldslitinn fyrir nýja heimilið.


Hjá Bauhaus er litgreint fyrir fólk sem kemur með lit að heiman og hægt er að blanda nánast alla liti.


Frískaðu upp á heimilið
MED RÉTTRI MÁLNINGU
SOFT HEATHER
Y6.05.52
DUSTY BLUE
S1.09.41
HEAVENLY GREY
S0.05.65
STARRY NIGHT
U3.15.11
DELIGHTFUL KIWI
G0.20.49
LIGHT HAZE
ON.00.81
WATER LILY
GN.01.88
RASPBERRY PINK
A0.05.75
Sadolin
TÖFRAÐU FRAM FALLEGA
VEGGI Í HVERT HERBERGI
í stofuna
í eldhúsið
í svefnherbergið
í barnaherbergið
á skrifstofuna
Úrval
innanhúsmálningar
fyrir allt heimilið
BAUHAUS®



Mikil sala hefur verið í stórum, grátóna harðparketplönkum.



Marmaramunstur í stórum flísum er hátískan í dag.

# Grunnur að fallegu heimili

**Glæsileg gólfefni og hurðir skipta miklu máli ef heimilið á að vera hlýlegt og fallegt. Verslunin Birgisson í Ármúla 8 býður upp á frábært vöruúrval af parketi, flísum og hurðum auk úrvals þjónustu reynslumikilla starfsmanna.**



Þórarinn Gunnar Birgisson er framkvæmdastjóri Birgisson. MYND/ANTON BRINK

Birgisson er fjölskyldufyrirtæki með metnað og ríka hefð fyrir glæsilegu vöruúrvali á góðu verði, segir Þórarinn Gunnar Birgisson, framkvæmdastjóri Birgisson ehf. „Við sérhæfum okkur í sölu gólfefna og hurða, og eins býður fyrirtækið upp á sérhæfðari vörur eins og borðplötur, kerfisloft og utanhússklæðningar. Allt þetta má skoða í glæsilegum sýningarsal okkar í Ármúla 8 í Reykjavík.“

## Sterk liðsheild og þjónusta

Verslunin Birgisson hefur verið starfrækt í Ármúla 8 frá árinu 1989 og þar starfa átján starfsmenn. „Nokkrir starfsmanna okkar hafa starfað hjá fyrirtækinu í yfir tuttugu ár og búa því yfir mikilli reynslu og þekkingu. Starfsfólkið er og verður alltaf mikilvægasta auðlind okkar og því kappkostum við að því líði vel, að það sé gott andrúmsloft á vinnustaðnum og að það sé gaman að mæta í vinnuna,“ segir Þórarinn. Stór hluti af sterkri liðsheild Birgisson er áratuga langt samstarf við erlenda birgja. „Þetta tvennt gerir það að verkum að við getum skilað því sem við státum okkur hvað mest af; úrvals vörum á góðu verði, háu þjónustustigi og þekkingu til okkar viðskiptavina,“ segir Þórarinn.

## Harðparketið vinsælast

Birgisson býður upp á eitt mesta úrval landsins í harðparketi, frá einum stærsta framleiðanda í Evrópu, Swiss Krono. Kronotex harðparketið hefur reynst vel og er á mjög góðu verði. „Við bjóðum planka í gæðaflokki AC4 (8 mm), upp í AC5++ (14 mm), og eru lengstu borðin allt að 2,78 m. Gráleitir tónar hafa verið hvað vinsælastir, í takt við hefðbundnari hvíttaða tóna,“ segir Þórarinn.



Hlýtt viðarparketið frá Kährs setur sterkan svip á heimilið.

## Klassískt viðarparket

Í hefðbundnu viðarparketi segir Þórarinn að þar gildi það sama og í harðparketi. „Nema hvað við finnum nú fyrir aukinni eftirspurn eftir klassískari efnum. Þar má nefna Herringbone-mynstrið og Chevron-mynstrið, sem er að verða vinsælt aftur. Við finnum líka fyrir aukinni eftirspurn eftir þriggja stafa parketi, sem við bjóðum upp á frá sænska framleiðandanum Kährs; lakkað með últramöttu lakki, burstaðri áferð og í fjórum nýjum litum.“

## Stærri flísar

Í flísum keppa framleiðendur sín á milli um hver getur framleitt stærstu flísarnar. „Við bjóðum meðal annars upp á flísar frá ítalska framleiðandanum Florim, í stærðum allt að 160 x 320 mm. Í litavali gildir það sama og í parketinu, það eru gráleitir tónar, en það sem er nýtt og æ meira í tísku eru flísar með marmaraútliti,“ segir Þórarinn.



Ekta skandinavískt heimili með hvíttónaðri eik.



Mattlakkaðir eikar plankar eru alltaf sígildir.

## Fallegar borðplötur

Í takt við stærri flísar er nú einnig hægt að nota flísarnar sem efnivið í borðplötur sem sóma sér glæsilega í eldhúsum og baðherbergjum. „Þessar flísar eru fáanlegar í þremur þykktum; 6 mm, 12 mm og 20 mm og í stærðinni 160 x 320 mm. Þetta er vörulína sem við munum einbeita okkur að í ár og er verðið langt undir því sem þekkist í hefðbundnum borðplötum úr náttúrusteini,“ segir Þórarinn.

## Bylting í viðarparketi

Á vormánuðum mun Birgisson bjóða upp á spennandi nýjungar í viðarparketi að sögn Þórarins. „Þetta er bylting í framleiðslu og hér mætast kostir harðparkets og viðarparkets í nýrri vörutegund. Við erum að tala um ekta viðaráferð og enn meiri hörku en þekkist í harðparketinu. Þessar vörur munum við bjóða upp á í extra breiðum plönkum, frá 223 mm til 283 mm.“

Birgisson er í Ármúla 8 í Reykjavík. Sími: 516 0600. Sjá nánar á birgisson.is


kronotex
FLOORS FOR LIVING
VEGNA HAGSTÆÐRA INNKAUPA
BJÓÐUM VIÐ VALDAR TEGUNDIR AF
HÖRKU PLANKA
HARÐPARKETI
Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI
12 mm AC/5 verð frá 2.990 kr. $m^2$
10 mm AC/5 verð frá 2.490 kr. $m^2$
8 mm AC/4 verð frá 1.390 kr. $m^2$
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is




Vodafone er fjölbreytt fjarskiptafyrirtæki sem getur séð fyrir mörgum ólíkum þörfum heimilisins. MYND/ANTON BRINK

# Leiðtogi á ljósleiðaramarkaði

## Vodafone leggur mikla áherslu á að tengja öll heimili landsins við bestu og hröðustu tengingu sem í boði er hverju sinni og veita aðgengi að framúrskarandi sjónvarpsefni fyrir alla fjölskylduna.

Fjarskiptafyrirtækið Vodafone getur boðið allar tegundir nettenginga og séð um alla þjónustu sem tengist uppsetningu og viðhaldi þeirra. Vodafone býður einnig upp á myndlykla sem veita gátt inn í ævintýraheim alls kyns sjónvarpsefnis og getur tryggt öllum viðskiptavinum sínum auðvelt og öruggt aðgengi að útsendingunum frá HM í Rússlandi í sumar.

„Vodafone hefur í áraraðir leitt ljósleiðaravæðingu landsins, fyrst á höfuðborgarsvæðinu og síðari ár á landsbyggðinni,“ segir Þorgeir Arnar Jónsson, forstöðumaður einstaklingssölu Vodafone. „Við erum mjög stolt af því að selja allar gerðir tenginga sem eru í boði, vítt og breitt um landið.

Nettengingin er fyrir marga lífæð heimilisins og því er nauðsynlegt að huga vel að henni frá fyrsta degi,“ segir Þorgeir. „Í febrúar hóf Vodafone að bjóða enn meiri þjónustu við uppsetningu á þráðlausu neti heimila á höfuðborgarsvæðinu. Í þeirri þjónustu felst m.a. heimsókn tæknimanns sem sér um mælingar á styrk þráðlausa netsins í hverju herbergi, ráðgjöf við val á staðsetningu og tegund búnaðar og sérlausnir fyrir stærri eða vandasamari heimili, svo sitthvað sé nefnt.

Allt hjálpar þetta okkur að auðvelda viðskiptavinum að njóta bæði fyrsta flokks þráðlauss nets og ekki síður fullrar þjónustu í kjölfarið,“ segir Þorgeir. „Þetta á við netbeininn sjálfan, viðbótartengipunkta ef þörf krefur og myndlyklana, sem orðnir eru gátt inn í ævintýraheim fjölbreytts sjónvarpsefnis og áskriftarveitna.“

### Nýr myndlykill í sumar

Þann 1. desember síðastliðinn keypti Vodafone rekstur útvarps- og sjónvarpssviðs 365. „Þar má nefna Stöð 2, Stöð 2 Sport, Bylgjuna og FM957, svo nokkur dæmi séu tekin, en mikil hagræðing felst í þessum kaupum sem mun skila sér til neytenda,“ segir Þorgeir. „Þannig munu viðskiptavinir Vodafone hafa enn betra aðgengi að hágæða afþreyingu en nokkru sinni fyrr og allir ættu að geta fundið sér sjónvarpsefni sem hentar þeirra þörfum.

Tækninýjungar hafa breytt sjónvarpshegðun fólks og með tilkomu tímaflakks og bættu aðgengi að ólínulegri dagskrá geta viðskiptavinir horft á það efni sem þá langar til, þegar þeim hentar,“ segir Þorgeir. „Vodafone hefur lagt mikið upp úr því að efla sjónvarpskerfi sitt síðastliðið ár og nýr UHD (4k) myndlykill mun líta dagsins ljós í sumar. Einnig er unnið hörðum höndum að því að efla sjónvarpsöppin Vodafone PLAY og 365 appið. Háhraða nettenging og stærsta 4G kerfi landsins tryggir að þú getir tekið sjónvarpið með þér hvert sem þú ferð.“

> **Vodafone hefur í áraraðir leitt ljósleiðaravæðingu landsins, fyrst á höfuðborgarsvæðinu og síðari ár á landsbyggðinni. Við erum mjög stolt af því að selja allar gerðir tenginga sem eru í boði, vítt og breitt um landið.**
>
> Þorgeir Arnar Jónsson

### Hvað eru mörg nettengd tæki á heimilinu?

„Það má segja að nettenging þurfi að uppfylla tvær lykilþarfir,“ segir Þorgeir. „Sú fyrsta er að þráðlausa netið þarf að afhenda sterkt merki á sem flestum stöðum innan veggja heimilisins, stundum með aðstoð viðbótarbeinis, sem Vodafone býður nú til leigu fyrir 640 krónur á mánuði. Það þykir flestum hóflegt gjald til að ná til erfiðustu kima heimilisins, í stað þess að þurfa að leggja út háar fjárhæðir fyrir slíkan búnað.

Hin grunnþörfin er að pípan inn til heimilisins þarf að skila nægilega miklu gagnamagni til að þjónusta ört vaxandi fjölda nettengdra tækja, sem oftar en ekki hlaupa á tugum,“ segir Þorgeir. „Það kemur fólki iðulega á óvart hversu mörg þessi tæki eru þegar það byrjar að telja þau á fingrunum, sem sjaldnast duga til.“

### Ein stærð hentar engum

„Þegar viðskiptavinir sameina farsíma og nettengingu hjá Vodafone er þeim umbunað með fjölbreyttum kaupaukum, sem þeir velja eftir sínum þörfum,“ segir Þorgeir. „Þetta getur t.d. verið stóraukið gagnamagn eða ókeypis mínútur í símtöl til útlanda. Þetta geta síðan viðskiptavinir stillt á Mínum síðum eftir hentugleika. Grunnurinn að þessari lausn, sem var kynnt 2016, er sú hugmyndafræði að „ein stærð hentar engum“. Því teljum við mikilvægt að viðskiptavinir geti sérsniðið sína þjónustu eins og mögulegt er.“

### Vodafone tilbúið fyrir HM í Rússlandi

Það er ljóst að þátttaka Íslands á HM í knattspyrnu í Rússlandi í sumar felur í sér áskoranir fyrir fjarskiptafyrirtæki. „Viðskiptavinir Vodafone hafa lengi notið þess að tilheyra einu víðfeðmasta fjarskiptaneti heims, eins og kom meðal annars glögglega í ljós á EM í Frakklandi 2016, og á því verður engin breyting í Rússlandi í sumar,“ segir Þorgeir. „Búið er að semja við helstu fjarskiptafyrirtæki Rússlands til að tryggja fyrsta flokks farsímatengingu fyrir Íslendinga í Rússlandi.

Hér heima vinnum við stöðugt að því að þétta 4G – eða 4,5G-kerfið eins og það er að verða kallað – til að fólk á ferðinni innanlands geti fylgst með hetjunum okkar á stærsta sviðinu,“ segir Þorgeir. „Svo má ekki gleyma Digital Ísland-myndlyklunum, sem taka sjónvarpsmerki í gegnum útsendingar í lofti og munu tryggja fjölmörgum sumarbústaðaeigendum og fleirum án fastrar nettengingar örugga útsendingu, jafnvel þó öll þjóðin horfi á sama tíma. Framtíðin er svo sannarlega spennandi og við erum til.“


Hröð og rúmgóð nettenging til sölu
Tilvalið fyrir fyrstu kaupendur!
Til afhendingar strax, glæný nettenging með óteljandi möguleikum. Stutt í helstu vefsíður og Vodafone Sjónvarp. Mesti mögulegi hraði, sem er í boði fyrir þitt heimili, fylgir öllum netpökkum.
Nánari upplýsingar veitir Vodafone.is
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone



Hraðsuðukönnur og brauðristar má fá í stíl sem getur skipt sköpum í litlu eldhúsi.

# Það borgar sig að geta skipt um skoðun


Kaffikönnur fyrir hylki njóta mikilla vinsælda.


Smávörur eins og örbylgjuofnar þykir mörgum nauðsyn á heimili en þrjátíu daga skilafrestur tryggir að viðskiptavinurinn getur vegið og metið vöruna.

**Í ELKO er allt sölufólk þjálfað í því að hjálpa viðskiptavinunum að velja réttu tækin enda kaup á heimilistækjum almennt stór fjárfesting. Þá býður ELKO einnig þrjátíu daga skilarétt á flestum vörum.**

Þegar stofnað er til fyrsta heimilis gefur augaleið að það vantar eiginlega allt. Hægt og rólega tínast til tæki og tól í nánast öll herbergi heimilisins. Dagsljósalampi í svefnherbergið, baðvog á baðherbergið og klakavél í eldhúsið. Þegar kaupæðið hefur tekið öll völd getur margborgað sig að hafa góðan skilarétt á vörunum.

ELKO býður upp á 30 daga skilarétt á flestum vörum og skiptir þá ekki máli hvort búið er að nota vöruna eða ekki. „Það skiptir okkur miklu máli að viðskiptavinir okkar séu ánægðir með vörurnar sem þeir kaupa. Kaup á heimilistækjum eru almennt stór fjárfesting fyrir flesta og þegar fólk velur til dæmis stór tæki í eldhúsið er um mjög stóra ákvörðun að ræða. Það er ekki nóg að tækin séu flott og passi vel í innréttingarnar heldur þarf að vera þægilegt að nota þau og þau þurfa að henta fjölskyldunni vel. Ef það kemur í ljós þegar búið er að setja upp tækið að það hentar bara alls ekki í eldhúsið er ekkert mál að koma til okkar og skipta tækinu nú eða fá það bara endurgreitt sé maður með kaupin skráð hjá okkur,“ segir Bragi Þór Antoníusson, markaðsstjóri ELKO.

## Gott að hafa aðgang að miklu úrvali

Þorvaldur Þorvaldsson, vörustjóri heimilistækja ELKO, tekur undir þetta og bætir við: „Já, við þjálfum allt okkar sölufólk í því að hjálpa fólki að velja réttu tækin. Það er ekki nóg að velja bara merki sem maður þekkir eða fallegt tæki.

> **Frá því að ELKO kom á markaðinn fyrir 20 árum hefur raftækjaverð á Íslandi stórlækkað.**

Tökum sem dæmi eldhús í opnu rými. Þar vill maður væntanlega leggja meiri áherslu á að uppþvottavélin sé hljóðlát. Og stórar fjölskyldur þurfa auðvitað þvottavélar með mun meiri þvottagetu heldur en sá sem er einn í heimili. Með því að þjálfa starfsfólkið okkar vel viljum við tryggja að fólk sé örugglega að fá tæki sem hentar því fullkomlega.“

ELKO leggur líka mikla áherslu á að eiga fjölbreytt vöruúrval til að allir geti fundið eitthvað fyrir sig. „Þegar um fyrsta heimili er að ræða kaupir fólk gjarna minni tæki ef þess er kostur, litlar uppþvottavélar og lága ísskápa enda oft ekki margir í heimili og sér svo fyrir sér að endurnýja þessi tæki með tímanum. Við eigum pínulitla ísskápa sem komast alls staðar fyrir og tæki sem geta nýst þar sem plássið er lítið, eins og 40 cm þvottavélar og 45 cm uppþvottavélar en stærð þessara tækja ræðst oftast af innréttingunni sem fyrir er. Þeir sem vilja spara geta keypt mat í stærri einingum og fryst og þá er gott að eiga frystiskáp eða litla frystikistu,“ segir Þorvaldur og bætir við: „Það gæti svo komið flestum á óvart hversu mikið af raftækjum



Þorvaldur Þorvaldsson, vörustjóri heimilistækja ELKO, hér hjá þvottavélum af öllum stærðum og gerðum. Samstarf við raftækjarisann ELKJØP tryggir lágt vöruverð. MYND/ANTON BRINK

er til á meðalheimili. Fyrir utan þessi stóru eins og þvottavélina og ísskápinn leynast ýmis tæki og tól víða. Þegar búið er að taka saman öll minni tækin eins og ryksugu, straujárn, brauðrist og hraðsuðukönnu svo eitthvað sé nefnt má sjá að þetta er kannski ansi mikið og þá skiptir máli að hafa úrval af tækjum á góðu verði sem hentar flestum. Það getur einnig komið sér vel þegar verið er að kaupa dýrari hluti að nýta sér 12 mánaða vaxtalausu greiðslurnar sem ELKO er að bjóða.“

## Innkaupasamstarf við ELKJØP býður lægra verð

ELKO er hluti af ELKJØP vörumerkinu en ELKJØP er stærsta raftækjakeðja Norðurlanda og rekur um 450 raftækjaverslanir á Norðurlöndunum undir nokkrum nöfnum. „Við kaupum flest okkar raftæki í gegnum ELKJØP og náum þannig að halda verði hjá okkur eins lágu og raun ber vitni. Frá því að ELKO kom á markaðinn fyrir 20 árum hefur raftækjaverð á Íslandi stórlækkað. ELKJØP gerir samninga beint við framleiðendur og við kaupum svo beint af aðallager ELKJØP og náum þannig að bjóða upp á betra verð á heimilistækjum en gengur og gerist,“ segir Bragi að lokum.





## Fyrir sous vide

Stasher var hannaður fyrir sous vide! Settu kjötið eða fiskinn í pokann og stráðu kryddi og olíu yfir. Passið að loka ekki pokanum strax! Dýfið pokanum rólega ofan í heitt vatn og leyfið loftinu að sleppa út. Strjúkið yfir pokann og lokið honum vandlega. Því næst er varan tilbúin til sous vide hægeldunar.

## Í ofninn

Stasher þolir hitann! Pokarnir eru fullkomnir til að afþýða, elda eða hita upp mat í örbylgjuofni sem og bakaraofni. Skiljið pokana einfaldlega eftir ólokaða og skellið þeim inn í ofninn.






## Í kælinn/frystinn

Það er lítið mál að kæla eða frysta ferskvöru og afganga með Stasher pokunum. Sparaðu plássið í frystinum á meðan þú hugsar vel um umhverfið.

## Auðvelt að þvo

Það er lítið mál að þvo Stasher pokana. Skelltu þeim í efri grindina í þvottavélinni eða hand-þvoðu þá með sápu og heitu vatni.





## Leitin að rétta húsnæðinu

Margt þarf að hafa í huga þegar leitin að rétta húsnæðinu hefst. Ef skoða á íbúðir í eldri húsum ætti sérstaklega að spyrja hvort framkvæmdir séu fyrirhugaðar við húsið.

Ef augljóslega þarf að laga þakið, steina húsið eða skipta um glugga þá eru það dýrar framkvæmdir sem taka þarf með í reikninginn við kaupin.

- Gott er að spyrja hvort einhvern tíma hafi orðið vatnstjón í íbúðinni eða orðið vart við utanaðkomandi leka.
- Einnig er gott að fá upplýsingar um hvort dren sé í kringum húsið.
- Spyrja ætti út í ástand skólplagna og jafnvel láta mynda lagnirnar ef ástand þeirra er ekki vitað. Það getur verið dýrt ef brjóta þarf upp gólf og endurnýja.
- Þegar inn er komið ætti að skoða gluggana vel. Hvort einfalt gler sé í gluggum og hvort timbrið er þurrt og heilt.
- Sniðugt er að opna og loka öllum hurðum og sjá hvort allt fellur að stöfum.
- Eldhús og baðherbergi eru dýr rými að endurnýja svo skoða ætti ástandið á innréttingum.
- Hvernig er ástandið á gólfum? Endurnýjun á gólfefnum getur verið kostnaðarsöm.
- Innbyggða skápa gæti einnig verið sniðugt að opna.
- Þá gæti verið sniðugt að að skrúfa frá öllum krönum og skoða vel blöndunartækin á baðherberginu.



## Vel nýttir penslar

Pensilstrokurnar geta orðið ansi margar þegar verið er að standsetja íbúð. Þá er skynsamlegt að fara vel með pensla og rúllur svo ekki harðni í þeim og kaupa þurfi nýtt.

Með því að vefja plastpoka þétt utan um pensilinn eða rúlluna, þegar málað er með vatnsþynnanlegri málningu, má gera hlé á verkinu í einn til tvo daga án þess að málningin harðni.

Penslum með terpentínuþynnanlegri málningu má stinga í vatnsbað og geyma þannig í einn til tvo daga.

Ef harðnar í penslinum má reyna að láta hann standa í penslasápu í nokkra stund og mýkja hann þannig upp.

# Svíar vilja endurnýta

Vorið er á næsta leiti og þá langar fólk til að breyta hjá sér heima. Samkvæmt rannsókn sem gerð var í Svíþjóð nýlega hafa 60% Svía fest kaup á notuðum hlutum til heimilisins. Fólk getur gert mjög góð kaup á antík- eða nytjamörkuðum. Um 25% Svía leita eftir góðu verði þegar keypt er til heimilisins. Það hefur aukist mikið undanfarið að Svíar vilji notaða hluti, bæði til að spara peninga og endurnýta hluti. Áhugi hefur sérstaklega aukist á persónulegum hlutum, til dæmis gömlum kertastjökum, blómavösum og postulínsstellum. Sömuleiðis eru gamlir borðdúkar vinsælir.

Sumir kjósa að kaupa gömul matarstell og glös af ólíkum tegundum og blanda þeim saman á matarborðinu til að lífga upp á borðhaldið. Það er hægt að gera mjög góð kaup á nytjamörkuðum eða á netinu ef fólk skoðar vel og fylgist með því sem er í boði.



Margir eru spenntir fyrir gömlum matarstellum.



# GERRY WEBER - TAIFUN - SAMOON

## VORFATNAÐUR FYRIR ALLAR VORVEISLURNAR



## TILBOÐSADAGAR
## 20 % AFSLÁTTUR MIÐVIKUD. - LAUGARD.



ÚTSÖLUVÖRUR
(buxur-pils-jakkar)
Kr. 3900,- eða
4900,- stk

BERNHARÐ
LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

**Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
SKODA Octavia 2.0 Dísel Sjálfskiptur Elegance. Árgerð 2014, ekinn 89 Þ.KM. Verð 2.990.000. Rnr.136482.



**100% LÁN**
SKODA Octavia Dísel Elegance 4x4. Árgerð 2014, ekinn 76 Þ.KM. Verð 2.990.000. Rnr.136574.



**100% LÁN**
SKODA Octavia 2.0L Dísel Sjálfskiptur Station. Árgerð 2014, ekinn 61 Þ.KM. Verð 2.780.000. Rnr.136717.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



HYUNDAI ix35, 2010, snyrtilegur, velmeðfarinn. Nýskr. 12/2010, ekinn 99 þ.km, bensín, sjálfsk. 6 gíra, 4x4, góð heilsársdekk. TILBOÐ 1.450.000 Uppl. í s:781-3999 Lóa.

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- Múrvinna
- Flísalagnir
- Smíðavinna
- Málningarvinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu!
Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is
Múrum og smíðum ehf

**Þakpappaverk**
Eitt besta verðið
S. 778 8322

**TRÉSMIÐUR**
Þarft þú að gera endurbætur á eigninni þinni, fáðu tilboð í það sem þú þarft að framkvæma.

Tek að mér alla almenna trésmíðavinnu jafnt innan sem utan dyra. Til dæmis uppsettning innréttinga, milliveggja, hurða, parketlögn, gler skipti, þakjárn, utanhúsklæðningu, sólpalla og margt fl.

Uppl. í s: 8931901

Svanur Tómasson Húsasmiður

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Atvinnuhúsnæði

**SKRIFSTOFUR TIL LEIGU!**
og líka stærri skrifstofurými fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Bæði í Borgartúni og Síðumúla í snyrtilegu húsnæði með aðgengi að sameiginlegu rými.

Hægt að leigja án eða með húsgögnum. Verð frá 65 þús.

Allar upplýsingar veitir Einar í síma 861 7200 eða á netfangi einar@efnividur.is

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
Til sölu eða leigu 50 m2 í Steinhellu 14. Góð hæð+hurð. Verð: 18,4 m. Leiga: 99 þ. Bara snyrtileg starfs. Facebook: steinhella 14 S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

**SÖLUMENN ÓSKAST.**
Óska eftir sölumönnum til að selja í hús usb lykla sem á er digital bók. Geta sölumenn auðveldlega haft margar milljónir eftir skatt. Gengið er í hús milli kl 12-22 alla daga þegar gott er veður. Uppl.í s: 776-4111

Oska eftir konu í aðstoð á heimili fyrir húsmóður,tilfallandi störf,2-3 daga í viku,þarf að hafa bíl til umráða. Nánari uppl. í s:5542101

Gröfumaður óskast, aðeins vanir menn. Einnig verkamenn vanir jarðvinnu. Uppl. í s. 8970731

**SAMHJÁLP**
óskar eftir öflugum einstaklingi á aldrinum 30 +++ í símasölu á dagvakt. Góð laun í boði. Tölvufærni og góð íslenskukunnátta áskilin. Upplýsingar í s. 561-1000 frá kl.10-15 alla virka daga eða á fjaroflun@samhjalp.is

### Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

### Atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.
**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**


567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opið: Mánudaga-föstudaga kl. 10-18, laugardaga 12-15.

GÓÐIR ALLT ÁRIÐ



**LAND ROVER Range rover sport hse dynamic.**
Árgerð 2016, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar.
**Verð 13.980.000.** Rnr.116102.



**BMW X5 xdrive40e plug in m pakki.**
Árgerð 2017, ekinn 9 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 10.490.000.**
Rnr.116133.



**VOLVO Xc60 inscription.**
Árgerð 2016, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð 6.490.000.** Rnr.116204.



**LAND ROVER Discovery landmark.**
Árgerð 2016, ekinn 24 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar.
**Verð 12.490.000.** Rnr.231756.



**PORSCHE Cayenne s e-hybrid.**
Árgerð 2016, ekinn 37 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar.
**Verð 10.490.000.** Rnr.116186.

Yfir 150 bílar á staðnum | Bíll með myndum selst betur | Innisalur

## AÐEINS 2 ÍBÚÐIR Í BOÐI!

# 995 þúsund kr. út og þú átt þína eigin íbúð!

**TIL SÖLU** stúdíóíbúðir 25 - 47 fm verð 15.9 til 22.9
auðveld kaup aðeins 5% útborgun

**VERÐDÆMI**

| ÍBÚÐ | VERÐ | LÁN FRÁ BANKA | LÁN FRÁ SELJANDA | ÚTBORGUN AÐEINS |
|---|---|---|---|---|
| 29,5 fm | 15,9 m | 90% | 5% | 795.000 |
| 47 fm | 23,9 m | 90% | 5% | 1.195.000 |












## Opið hús í dag kl. 17.30

**STAKFELL**
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

## Útboð

# UPPBYGGING FYRIR ALDRAÐA VIÐ SLÉTTUVEG




**Sjómannadagsráð og dótturfélag þess Ölduvör vinna í samvinnu við Reykjavíkurborg að uppbyggingu fyrir aldraða við Sléttuveg.**
Ölduvör kt. 650213-0840 fyrir hönd Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt: 570480-0149 óskar eftir tilboðum í verkið **"Uppsteypa og utanhússfrágangur hjúkrunarheimilis"** – Útboð 18-01
Hjúkrunarheimilið er fyrsti áfangi í stærri uppbyggingu Sjómannadagsráðs á sömu lóð sem m.a. felur í sér byggingu þjónustumiðstöðvar og íbúða fyrir aldraða.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Mót | 18.900 m3 |
| Járnabinding | 255.000 kg |
| Steypa | 3100 m3 |
| Utanhússklæðningar | 3.200 m2 |
| Gluggar og hurðir | 950 m2 |

**Verklok eru 30. apríl 2019.**
Útboðsgögn verða afhent rafrænt á útboðsvef verksina.
Ósk um aðgang berist á Karl Á. Ágústsson á netfangið: karl@thg.is.
Útboðið verður auglýst á Evrópska Efnahagssvæðinu.

Tilboðum skal skila skriflega á skrifstofu THG arktiekta Faxafeni 9, Reykjavík, í síðasta lagi **fimmtudaginn 5. apríl 2018 kl.14:00.**

## Tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**

1. **Deiliskipulag fyrir 9,8 ha landbúnaðarspildu úr landi Grænhóla, Flóahreppi.**
   Kynnt er lýsing vegna deiliskipulags sem nær til 9,8 ha spildu (lnr. 218185) úr landi Grænhóla í Flóahreppi þar sem fyrirhugað er að byggja íbúðarhús, skemmu og allt að þrjú lítil gistihús. Gert er ráð fyrir að stofnað verði lögbýli á spildunni.

2. **Deiliskipulag fyrir 15,7 ha landbúnaðarspildu úr landi Einiholts í Bláskógabyggð.**
   Kynnt er lýsing vegna deiliskipulags sem nær til 15,7 ha spildu (lnr. 222396) úr landi Einiholts í Bláskógabyggð. Landið er norðan bæjartorfu Einiholts og liggur milli Einiholtslækjar og Einiholtsvegar. Gert er ráð fyrir að stofnað verði lögbýli á spildunni og að þar verði heimilt að byggja íbúðarhús, landbúnaðarbyggingar og lítil gestahús.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

3. **Deiliskipulag fyrir iðnaðarlóð úr landi Kópsvatns í Hrunamannahreppi. Heitavatnsborhola.**
   Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 2 ha svæðis úr landi Kópsvatns, utan um núverandi heitavatnsborholu. Í tillögunni er afmörkuð um 1,3 ha lóð auk byggingarreitar þar sem heimilt verður að byggja aðstöðuhús, borholuhús og hús fyrir rafala, samtals allt að 500 fm.
4. **Deiliskipulag fyrir nýtt lögbýli sem kallast Leyndarholt á 7,5 ha spildu úr landi Brjánsstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
   Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir nýtt lögbýli sem kallast Leyndarholt á 7,5 ha spildu úr landi Brjánsstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi. Stofnað hefur verið lögbýli á landinu og samkvæmt deiliskipulagstillögunni er þar gert ráð fyrir byggingu íbúðarhús, hesthúss og skemmu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni **http://www.utu.is**

Skipulagstillögur 1-2 eru í kynningu frá 28. febrúar til 16. mars 2018 en tillögur 3-4 frá 28. febrúar til 12. apríl. Athugasemdir og ábendingar við tillögur 1-2 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 16. mars en 12. apríl fyrir tillögur 3-4. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

***Pétur Ingi Haraldsson***
***Skipulagsfulltrúi***
***petur@utu.is***

## Atvinna

**Sérverk ehf**
Byggingaverktakar

### Vegna mikilla verkefna vill Sérverk ráða í eftirfarandi stöður

- **Vana menn á trésmíðaverkstæði.**
- **Aðstoðarmenn á trésmíðaverkstæði**

**Trésmíðaverkstæðið er búið fullkomnustu tækjum sem völ er á til innréttingasmíða.**

- Góður starfsandi
- Góð starfsaðstaða í nýju húsi
- Nýjar fullkomnar vélar á verkstæði
- Mjög góð verkefnastaða framundan

**Umsóknir sendist á atvinna@serverk.is**


FRÉTTABLAÐIÐ

**Fréttablaðið eykur þjónustu sína.**

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

Kringlan, SMÁRALIND, N1, olís, Samkaup, BÓNUS, nettó, FJÖRÐUR






FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

er hins vegar mjög eftirsóknarvert að ríkinu og íslenskum fyrirtækjum standi til boða samkeppnishæf fjármögnun úr fleiri áttum en nú er. Það er misskilningur að ætla að allt fjármagn sem leiti hingað til lands þurfi að skapa aukna hættu, þvert á móti má færa rök fyrir því að það dragi úr áhættu þjóðarbúsins og auki viðnámsþrótt þess.“

Agnar Tómas segir engum blöðum um það að fletta að innflæðishöftin hafi gert það að verkum að erfitt reynist fyrir fyrirtæki að leita fjármögnunar á skuldabréfamarkaði. „Fjármagn til fyrirtækja á markaðinum er af mjög skornum skammti og vaxtaálög hafa rokið upp. Þrátt fyrir talsverða lækkun ríkistryggðra raunvaxta og nokkra lækkun stýrivaxta hafa fastir vextir til fyrirtækja á skuldabréfamarkaði og fastir verðtryggðir íbúðalánavextir í bankakerfinu staðið í stað. Sem dæmi hefur fjármögnunarkostnaður fasteignafélaga, sem eru langstærstu útgefendur fyrirtækjaskuldabréfa hérlendis, hlutfallslega hækkað verulega.“

Hann segir skortinn á fjármagni til fyrirtækja endurspeglast meðal annars í lítilli fjárfestingu í atvinnulífinu. Fjárfestingar hins opinbera og í íbúðarhúsnæði hafi tekið við sér en fyrirtæki haldi hins vegar að sér höndum.

Þá sé svigrúm innlendra fjárfesta, sér í lagi lífeyrissjóða, til þess að bæta við sig innlendum markaðsskuldabréfum afar takmarkað.

„Á sama tíma og erlendum skuldabréfafjárfestum og öðrum lánveitendum er haldið frá landinu hefur afnám útflæðishafta og stóraukin sjóðsfélagalán lífeyrissjóða dregið mjög úr getu innlendra fjárfesta til þess að fjármagna heimili og fyrirtæki hér á landi. Á sama tíma hafa bankarnir verið nokkuð íhaldssamir í lánveitingum svo að mörg fyrirtæki hreinlega fá enga fjármögnun,“ segir Agnar Tómas.

### Eignarhlutur erlendra fjárfesta í innlendum ríkisskuldabréfum

Hlutfall af heild




**Innflæðishöftin hafa leitt til þess að vaxtakjör, ekki einungis ríkissjóðs, heldur jafnframt íslenskra fyrirtækja, eru lakari heldur en þau gætu verið.**

Óli Björn Kárason, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis



**Það er misskilningur að ætla að allt fjármagn sem leiti hingað til lands þurfi að skapa aukna hættu.**

Styrmir Guðmundsson, sérfræðingur í markaðsviðskiptum Kviku



**Erlendir fjárfestar áhugasamir**

Viðmælendur Markaðarins telja margt benda til þess að erlendir fjárfestar hafi um þessar mundir mikinn áhuga á því að taka þátt í fjármögnun íslenskra fyrirtækja. Fjögurra milljarða króna lánssamningur Almenna leigufélagsins við sjóð í stýringu bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management, sem tilkynnt var um í síðasta mánuði, sé til marks um þennan áhuga.

Auk þess gefa stórauknar fjárfestingar útlendinga í skráðum hlutabréfum hér á landi – en heildarinnflæði þeirra í slík bréf var ríflega 48 milljarðar króna á síðasta ári – sterklega til kynna að þeir myndu gjarnan vilja kaupa skráð skuldabréf íslenskra félaga í krónum ef ekki væri fyrir innflæðishöftin.

Aðspurður nefnir Styrmir að engin ástæða sé til þess að vanmeta þennan áhuga. Hins vegar muni ekki reyna á hann fyrr en erlendir fjárfestar fái greiðari aðgang þar að en nú og þá megi þeir ekki óttast að viðlíka höft verði endurvakin. „Stjórnmálin þurfa að taka af allan vafa um hvaða umgjörð ríki í gjaldeyrismálum og peningastefnu. Þar til það gerist þá verður það alltaf álitið áhættumikið að fjárfesta í íslenskum krónum og eignum. Hver vill kaupa eignir sem geta verið frystar eða böndum bundnar af einhverju stjórnvaldi? Nýmarkaðsríki búa við slíkar aðstæður, en Ísland á ekki að búa við slíka tortryggni eða óvissu,“ segir Styrmir.

Hann nefnir að sökum uppbyggingar innlends fjármagnsmarkaðar séu lífeyrissjóðir nær eina langtímafjármagn sem hægt er að sækja hérlendis. „Það er viss áhættuþáttur nú þegar og litið til framtíðar. Það væri hagkerfinu til mikilla heilla ef hægt væri að útvíkka aðgengi að langtímafjármagni á Íslandi og myndi leggja sitt af mörkum til að vaxtastig hérlendis væri eðlilegra en sögulega séð. Þetta myndi líka draga úr kerfisáhættu.

Eins held ég að mörg íslensk félög muni njóta góðs af innkomu erlendra fjárfesta inn í skráð félög hérlendis því þeir koma með verðmæta þekkingu og reynslu sem gagnast stjórnendum félaganna til virðisaukningar,“ segir Styrmir.

Agnar Tómas segir réttlætingu Seðlabankans fyrir höftunum – þess efnis að erlendir fjárfestar hafi verið að trufla miðlun peningastefnunnar – vera heimatilbúna skýringu sem standist ekki skoðun. „Áður en höftin voru sett var velta erlendra fjárfesta mjög lítil eða að meðaltali um 3,1 prósent af heildarveltu á ríkisskuldabréfamarkaði. Þá var Seðlabankinn einnig ósammála markaðinum um að verðbólguálagið myndi lækka og spáði kerfisbundið aukinni verðbólgu. Markaðurinn hafði að lokum rétt fyrir sér. Einnig má benda á að gjaldeyriskaup Seðlabankans voru margfalt umfangsmeiri en innflæði erlendra fjárfesta sem rekja mátti til vaxtamunarviðskipta og var slíkt innflæði erlendis frá því á engan hátt meginskýringin á því að krónan styrktist,“ segir Agnar Tómas.

Hann gagnrýnir að á þeim tæpum tveimur árum sem liðin eru frá því að höftin voru sett hafi Seðlabankinn ekki séð ástæðu til þess að breyta útfærslu þeirra. „Það hefur engu verið breytt. Enn útiloka höftin að langmestu leyti fjárfestingar erlendra fjárfesta í skuldabréfum án tillits til tímalengdar, seljanleika eða eðlis fjárfestinganna. Af hverju er til dæmis ekki gerður greinarmunur á því hvort bréfin eru til langs eða skamms tíma eða hvort um sé að ræða bankavíxla, ríkisskuldabréf eða illseljanleg fyrirtækjaskuldabréf? Stíf útfærsla Seðlabankans gerir engan greinarmun á raunverulegum „vaxtamunarviðskiptum“, sem eru venjulega hugsuð til frekar skamms tíma í vel seljanlegum skuldabréfum, kaupendum langra markaðsskuldabréfa eða þolinmóðum fjárfestum sem vilja til dæmis fjármagna langtímaverkefni hér á landi. Á sama tíma geta erlendir fjárfestar fjárfest óbundið í skráðum sem óskráðum hlutabréfum og selt þau að vild.“

Auk þess að gera ekki greinarmun á vaxtamunarviðskiptum og fjárfestingum í fyrirtækjaskuldabréfum gagnrýna viðmælendur Markaðarins hvernig innflæðishöftin mismuna félögum og skekkja samkeppni. Til dæmis geti fyrirtæki í leit að hlutafé leitað til erlendra fjárfesta en fyrirtæki í leit að lánsfjármögnun þurfa að takmarka leitina við innlenda fjárfesta.

Annað dæmi um skekkju sem höftin skapa er að olíufélagið Skeljungur getur fjármagnað sig mun ódýrara í dönskum krónum í Færeyjum, þar sem félagið hefur starfsstöðvar, en helsti keppinauturinn, N1, sem þarf að reiða sig á íslenska fjárfesta.

**Taka markaðsöflin úr sambandi**

Styrmir segir öll höft mismuna Íslendingum en innflæðishöftin taki markaðsöflin úr sambandi með þeim hætti að fjármagn sem vill flæða til landsins geti það ekki.

„Það er auðvitað pólitísk ákvörðun hverju sinni hvernig peningastefnu er framfylgt og hvaða verkfæri eru Seðlabankanum aðgengileg, en átta ára gjaldeyrishöft, sem er fylgt með innflæðishöftum í kjölfarið, vekja auðvitað spurningar um hvernig mynt íslenska krónan er og hvernig hún verður til framtíðar. Það er ekki hægt að hafa sjálfstæða mynt og ætla sér að tengja eða aftengja óæskilega hegðun hennar þegar einhverjum hentar. Það skapar vantraust og eykur viðskiptakostnað inn í framtíðina.

Ísland naut skilnings í óþægilegum aðgerðum í kjölfar atburðanna 2008 en nú eru flestar hagstærðir mjög hagfelldar og því skýtur skökku við að enn séu miðstýrð höft og flókið regluverk sem fáir kunna skil á. Það sætir til dæmis furðu að enn sé starfandi gjaldeyriseftirlit innan Seðlabankans. Sjálfstæð mynt hefur einmitt það hlutverk að endurspegla aðstæður hagkerfisins og við getum ekki ætlað miðstýrðum ákvörðunum embættismanna að útiloka það. Áhugi erlendra fjárfesta ber vott um viðurkenningu á góðri stöðu hagkerfisins og er því fagnaðarefni en ekki ástæða til tortryggni,“ segir Styrmir.

Samfélagsábyrgð fyrirtækja

sérblað Fréttablaðsins kemur út miðvikudaginn 7. mars nk.
Unnið að hluta í samvinnu við Festu - miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja.
Fyrirtækjum og stofnunum gefst færi á kynna sína stefnu og aðgerðir þegar kemur að samfélagsábyrgð. Svo sem á sviði loftslags og umhverfismála, samfélagsþátttöku, jafnréttismál, starfsumhverfis, vinnuvernd og stjórnunar og viðskiptaháttá.

Tryggðu þínu fyrirtæki gott pláss í langmest lesna dagblaði landsins.
Kynningarumfjöllun, viðtal eða hefbundin auglýsing í boði.



Upplýsingar veitir Ólafur H. Hákonarson markaðsfulltrúi.
Sími: 512 5433. Netfang: olafurh@frettabladid.is.

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




Vantar þig fullkomna yfirsýn?



Norðurturninn – skrifstofuhúsnæði til leigu á 11. hæð hússins

Við auglýsum 11. hæð Norðurturnsins í Kópavogi til leigu. Um er að ræða glæsilegt hús í alla staði með einstöku útsýni, miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.

Góð hjóla- og búningsaðstaða í kjallara hússins, tenging við stærstu verslunarmiðstöð landsins, næg bílastæði og greiðar samgöngur.

Hæðin er ekki fullinnréttuð og því hægt að aðlaga endanlega hönnun að þörfum leigutaka hennar. Hægt er að skipta hæð í tvær útleigueiningar.

Hæðin er alls 1.161 m² með hlutdeild í sameign.

Húsnæðið getur verið tilbúið til afhendingar 2–3 mánuðum eftir að hönnun liggur fyrir.

Allar frekari upplýsingar:

**Ríkharð Ottó Ríkharðsson, framkvæmdarstjóri Norðurturnsins hf**
rorehf@gmail.com / 663 5355.




# Raunhæf persónuvernd



**Hafliði K. Lárusson**
lögmaður hjá Fjeldsted & Blöndal og sérfræðingur í persónuverndarrétti



Innan tíðar munu ný persónuverndarlög taka gildi og leggjast með fullum þunga á fyrirtæki og atvinnulíf. Enda þótt nýja löggjöfin muni að mestu byggja á þeim meginreglum persónuverndar, sem gilt hafa frá síðustu aldamótum, hefur hún einnig að geyma mörg nýmæli, auk þess sem hún er miklum mun ítarlegri en núgildandi lög.

Eins og búast mátti við, miða nýju reglurnar að því að auka réttindi og öryggi einstaklinga. Þá hefur því verið haldið fram, að nýju reglurnar séu fyrirtækjum einnig til hagsbóta. Ef til vill má taka undir slík sjónarmið með það í huga, að reglunum er almennt ætlað að auka öryggi og traust á sviði persónuverndar í atvinnulífinu. Engu að síður er staðreynd að flestar nýju reglurnar eru íþyngjandi fyrir fyrirtæki og munu auka bæði fyrirhöfn og kostnað á þessu sviði.

Þó má segja að „ljósið í myrkrinu“ sé að finna í 25. gr. Evrópureglugerðarinnar, sem segir meðal annars: „Með hliðsjón af nýjustu tækni, kostnaði við framkvæmd og eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og áhættu, mislíklegri og misalvarlegri, fyrir réttindi og frelsi einstaklinga skal ábyrgðaraðilinn, bæði þegar ákveðnar eru aðferðir við vinnsluna og þegar vinnslan sjálf fer fram, gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir, s.s. notkun gerviauðkenna, sem hannaðar eru til að framfylgja meginreglum um persónuvernd ... og fella nauðsynlegar verndarráðstafanir inn í vinnsluna ...“

Þrátt fyrir fremur tyrfið orðalag, setur þetta ákvæði persónuvernd í raunhæft samhengi, þ.e. það fer eftir aðstæðum hverju sinni hvaða kröfur eru gerðar til fyrirtækja um persónuvernd og þannig á persónuvernd að vera „sérsniðin“ að vinnslu persónuupplýsinga hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Enda þótt margir líti á 25. gr. reglugerðarinnar sem íþyngjandi, er hún í raun það tæki, sem fyrirtæki geta beitt til að halda persónuvernd innan skynsamlegra marka og hafa hana raunhæfa miðað við starfsemina.

Þá leggur Evrópusambandið sérstaka áherslu á að íþyngja minni fyrirtækjum ekki um of þegar kemur að kröfum um persónuvernd. Þannig segir í 13. inngangsákvæði reglugerðarinnar: „Enn fremur eru stofnanir og aðilar Sambandsins og aðildarríkin og eftirlitsyfirvöld þeirra hvött til að taka tillit til sérstakra þarfa örfyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja við beitingu þessarar reglugerðar.“ Í íslensku samhengi er rétt að hafa í huga að í ofangreindan flokk falla öll fyrirtæki, sem eru með færri en 250 starfsmenn og minna en 50 milljónir evra í ársveltu.

**Engu að síður er staðreynd að flestar nýju reglurnar eru íþyngjandi fyrir fyrirtæki og munu auka bæði fyrirhöfn og kostnað á þessu sviði.**

Í persónuverndarúttekt, sem er fyrsta skref fyrirtækja við að meta áhrif nýju laganna, er þess vegna nauðsynlegt að afmarka með nákvæmum hætti hvaða reglur eiga í raun við um starfsemina og með þeim hætti má „grisja“ regluverkið og meta hvar helstu skyldur, áhætta og ábyrgð liggja í raun. Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga (enda þótt það sé yfirleitt ekki nefnt berum orðum) að 100% reglufylgni á sviði persónuverndar er útilokuð og þess vegna þarf að vega og meta áhættu annars vegar og kostnað við ýtrustu reglufylgni hins vegar og þannig að komast að niðurstöðu um raunhæfa persónuvernd.

Sem dæmi má nefna eftirfarandi atriði í slíkri úttekt:

- Tegundir persónuupplýsinga: Ríkari kröfur og þar með meiri áhætta fylgir því að vinna persónuupplýsingar sem t.d. tengjast börnum, líftækni eða mikilvægum einkahagsmunum, en persónuupplýsingar um heimilisfang fólks og símanúmer.
- Tegundir vinnslu: Vinnsla persónuupplýsinga, sem tengist gerð persónusniða (e. profiling), eftirliti með einstaklingum í stórum stíl eða felur í sér flutning persónuupplýsinga yfir landamæri og einkum út fyrir EES, lýtur mun strangari reglum en vinnsla persónuupplýsinga, sem felst í einfaldri vinnslu innan fyrirtækis á grunnupplýsingum um starfsmenn.
- Hætta á öryggisbroti: Hér koma ýmsir þættir til skoðunar, t.d. þau kerfi og hugbúnaður, sem notuð eru til vinnslunnar, hvort vinnslunni (t.d. hýsingu) er útvistað til þriðja aðila, hversu margir hafa aðgang að persónuupplýsingunum, hvernig aðgengi er takmarkað og hvernig því er stýrt, hvort kerfin eru opin eða lokuð, hvort skýþjónusta er notuð o.s.frv. Allir framangreindir þættir hafa áhrif á hversu mikil og líkleg raunveruleg áhætta er og þar með hvaða aðgerðir eru raunhæfar til að ná ásættanlegri reglufylgni.

Með ofangreint í huga, er rétt að fyrirtæki „ýti á móti“ þeim þunga, sem ný persónuverndarlög hafa í för með sér. Þannig geta fyrirtæki lágmarkað fyrirhöfn og kostnað, á sama tíma og þess er gætt, að þau mæti öllum helstu kröfum, sem ný persónuverndarlög gera til þeirra.

# Sameiginlegur fjárhagur?



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Skipting lífeyrisiðgjalda er stórt hagsmunamál og ætti að vera meira í umræðunni, einkum hjá ungu fólki. Í stuttu máli er sambúðarfólki heimilt að láta allt að helming iðgjalda sinna renna til maka, en báðir aðilar þurfa að skipta sama hlutfalli. Gildir þetta bæði um samtryggingu og séreign.

Barneignir eru gott tilefni til að velta þessu fyrir sér. Algengt er að annar makinn taki lengra fæðingarorlof en hinn og jafnvel launalaust leyfi að auki. Þar sem minna eða jafnvel ekkert er þá greitt í lífeyrissjóð er viðkomandi að fórna framtíðarréttindum. Því yngri sem við erum, því þyngra vegur það. Er sanngjarnt að ákvörðun um að vera heima með börnum bitni á réttindum á lífeyrisaldri?

Þrátt fyrir að fjárhagur sambúðarfólks sé oft sameiginlegur eru lífeyrisréttindi það ekki. Sé mikill munur á réttindum sambúðarfólks eða hjóna er staða þeirra mjög ólík þegar annað hvort þeirra fellur frá eða við skilnað. Falli sá frá sem betri réttindi hefur á maki rétt á ákveðnum makalífeyri, sem er misjafn milli lífeyrissjóða og í flestum tilvikum einungis greiddur í nokkur ár. Það er því ótvírætt meira öryggi fólgið í jöfnun lífeyrisréttinda.

**Sé mikill munur á réttindum sambúðarfólks eða hjóna er staða þeirra mjög ólík þegar annað hvort þeirra fellur frá eða við skilnað.**

Þótt lífeyrismál séu ef til vill leiðinleg og ungt fólk sýni þeim sama og engan áhuga sýnist mér þetta vekja marga til umhugsunar, nema vinir mínir séu bara að vera kurteisir og þykjast hafa áhuga þegar ég tala um lífeyri. En fæstir virðast þó hafa heyrt af þessum möguleika. Heimild til skiptingar lífeyrisiðgjalda og -réttinda er sanngirnismál sem er gott fyrir sem flesta að þekkja.

# Segja launakostnað Icelandair Group vera fílinn í stofunni

Ef flugfélagið Icelandair lækkar ekki launakostnað gæti félagið orðið undir í verðsamkeppni við önnur flugfélög, að mati greinenda Capacent. Þeir segja launakostnað félagsins nær stjórnlausan og benda á að umræddur kostnaður hafa aukist langt umfram tekjur á hverju ári frá árinu 2012.

Í nýlegu verðmati Capacent á Icelandair Group er bent á að launakostnaður, sem þeir kalla fílinn í stofunni í rekstri félagsins, hafi aukist um 26 prósent á síðasta ári en tekjurnar aðeins um ríflega 10 prósent. Á árunum 2016 og 2017 hafi launakostnaður sem hlutfall af tekjum farið úr 24,6 í 31,4 prósent.

„Ljóst er að Icelandair þarf að keyra niður launakostnað og æskilegt er að draga úr vægi íslensku krónunnar í launakostnaði. Félag eins og Icelandair getur ekki treyst á guð og lukkuna," segir í verðmati Capacent.

Aðstæður hafi verið félaginu hagfelldar á árunum 2011 til 2015. Raungengi hafi verið sögulegt lágt og launakostnaður því lægri og samkeppni minni. Nú sé samkeppnin hins vegar hörð og flugfélög keppi í verði. Of mikill kostnaður leiði til þess að flugfélög verði undir í verðsamkeppni.




„Capacent treystir á að stjórnendur Icelandair séu í fullri alvöru að skoða þann möguleika og leita allra leiða til að lækka kostnað. Það er ljóst að ef verð verður ráðandi í ákvörðunartöku farþega í framtíðinni mun Icelandair standa höllum fæti."

Sérfræðingar Capacent hafa lækkað verðmat sitt á Icelandair um 10 prósent í íslenskum krónum og meta nú gengi bréfa félagsins á 17,5 krónur á hlut. Til samanburðar var markaðsgengið um 16 krónur á hlut í gær. **– kij**

## Lagt til að Jón fái 1,4 milljóna króna greiðslu

Stjórn N1 leggur til við aðalfund félagsins, sem fram fer í næsta mánuði, að stjórnarmaðurinn Jón Sigurðsson fái ríflega 1,4 milljóna króna greiðslu fyrir störf sín sem formaður fjárfestingaráðs N1 á síðasta ári. Greiðslan bætist við stjórnarlaun Jóns sem námu 4,4 milljónum króna í fyrra.

Jón og Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1, sitja í fjárfestingaráði félagsins en hlutverk þess er að vinna að greiningum og tillögum stjórnar um fjárfestingar. Eins og kunnugt er var skrifað undir kaupsamning vegna kaupa N1 á Festi á síðasta ári en kaupin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Stjórn N1 leggur auk þess til að Jón fái, sem formaður fjárfestingaráðsins, 140 þúsund krónur á mánuði á þessu ári. Bætist sú greiðsla við 360 þúsund króna mánaðarlaun hans sem stjórnarmanns.

Þá er lagt til að stjórnarlaun stjórnarformanns N1 verði 720 þúsund krónur á mánuði á þessu ári og mánaðarlaun varaformanns stjórnar 540 þúsund krónur. Margrét Guðmundsdóttir hefur gegnt stjórnarformennsku í N1 frá 2012 en Helgi Magnússon er varaformaður stjórnar. **– kij**

## Ávöxtun olíusjóðsins 13,7 prósent

Norski olíusjóðurinn, sem er stærsti fjárfestingarsjóður í ríkiseigu í heiminum, skilaði 13,7 prósenta ávöxtun á síðasta ári. Jafngildir það um 131 milljarði dala eða sem nemur tæplega 13.200 milljörðum króna. Ávöxtun sjóðsins á síðasta ári er sú þriðja mesta á einu ári frá stofnun hans árið 1990.

**19%**

**var ávöxtun hlutabréfa norska olíusjóðsins í fyrra.**

Afkoman skýrist einkum af góðri ávöxtun hlutabréfa sjóðsins en hún nam 19,4 prósentum í fyrra. Fasteignir í eigu sjóðsins skiluðu 7,5 prósenta ávöxtun en skuldabréf aðeins 3,3 prósenta ávöxtun. Í frétt Financial Times segir að það hafi einkum verið hlutabréf í tæknifyrirtækjum, svo sem Apple, Tencent og Microsoft, sem hafi stuðlað að ríkulegri ávöxtun olíusjóðsins.

Sjóðurinn hefur vaxið leifturhratt frá stofnun og á að meðaltali um 1,4 prósenta hlut í hverju einasta skráða fyrirtæki í heiminum.

Yngve Slyngstad, framkvæmdastjóri sjóðsins, sagði í fjárfestum á fundi fyrr í vikunni að þeir mættu búast við miklum sveiflum í ávöxtun sjóðsins á næstu árum, enda væri sjóðurinn berskjaldaður gagnvart sveiflum á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum. **– kij**



## Skotsilfur

### Í góðum félagsskap



**Árni Mathiesen** ávarpaði í síðustu viku Oxford Union, málfundafélag stúdenta við hinn fornfræga Oxford-háskóla, á fundi um alþjóðlegu fjármálakreppuna. Árni, sem gegndi embætti fjármálaráðherra á árunum 2005 til 2009 en starfar í dag sem aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, ræddi meðal annars hvernig stjórnvöld víða um heim hefðu brugðist við þeim brestum sem komu berlega í ljós í kreppunni. Auk Árna voru dr. Yaga Venugopal Reddy, bankastjóri Seðlabanka Indlands á árunum 2003 til 2008, og vogunarsjóðsstjórinn Steve Eisman, sem var ein af söguhetjum bókarinnar The Big Short, á meðal ræðumanna á fundinum.

### Jón Eggert til ÍV



**Jón Eggert Hallsson** hefur tekið til starfa sem forstöðumaður eignastýringar Íslenskra verðbréfa. Tekur hann við starfinu af Birni Snæ Guðbrandssyni sem hefur gengið til liðs við Landsbréf. Jón Eggert hefur starfað á fjármálamarkaði frá árinu 2005. Hann sagði upp störfum hjá Kviku banka snemma á síðasta ári, þar sem hann hafði starfað í markaðsviðskiptum, en hann var ráðinn til Straums, forvera Kviku, árið 2015. Áður hafði hann starfað hjá meðal annars Expectus, J Bond Partners, Íslandsbanka og Glitni.

### Leituðu til BBA



Íslenska lögmannsstofan BBA/Legal veitti norska álframleiðandanum Norsk Hydro ráðgjöf í tengslum við tilboð framleiðandans í álver Rio Tinto í Straumsvík. Tilboðið, sem hljóðaði upp á jafnvirði 35 milljarða króna, náði einnig til hollenskrar skautverksmiðju og sænskrar álflúoríðverksmiðju. Það var **Baldvin Björn Haraldsson**, einn eigenda og stofnenda BBA/Legal, sem leiddi ráðgjafarvinnu lögmannsstofunnar, en fyrirhuguð kaup Norðmannanna eru með þeim stórtækari sem erlent félag hefur ráðist í hér á landi frá falli fjármálakerfisins fyrir áratug.

## Hagnaður í fyrsta sinn í tíu ár




Ross McEwan, bankastjóri Royal Bank of Scotland, sem er í 71 prósents eigu breska ríkisins, hafði ástæðu til að gleðjast í síðustu viku þegar bankinn tilkynnti að hann hefði skilað hagnaði í fyrra í fyrsta sinn í tíu ár. Bankastjórinn sagði að um væri að ræða „táknræn tímamót“ í endurreisn bankans eftir alþjóðlegu fjármálakreppuna. Bankinn skilaði 752 milljóna punda hagnaði í fyrra samanborið við 7 milljarða punda tap árið 2016. NORDICPHOTOS/GETTY

# Stöðugleikasjóður auki samkeppnishæfni Íslands



**Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er stefnt að stofnun stöðugleikasjóðs sem er eitt afbrigði af þjóðarsjóði (e. sovereign wealth fund). Slíkur sjóður verður stofnaður utan um arð af auðlindum landsins og byrjað á orkuauðlindinni. Hlutverk sjóðsins verður að byggja upp viðnám til að mæta fjárhagslegum áföllum.

Ríki heims hafa sett á laggirnar slíka sjóði í margvíslegum tilgangi. Fjárfestingastefna tekur mið af tilgangi sjóðsins. Í skýrslu sem gefin er út á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um þjóðarsjóði, stjórnarhætti og stýringu eigna þeirra segir að tilgangur slíkra sjóða geti verið einn af eftirfarandi:

- Stöðugleikasjóðir hafa það markmið að einangra ríkisfjármál og hagkerfi frá sveiflum í hrávöruverði og ytri áföllum.
- Söfnunarsjóðir sem hafa það hlutverk að varðveita fjármuni fyrir komandi kynslóðir. Verðmæti af óendurnýjanlegum auðlindum eru þannig fjárfest í verðbréfum.
- Þróunarsjóðir eru settir á laggirnar til að fjárfesta í innviðum.
- Ríki hafa stofnað sjóði til að eiga fyrir áföllnum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs.
- Varasjóðir sem taldir eru til gjaldeyrisvaraforða og fjárfesta til lengri tíma með það fyrir augum að draga úr mun innlendra og erlendra vaxta.

Þjóðarsjóðir geta gegnt mikilvægu hlutverki við hagstjórn. Slíkir sjóðir geta haft áhrif á opinber fjármál, peningastefnu og gengi gjaldmiðils. Ef rétt er á spilum haldið getur slíkur sjóður og stýring hans haft jákvæð áhrif á hagkerfi ríkja og aukið stöðugleika. Þannig geta þjóðarsjóðir bætt samkeppnisstöðu og aukið framleiðni og verðmætasköpun samfélaginu til heilla. Höfuðmáli skiptir að stjórnarhættir sjóðsins styðji ekki við freistnivanda sem óhjákvæmilega getur verið til staðar, til dæmis í opinberum fjármálum.

**Stærsti sjóður heims á 20 árum**

Norski olíusjóðurinn er stærsti þjóðarsjóður heims. Sjóðurinn er í senn stöðugleikasjóður og söfnunarsjóður. Hlutverk hans er að einangra olíuauð Norðmanna frá hagkerfinu til þess að koma í veg fyrir „hollensku veikina,“ þ.e. að ráðstöfun olíuauðsins ryðji atvinnugreinum í erlendri samkeppni úr vegi, ekki síst með því að gengi norsku krónunnar styrkist um of og veiki þannig samkeppnisstöðu landsins. Hlutverkið er einnig að veita kynslóðum framtíðarinnar hlutdeild í olíuauðnum – afrakstri óendurnýjanlegrar auðlindar.

Fyrstu fjármunir runnu inn í sjóðinn árið 1996. Sjóðurinn fjárfestir eingöngu í skráðum hlutabréfum og skuldabréfum utan Noregs auk fasteigna víða um heim. Um helmingur fjármuna sjóðsins er nú tilkominn vegna ávöxtunar, nokkuð meira en andvirði olíuvinnslu sem nemur um 40% af sjóðnum. Þetta sýnir mikilvægi þess að safna fé og ávaxta það svo slíkur sjóður geti verið það afl sem að var stefnt. Árleg raunávöxtun sjóðsins frá ársbyrjun 1998 til september 2017 nemur 4,1%. Þessi raunávöxtun kemur til af fjárfestingum í skráðum verðbréfum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Áhugavert er að bera þetta saman við ávöxtunarmarkmið íslenskra lífeyrissjóða sem er 3,5% raunávöxtun mælt í íslenskum krónum. Að hámarki má nota 3% af höfuðstól sjóðsins árlega til ríkisrekstrar og með þeim hætti fjárfestir sjóðurinn í uppbyggingu innviða í Noregi. Í norsku fjárlögunum fyrir 2018 var gert ráð fyrir að nýta 2,9% af sjóðnum en sú fjárhæð samsvarar um 18% af útgjöldum norska ríkisins í ár.

**Dregið úr sveiflum**

Á Íslandi er helstu náttúruauðlindum stýrt á sjálfbæran hátt og eru þær því endurnýjanlegar samanber sjávarútveg, orkuauðlindir og tengdan iðnað og aðdráttarafl íslenskrar náttúru fyrir erlenda ferðamenn. Hér á landi er einnig eitt öflugasta lífeyriskerfi í heimi sem er vel fjármagnað til framtíðar litið. Með hliðsjón af þessu og skilgreiningunni hér að ofan, sem tekin er úr skýrslu AGS, kæmi því til greina að íslenskur þjóðarsjóður væri stöðugleikasjóður, þróunarsjóður sem fjárfesti í innviðum landsins, varasjóður sem fjárfesti hluta gjaldeyrisvaraforðans eða blanda af þessu þrennu.

# Farsælt samspil stjórnar og framkvæmdastjóra



**Hulda Ragnheiður Árnadóttir**
framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar Íslands, Dipl. í góðum stjórnarháttum og FKA-félagskona

Það er mikill fengur að stjórnarmönnum sem taka hlutverk sitt alvarlega og axla þá ábyrgð sem þeim hefur verið falin.

Hafa þarf í huga að það er hlutverk stjórnar að marka stefnu fyrirtækisins og ákveða áhættuvilja en framkvæmdastjórinn framkvæmir stefnu stjórnar. Í reynd verða stjórnin og framkvæmdastjórinn að móta stefnuna saman og vera samstíga um framkvæmdina. Stjórnarmenn sem vilja móta markvissa stefnu og fylgja henni eftir á stjórnarfundum eru að sinna hlutverki sínu vel. Þeir sem spyrja spurninga um reksturinn eru líklegri til að skilja um hvað hann snýst og stuðla að betur ígrundaðri ákvörðunartöku.

Góð yfirsýn og skýr framkvæmd eru augljósir kostir í fari framkvæmdastjóra. Það er þó þannig að oft sjá þeir sem standa næst verkefnunum ekki „skóginn fyrir trjánum“ og þeim getur auðveldlega yfirsést mikilvægir þættir í rekstrinum. Þá er mikið öryggi í því að hafa öfluga stjórn sem veigrar sér ekki við að spyrja nauðsynlegra spurninga. Stjórnarmenn þurfa að vita hvaða áherslur eiga að vera í forgrunni í fyrirtækinu og bera ábyrgð á því að þeim sé fylgt. Stjórnarmenn sem hafa skoðun á gæðum gagna og framsetningu eru líklegri til þess að stuðla að framförum í stjórnarháttum. Framsetning, birting og skjölun stjórnargagna leikur lykilhlutverk í stjórnarstarfinu og endurspeglar iðulega gæði þess.

Mikilvægt er að hafa í huga að spurningar stjórnarmanna lýsa ábyrgri stjórnun en ekki vantrausti á framkvæmdastjórann. Stjórnarmaður þarf að spyrja spurninga til að fá vissu fyrir að starfsemin sé eins og hún á að vera. Stjórnarmaður sinnir starfi sínu af kostgæfni ef hann tryggir að stefnu, lögum og reglum sé fylgt, að áhættustýring sé fagleg og vel skipulögð og upplýsingagjöf sé gegnsæ og skýr. Áður en stjórnarmaður tekur endanlega afstöðu til málefna er það á hans ábyrgð að tryggja að hann sé nægilega upplýstur. Til að svo sé getur stjórnin þurft að leita utanaðkomandi ráðgjafar. Við skulum því fagna öllum spurningunum sem fram koma því þær eru vísbending um að stjórnarmaðurinn geri það sem í hans valdi stendur til að starfa í anda góðra stjórnarhátta.

# HB HÚSGAGNABANKINN

## RÝMINGARSALA VEGNA FLUTNINGA

**Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is**



Quattro sófasett
Alklætt ekta leðri
Tilboð **290.000**



Houston sófasett
Alklætt ekta leðri
Tilboð **310.000**



Club sófasett
Alklætt ekta leðri
Tilboð **270.000**



Rubelli hægindastóll
Í sterku áklæði
Tilboð **53.000**



Rubelli hægindastóll
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **74.000**



Carrera hægindastóll
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **71.000**



Bronson rafknúinn hægindastóll
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **119.000**



Carrera 2 mótora lyftistóll
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **127.000**



Carrera 2 mótora lyftistóll
Í sterku áklæði
Tilboð **100.000**



Carrera 1 mótors lyftistóll
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **114.000**



Hornskápur
Mahogany
Tilboð **86.000**



Innskotsborð
Mahogany eða Hnota
Tilboð **38.000**



Sófaborð
Mahogany eða Hnota
Tilboð **63.000**



Sjónvarpsskápur
Mahogany
Tilboð **83.000**



Viceroy rafknúinn hægindasófi
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **225.000**

Opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga

**www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030**

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 28. febrúar 2018

FRÉTTABLAÐIÐ frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Sigurhjörtur til Korta

Sigurhjörtur Sigfússon, fyrrverandi forstjóri verkfræðistofunnar Mannvits, hefur verið ráðinn forstöðumaður fjárstýringar Kortaþjónustunnar. Hann lét af störfum hjá Mannviti síðasta haust eftir að hafa gegnt starfi fjármálastjóra og síðar forstjóra frá árinu 2012.

Nokkrar breytingar hafa orðið á yfirstjórn Kortaþjónustunnar að undanförnu. Björgvin Skúli Sigurðsson var ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins í byrjun ársins og stuttu síðar tók Gísli Heimisson til starfa sem forstöðumaður hugbúnaðarsviðs.


**Sigurhjörtur Sigfússon.**

Kortaþjónustan rambaði á barmi gjaldþrots eftir greiðslustöðvun flugfélagsins Monarch í október. Í kjölfarið var gengið frá sölu á fyrirtækinu til hóps fjárfesta, sem var leiddur af Kviku, á eina krónu, en hópurinn lagði Kortaþjónustunni einnig til nærri 1.500 milljónir í nýtt hlutafé. – kij

**26.02.2018**

**Við höfum sagt að aðaltilgangurinn sé að bæta lífskjör fólks sem hefur sannanlega tekist og á hraðari máta en nokkru sinni fyrr í Íslandssögunni.**



Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Sjóðir, sjóðir alls staðar

**Fyrir dyrum standa nú tveir stórir samrunar á íslenskum smásölumarkaði. Annars vegar eru það kaup Haga á Olís, og hins vegar kaup N1 á Festi sem rekur meðal annars verslanir Krónunnar. Báðir samrunar eru nú til umfjöllunar hjá Samkeppniseftirlitinu.**

**Ef marka má fréttir gærdagsins er það helst krosseignarhald lífeyrissjóðanna í félögunum tveimur sem veldur Samkeppniseftirlitinu heilabrotum, og er líklegt að eftirlitið setji skilyrði sem setji áhrifum lífeyrissjóðanna takmörk. Er þar bæði rætt um skilyrði er lúta að rétti lífeyrissjóða til að tilnefna fulltrúa í stjórn, og einnig takmarkanir á atkvæðisrétti sjóðanna á hluthafafundum.**

**Þetta verður að teljast skynsamlegt upplegg hjá Samkeppniseftirlitinu. Staðreyndin er nefnilega sú að þótt lífeyrissjóðir hafi þá ímynd að vera þöglir hluthafar, er sú alls ekki alltaf raunin á Íslandi. Margir fulltrúar lífeyrissjóðanna beita sér talsvert gegnum stjórnarsetu og taka beinan þátt í rekstrinum.**

**Svo litið sé til hluthafahópa Haga og N1, þá er LSR til að mynda stærsti hluthafi bæði Haga og Skeljungs og sá næststærsti hjá N1. Sami sjóður er einnig stór hluthafi hjá Festi. Það sér hver maður að ekki gengur á samkeppnismarkaði að fulltrúar sömu aðila sitji í öllum sætum við hringborðið. Nálgun sem þessi væri líka til samræmis við þá sem beitt hefur verið, t.d. hvað varðar kaup Fjarskipta á eignum 365, en í því tilviki var fulltrúum 365 meinað að taka sæti í stjórn, að minnsta kosti á meðan sömu aðilar ættu Fréttablaðið.**

**Hví skyldi ekki hið sama gilda um lífeyrissjóði og einkaaðila?**

**Annars virðist sem ekkert lát ætli að verða á samrunum á smásölumarkaði. Glöggir áhugamenn um hlutabréfamarkaðinn þóttust þannig taka eftir því í uppgjörskynningu Skeljungs að til stæði að endurvekja hugmyndir um kaupin á Baskó, sem meðal annars rekur 10/11.**

**Nóg eru verkefnin hjá Samkeppniseftirlitinu.**














Frábært tækifæri í ferðaþjónustu

# HRAUNBORGIR

**Til sölu ferðaþjónustuaðstaðan í Hraunborgum. Um er að ræða þjónustumiðstöð með sundlaug og tjaldsvæði, níu sumarhús og 10 hektara leigulóð með miklum möguleikum á aukinni nýtingu og frekari uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu.**

Svæðið er vel staðsett við Gullna hringinn og býður því upp á góða möguleika tengda ferðaþjónustu. Á svæðinu er m.a. þjónustumiðstöð, sundlaug, mini golfvöllur, tjaldsvæði, salerni og leikvöllur.

| Þjónustumiðstöð | Sumarhús |
|---|---|
| Félagsaðstaða | Alls 9 hús - hvert um sig 41 fm |
| Sundlaug og heitir pottar | Öll með heitum potti |
| Gufubað | Rafmagn og hiti í öllum húsunum |
| Samtals um 409 fm | |

**Óskað er eftir tilboðum í eignina.**






**NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFUR**



Guðlaugur I. Guðlaugsson
löggiltur fasteignasali
**gudlaugur@eignamidlun.is**
**864 5464**



EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



✝

Elskulegur bróðir okkar,
mágur og frændi,

**Ásgeir Tómasson**

frá Reynifelli, Rangárvöllum,
síðast til heimilis að Kollabæ
í Fljótshlíð,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 23. febrúar.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn
5. mars kl. 13.00.

**Fanney Tómasdóttir**
**Trausti Tómasson**
**Unnur Tómasdóttir** **Karl Reynir Guðfinnsson**
**Birgir Tómasson**
**og systkinabörn.**



✝

Móðir mín, tengdamóðir og langamma,

**María Hildur Guðmundsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð
laugardaginn 24. febrúar 2018.
Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju
fimmtudaginn 8. mars kl. 13.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á LAUF – Félag
flogaveikra eða Alzheimersamtökin.

**Rannveig Sigurgeirsdóttir** **Sverrir Jónsson**
**Erla Jóna Sverrisdóttir**
**Aron Logi Andrason, Skarphéðinn Elí Andrason**



✝

Hjartans þakkir til allra fyrir
auðsýnda samúð og hlýhug vegna
fráfalls ástkærs eiginmanns míns,
föður okkar, stjúpföður, tengdaföður,
afa og langafa,

**Valgarðs Sigmarssonar**

Sérstakar þakkir sendum við Eiríki
Jónssyni lækni, heimahlynningu, læknum
og starfsfólki líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir frábæra
umönnun og hlýju. Einnig þökkum við félögum í
Kiwanisklúbbnum Eldborg fyrir veittan stuðning.

**María Einarsdóttir, Valgarð Már, Hafsteinn, Valdís,**
**Viggó, Hugrún, Kristrún, Matthías og fjölskyldur.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, sonur,
afi, bróðir og fyrrverandi eiginmaður,

**Kristinn Sveinbjörnsson**

byggingafræðingur,
Kringlunni 87,

lést á Landspítalanum Grensási
þriðjudaginn 20. febrúar sl. Útförin fer
fram í Fossvogskirkju föstudaginn 2. mars kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvini
Grensásdeildar.

**Helga Kristinsdóttir** **Helgi Hjartarson**
**Berglind Kristinsdóttir** **Axel Valur Birgisson**
**Elínóra Kristinsdóttir** **Karl Konráðsson**
**Herdís Kristinsdóttir** **Rafn Hermannsson**
**Bjarni Kristinsson** **Ingunn Loftsdóttir**
**Helga Kristinsdóttir eldri**
**Valgerður Bjarnadóttir, barnabörn**
**og systkini hins látna.**



✝

Þökkum auðsýnda samúð og
hlýhug við andlát og útför ástkærrar
eiginkonu, móður, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

**Vilborgar Árnýjar Einarsdóttur**

þroskaþjálfa,
Stórateigi 13, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki líknardeildar
Landspítala og heimahlynningar.

**Einar Hólm Ólafsson**
**Ingibjörg Hólm Einarsdóttir** **Jón Guðmundur Jónsson**
**Ólafur Hólm Einarsson** **Elva Brá Aðalsteinsdóttir**
**ömmubörn og langömmubarn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, afi, sonur, tengdasonur,
bróðir, mágur og frændi,

**Óli Fjalar Ólason**

Grundargötu 49, Grundarfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun
Vesturlands Akranesi föstudaginn
23. febrúar síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá
Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 3. mars kl. 14.

**Anna Kristín Magnúsdóttir**
**Samúel Karl Ólason**
**Stefán Viðar Ólason**
**Heiður Björk Óladóttir**
**Aþena Björk Viktorsdóttir**
**Bára Guðmundsdóttir**
**og systkini hins látna.**



✝

Okkar ástkæra

**Ágústa Katrín Þórjónsdóttir**

Völvufelli 4, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 20. febrúar
á Landspítala Fossvogi.
Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju
föstudaginn 2. mars kl. 13.

**Ottó Ragnarsson**
**Hjördís Harðardóttir** **Þórir Ágúst Þorvarðarson**
**Þórjón Pétur Pétursson** **Birna Dís Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri unnusti, faðir,
sonur, bróðir og mágur,

**Heimir Klemenzson**

frá Dýrastöðum,

er lést 20. febrúar, verður jarðsunginn
frá Reykholtskirkju laugardaginn 3. mars
kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega
afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á
styrktarreikning 0309-13-110278, kt. 041088-3629.

**Iðunn Hauksdóttir**
**Ingibjörg Heimisdóttir**
**Ragnheiður Steinunn Hjörleifsdóttir**
**Hlynur Klemenzson – Anja Mager**



✝

Þökkum auðsýnda samúð
og hlýhug við útför elskulegrar
eiginkonu minnar, móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðnýjar Aradóttur**

Fróðengi 3, Reykjavík.

**Karl Jónasson**
**Karl M. Karlsson** **Rósa P. Sigtryggsdóttir**
**Björg Karlsdóttir** **Örn Guðnason**
**Ari Karlsson** **Dóra Camilla Kristjánsdóttir**
**Kristjana Jónsdóttir**
**Björn Karlsson** **Svanhildur Rún Þórarinsdóttir**
**Gísli S. Karlsson** **Sigurbjörg Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorsteinn Skúli Bjarnason**

húsasmíðameistari,
áður til heimilis að Hlíðarbraut 9,
Hafnarfirði,

lést laugardaginn 17. febrúar á Landspítalanum í Fossvogi.
Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn
2. mars kl. 13.00.

**Ásta Arnórsdóttir**
**Árný Skúladóttir** **Friðrik Guðlaugsson**
**Sólveig A. Skúladóttir**
**Arnór Skúlason** **Margrjet Þórðardóttir**
**Skúli Skúlason** **Katrín Guðbjartsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## Merkisatburðir

**1261** Eiríkur klipping Danakonungur og móðir hans, Margrét Sambiria, bíða ósigur í bardaga við Eirík hertoga af Slésvík og bandamenn hans og eru handtekin og höfð í haldi í Hamborg um skeið.

**1910** Fjöldi báta skemmist í ofsaveðri við suðvestanvert Ísland og talið víst að tíu manns á bát hafi drukknað.

**1920** Þilskipið Valtýr ferst og með því þrjátíu manns fyrir sunnan land.

**1935** Nælon er fundið upp af Wallace Carothers.

**1941** Belgískt flutningaskip, Persier að nafni, 8.200 lestir, strandar á Dynskógafjöru austan Hjörleifshöfða.



**1950** Breska olíuflutningaskipið Clam strandar við Reykjanes. Björgunarsveitin Þorbjörn í Grindavík bjargar 23 mönnum en 27 farast, flestir þeirra frá Kína.

**1986 Olof Palme,** forsætisráðherra Svíþjóðar, er myrtur í Stokkhólmi.



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts og
útfarar ástkærs eiginmanns míns,
föður okkar, tengdaföður, afa og
langafa,

**Jóns Friðriks Zóphoníassonar**

frá Stokkseyri.

**Rannveig Hansína Jónasdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórhalla Karlsdóttir**

Stigahlíð 36,

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum
Mosfellsbæ fimmtudaginn 15. febrúar.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
fimmtudaginn 1. mars kl. 13.00. Blóm og kransar
vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar
er bent á Múlabæ.

**Sigríður Austmann** **Þórarinn Magnússon**
**Helga Austmann** **Guðlaugur H. Sigurgeirsson**
**Eymundur Jóhannsson** **Emilía Sveinbjörnsdóttir**
**Viðar Austmann**
**Elfa Dís Austmann** **Páll Blöndal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær dóttir okkar, barnabarn,
mamma, systir, mágkona, frænka
og vinkona,

**Sunneva Edith Fjeldsted**

varð bráðkvödd þann 18. febrúar
síðastliðinn. Útförin fer fram frá
Lindakirkju föstudaginn 2. mars klukkan
13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á
styrktarreikning fyrir syni hennar, 0536-05-410144,
kt. 160179-5389.

**Bryndís Sigurjónsdóttir**
**Ragnar Reynisson** **Marianne Johannessen**
**Reynir Ragnarsson**
**Baldur Elmar Hauksson**
**Elvar Máni Hauksson**
**Bjartur Elí Artursson**
**Baldur Freyr Einarsson** **Barbara Hafey Þórðardóttir**
**Reynir Ragnarsson**
**Anton Ragnarsson** **Aurélie Avorio**
**Dagur Hjartarson**
**Haukur Elmar Bjarnason**
**frændsystkini.**





HEIMA VÖRN+

## HVAR SEM ÞÚ ERT

Með Heimavörn+ stjórnar þú, stillir og fylgist með í appinu og getur bætt við skynjurum, snjalltengjum og aukabúnaði eins og þér hentar. Sólarhringsvakt Securitas og samstarf við Alarm.com tryggir þér fullkomið heimiliskerfi og öruggar lausnir sem þjóna milljónum heimila um víða veröld.

Hringdu í 580 7000 eða farðu á heimavorn.is

SECURITAS

SAMSTARFSAÐILI ALARM.COM

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Hæg breytileg átt í dag og lítils háttar væta en yfirleitt þurrt sunnan til. Norðankaldi um kvöldið og slydda og síðar snjókoma um landið norðanvert. Kólnar í veðri.










### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 3 | 7 | | | | 1 | |
| | 8 | 2 | 5 | | | | | 4 |
| 5 | | | 6 | 2 | 3 | 7 | | |
| 4 | | 1 | | | 2 | 5 | 9 | |
| | | | | 3 | 7 | | 6 | 1 |
| 3 | 9 | | | | | | 2 | |
| | | | 2 | 1 | 5 | | | |
| 8 | 4 | 9 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 8 | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | | | | 4 | | 8 | |
| 2 | 3 | 6 | 9 | | | 1 | | 7 |
| | | 4 | | | 3 | | | |
| 4 | | 2 | | | | | 1 | 6 |
| | 9 | | | | | | 5 | |
| | 6 | | 7 | | | 8 | | |
| | | | 2 | 4 | | 3 | | |
| 3 | | | 5 | 6 | | | 7 | |
| 9 | | | 3 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | 2 | | |
| 9 | 6 | 8 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | 7 | 9 | 1 | | |
| | | 3 | 2 | | | 5 | | |
| | 1 | 6 | | | 5 | | 7 | |
| | | | 4 | | | | 6 | |
| | | | | 9 | 8 | 6 | | |
| | | | 7 | | 1 | | | |
| | 4 | | | | | | | 1 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. fótmál
5. kk nafn
6. reyndar
8. krydd
10. í röð
11. mjög
12. ávöxtur
13. hluta
15. ásjóna
17. dingla

**LÓÐRÉTT**
1. samþýða
2. drykkjarílát
3. stígandi
4. fell
7. útskýra
9. spilaþraut
12. lyktir
14. sár
16. rómversk tala

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. skref, 5. ari, 6. jú, 8. múskat, 10. rs, 11. all, 12. epli, 13. muna, 15. andlit, 17. dilla. **LÓÐRÉTT:** 1. samrýma, 2. krús, 3. ris, 4. fjall, 7. útlista, 9. kapall, 12. endi, 14. und, 16. il.

## Skák Gunnar Björnsson

Bogoljubov átti leik gegn Aljekín árið 1929.

**Hvítur á leik**

**1. Hxc7+! Dxc7 2. Rc5+ Kb6 3. Dxc7+! Kxc7 4. Rxe6+ Kc8 5. Rxd8 1-0.** Íslandsmót skákfélaga hefst á morgun í Rimaskóla.

**www.skak.is:** Styttist í GAMMA Reykjavíkurskákmótið.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 2 | 9 | 8 | 4 | 6 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 9 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 | 4 |
| 1 | 5 | 4 | 3 | 2 | 9 | 8 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 6 | 4 | 1 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 1 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 | 4 | 8 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 9 | 3 |
| 1 | 9 | 2 | 7 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 3 | 6 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 1 | 9 | 2 | 6 | 3 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 3 | 4 | 5 | 1 |
| 3 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 4 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


## Stjórnarkjör

Skv 34. grein félagsins skal tveim mánuðum fyrir aðalfund ár hvert auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstöður samkvæmt 23. og 24. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi, auk þess fjórir menn til vara. Einnig skal kjósa þrjá menn í trúnaðarráð og þrjá til vara, tvo endurskoðendur og einn til vara og tvo menn í kjörstjórn.

Til að bera fram lista eða tillögu til stjórnarkjörs, trúnaðarráðs eða annarra trúnaðarstarfa, þarf skriflega staðfestingu þeirra sem á listanum eru. Komi aðeins fram einn listi eða tillaga um menn í trúnaðarstöður, þarf kosning ekki að fara fram.

**Umsóknarfrestur er til 15. mars 2018**

Umsóknum skal skila til skrifstofu félagsins Stórhöfða 31 merkt: Stjórnarkjör FÍS

*Stjórn Félags íslenskra Símamanna*


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Coca-Cola
LAUGARÁSBÍÓ – bara lúxus –
5% midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Jennifer Lawrence Joel Edgerton Matthias Schoenaerts Jeremy Irons
RED SPARROW
Sýnd kl. 8 - FORSÝNING
FULLIR VASAR
Sýnd kl. 5.50, 8, 10.45
BLACK PANTHER Sýnd kl. 7.50, 10.35
FIFTY SHADES FREED Sýnd kl. 10.10
PADDINGTON 2 Sýnd kl. 5.30
LÓI Sýnd kl. 5.30
LAUGARÁSBÍÓ KYNNIR NÝ VIÐMIÐ Í BÍÓUPPLIFUN Á ÍSLANDI
AXL
DOLBY ATMOS LUXURY · LASER

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
Frábær grínmynd
JASON BATEMAN RACHEL MCADAMS GAME NIGHT
81% THE WRAP VILLAGE VOICE ROGEREBERT.COM
WASHINGTON POST USA TODAY BLACK PANTHER ENTERTAINMENT WEEKLY LOS ANGELES TIMES 97%
92% 13 ÓSKARS-TILNEFNINGAR Þ.Á.M. BESTA MYNDIN BESTI LEIKSTJÓRINN BESTA AÐALLEIKKONAN THE SHAPE OF WATER
Jennifer Lawrence Joel Edgerton Jeremy Irons RED SPARROW Forsýnd í kvöld
Gary Oldman WASHINGTON POST ROGEREBERT.COM 6 ÓSKARS-TILNEFNINGAR Þ.Á.M. BESTA MYNDIN BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI DARKEST HOUR
Meryl Streep og Tom Hanks í nýrri stórmynd frá Steven Spielberg
2 ÓSKARS-TILNEFNINGAR BESTA MYNDIN BESTA LEIKKONAN -MERYL STREEP
The Post

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| GAME NIGHT | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| BLACK PANTHER 2D | KL. 5:30 - 8:30 - 10:20 | 12 |
| BLACK PANTHER 2D VIP | KL. 5:30 - 8:30 | VIP |
| BLING ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| THE SHAPE OF WATER | KL. 5 - 7:40 | 16 |
| FIFTY SHADES FREED | KL. 10:20 | 16 |
| DARKEST HOUR | KL. 5 - 7:40 | 9 |
| DEN OF THIEVES | KL. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| GAME NIGHT | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| BLACK PANTHER 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| BLACK PANTHER 2D | KL. 5 - 8 - 10:45 | 12 |
| THE 15:17 TO PARIS | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| WINCHESTER | KL. 10:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| GAME NIGHT | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| BLACK PANTHER 3D | KL. 4:40 - 7:30 - 10:20 | 12 |
| BLING ÍSL TAL | KL. 6 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI – NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| LA BOHEME ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 6 | L |
| RED SPARROW | KL. 10 | 16 |
| GAME NIGHT | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| BLACK PANTHER 3D | KL. 9:30 | 12 |
| BLACK PANTHER 2D | KL. 7:10 | 12 |
| THE POST | KL. 5:30 | 6 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| GAME NIGHT | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| BLACK PANTHER 3D | KL. 7:30 - 10:20 | 12 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 28. FEBRÚAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Vorkoma
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hofi, Akureyri
Sópransöngkonan Álfheiður Erla Guðmundsdóttir og píanóleikarinn Eva Þyri Hilmarsdóttir fagna vorkomunni með norrænum sönglögum. Á tónleikunum munu meðal annars hljóma lög eftir Grieg, Sibelius, Heise, Stenhammar, Jórunni Viðar og frumflutningur laga eftir Guðmund Emilsson. Miðasala á mak.is.

**Hvað?** Kjallaradjass
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallaranum
Hópurinn sem gerði mánudaga spennandi í fyrsta sinn í sögunni með Mánudjass á Húrra ætlar að sanna í eitt skipti fyrir öll að miðvikudagar eru hinir nýju fimmtudagar. Þeir munu tvinna litríka samba-ryþma og almenna gleði inn í grámóskulegt háskólasamfélagið. Kvöldin eru með frjálslegu ívafi og allir sem vilja syngja, dansa eða spila á hljóðfæri eru velkomnir og hvattir til að stíga fram í sviðsljósið og taka þátt.

**Hvað?** Brött Brekka, Great Grief, Spünk og World Narcosis á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu

### Viðburðir

**Hvað?** Barbara Árnason og barnabókin í 100 ár á Menningu á miðvikudögum
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Menningarhúsin í Kópavogi
Í dag verður boðin hádegisleiðsögn í Menningarhúsunum í Kópavogi um tvær sýningar sem fjalla um barnabókina. Leiðsögnin hefst í Gerðarsafni þar sem barnabókateikningar og önnur verk Barböru Árnason verða sýnd en sýningin sem stendur á 1. hæð safnsins er hluti af viðburðaröðinni Barnabókin í 100 ár sem stendur yfir á aðalsafni Bókasafns Kópavogs í febrúar. Seinni hluti leiðsagnarinnar fer fram á aðalsafni Bókasafns Kópavogs þar sem sýningin Áhrifavaldar æskunnar – íslenskar barnabækur fyrr og nú stendur nú yfir. Á sýningunni má sjá bækur frá ólíkum tímum þar sem gestir geta rifjað upp gamlar minningar og séð hvað aðrar kynslóðir hafa lesið sér til yndis. Sýningarstjóri er Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir hönnuður og mun hún leiða gesti um sýninguna.



**Kári Viðarsson verður með tónlistaruppistand sem er sérstök styrktarsýning fyrir Íslandsdeild Amnesty International.**

**Hvað?** Palestínufundur í Friðarhúsinu
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Friðarhúsinu, Njálsgötu
Anees Mansour segir frá ástandinu á Gaza og barnastarfi Hope and Peace Foundation í Rafah. Hann mun einnig greina frá ótrúlegum erfiðleikum sem felast í ferðum til og frá Gaza vegna umsátursins en hann sótti um vegabréfsáritun í júní 2017 og um fararleyfi í apríl 2105. Að komast til Íslands hefur því tekið nærri þrjú ár.

**Hvað?** Stofnbreytingar rjúpu og heilbrigði
**Hvenær?** 15.15
**Hvar?** Náttúrufræðistofnun Íslands, Garðabæ
Ólafur K. Nielsen, vistfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, fjallar í fyrirlestrinum um rannsóknir á stofnbreytingum og heilbrigði rjúpunnar. Hrafnaþing er haldið í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar að Urriðaholtsstræti 6-8 í Garðabæ, í Krummasölum á 3. hæð. Því er jafnframt streymt á YouTube-rás stofnunarinnar.

**Hvað?** Ekta ítölsk veisla á Essensia –Food & Fun
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Essensia, Hverfisgötu
Ítalski meistarakokkurinn Marco Bistarelli frá Úmbríuhéraði verður með okkur yfir Food & Fun-hátíðina. Girnilegur matseðill, gæðavín, ósvikin ólífuolía. Verið velkomin til okkar á Essensia. Höfum gaman saman á Food & Fun . „Tutto bene da Italia.“

**Hvað?** Food & Fun – Mathús Garðabæjar
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Mathús Garðabæjar
Mathús Garðabæjar ætlar að hafa Food & Fun á sérkjörum fyrir Facebook-vini í dag. Eero Vottonen verður á mathúsi Garðabæjar á Food & Fun Festival dagana 28. febrúar til 4. mars.

**Hvað?** Tónlistaruppistand í Tjarnarbíó
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Leikarinn Kári Viðarsson hefur slegið í gegn í Tjarnarbíói með tónlistaruppistand sem hann nefnir Frjáls framlög. Hann stendur fyrir sérstakri styrktarsýningu fyrir Íslandsdeild Amnesty International í kvöld þar sem allur ágóði sýningarinnar rennur óskertur til deildarinnar.

**Hvað?** Meðgönguljóð nr. 26, 27 & 28
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Við fögnum útgáfu 26., 27. og 28. bóka í seríu Meðgönguljóða, bókaflokks Partusar sem helgaður er nýjabruminu í íslenskri ljóðlist. Miðvikudaginn 28. febrúar klukkan 20.00 kynnum við bækurnar „Salt“ eftir Maríu Ramos, „Freyju“ eftir Díönu Sjöfn Jóhannsdóttur og „Ódauðleg brjóst“ eftir Ásdísi Ingólfsdóttur. Upplestrar og léttar veitingar í boði. Ókeypis aðgangur. Allir velkomnir.

**Hvað?** Hlutverk karlmanna í breyttum heimi #metoo
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Tónberg, Akranesi
Magnús Orri, stjórnarmaður í UN Women, fjallar um ábyrgð karlmanna í breyttum heimi, ekki síst í ljósi nýrra viðhorfa sem tengjast #metoo-byltingunni. Magnús Orri var með vinnustofu fyrir stjórnendur hjá Akraneskaupstað í byrjun janúar og var fólk mjög ánægt með hann og kallaði eftir því að starfsmenn stofnana fengju þennan fyrirlestur líka. Okkur sem vinnum með börnum og ungu fólki finnst mikilvægt að foreldrar fái þessa fræðslu líka til að geta nálgast umræðuna heima.

**Hvað?** Menningarmiðvikudagur
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kaffi Laugalækur, Laugarnesvegi
María Viktoría trúbador spilar.

**Hvað?** Málþing um skort á lesefni fyrir ungmenni á íslensku
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Hagaskóli

Góða skemmtun í bíó

ALUPROF GEZE
Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.
Áratuga reynsla.
Framúrskarandi fyrirtæki 2012-2015
JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

FERMINGAR TILBOÐ
ROYAL CORINNA Stærð 120x200 cm
TILBOÐSVERÐ 73.524 kr.
FULLT VERÐ 98.032 kr.
The Petit lampinn fylgir öllum fermingarrúmum!
ROYAL CORINNA 120x200 cm
Hágæða millistíf fimmsvæða skipt heilsudýna með 17 cm pokagorma kerfi, millistífum áföstum toppi og svörtum, hvítum, gráum eða brúnum botni og stálfótum.
Bjóðum upp á allt að 12 mánaða vaxtalausar greiðslur og fyrstu greiðslu í júní. Einnig er hægt að greiða með Netgíró.
Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is
rekkjan HEILSURÚM

BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
The Florida Project ........ 17:45, 20:00, 22:15
Call Me By Your Name ........ 17:30
Óþekkti hermaðurinn ........ 17:30
Women Of Mafia ENG SUB ........ 20:00
This Mad Desire ........ 20:00
Three Billboards Outside Ebbing Missouri ........ 22:30
In The Fade ........ 22:00



**HEIMSÓKN**
KL. 20:20
Þegar tvær fjölskyldur koma saman þarf að sjá til þess að öllum líði vel. Smekkkonan Hödd Vilhjálmsdóttir er næsti viðmælandi Sindra en hún og sambýlismaður hennar keyptu fokhelt raðhús í Garðabæ og gerðu það stórglæsilegt á mettíma.

Magnaður **Miðvikudagur**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**JAMIE´S 15 MINUTE MEALS**
KL. 19:30
Hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.




**DIVORCE**
KL. 20:50
Gamansamur þáttur frá HBO um fráskilin hjón sem eru ekki á þeim buxunum að láta hlutina ganga átakalaust upp. Sarah Jessica Parker fer með aðalhlutverkið.




**NASHVILLE**
KL. 21:20
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



**THE GIRLFRIEND EXPERIENCE**
KL. 22:05
Sagðar eru tvær sögur samhliða og fylgjumst við með þeim sitt á hvað. Önnur sagan gerist í Washington en hin sagan gerist í Nýju-Mexíkó.



**COUPLE´S RETREAT**
KL. 22:00
Hressileg gamanmynd um fjögur pör sem fara saman í draumafrí á fjarlæga sólarströnd en þar fer margt öðruvísi en ætlað var.



**MAN VS. WILD**
KL. 21:15
Ævintýralegir þættir frá Discovery með þáttastjórnandanum Bear Grylls sem heimsækir ólíka staði víðsvegar um heiminn.



Allt þetta og meira til á aðeins **333 kr. á dag.**

**365.is**







# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Blíða og Blær
**07.45** The Middle
**08.10** Mindy Project
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** My Dream Home
**11.05** Gulli byggir
**11.45** Spurningabomban
**12.35** Nágrannar
**13.00** Major Crimes
**13.40** The Night Shift
**14.25** The Path
**15.15** Exodus: Our Journey to Europe Vandaður heimildarþáttur í þremur hlutum þar sem fylgst er með tugum flóttamanna flýja heimili sín, meðal annars frá Sýrlandi, Afganistan, og Gambíu. Flóttamönnunum voru gefnar myndavélar til þess að fanga það myndefni sem heimildargerðamennirnir gátu ekki.
**16.15** Anger Management
**16.35** Vinir
**16.57** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** Jamie's 15 Minute Meals
**19.55** The Middle
**20.20** Heimsókn Frábærir þættir með Sindra Sindrasyni sem snýr aftur nú eftir áramót og lítur inn hjá íslenskum fagurkerum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera innréttuð af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum. Í þessari seríu fylgjumst við með nokkrum vel heppnuðum framkvæmdum fyrir og eftir.
**20.50** Divorce
**21.20** Nashville
**22.05** The Girlfriend Experience
**22.30** All Def Comedy
**23.00** Next of Kin
**23.45** Here and Now
**01.10** Outsiders
**01.55** Transparent
**02.25** The Tunnel
**03.10** The Tunnel
**04.05** The Middle
**04.25** Vinir
**04.50** My Dream Home
**05.35** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**09.50** Fram - Valur
**11.10** Seinni bylgjan
**12.45** Bournemouth - Newcastle
**14.30** Brighton - Swansea
**16.40** Espanyol - Real Madrid
**18.20** ÍBV - Selfoss
**20.00** Premier League Review
**20.55** Messan
**22.10** Seinni bylgjan
**23.45** FA Cup

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.40** Seinni bylgjan
**09.20** Espanyol - Real Madrid
**11.00** FA Cup
**12.40** Bayern Munchen - Hertha Berlin
**14.20** Þýsku mörkin
**14.50** Burnley - Southampton
**16.35** Manchester United - Chelsea
**18.20** Messan
**19.35** FA Cup
**21.40** Premier League Review
**22.35** ÍBV - Selfoss

## STÖÐ 3

**18.00** Fresh Off The Boat
**18.25** Pretty Little Liars
**19.10** Entourage
**19.40** Modern Family
**20.00** Seinfeld
**20.30** Friends
**20.55** The Last Man on Earth
**21.25** iZombie
**22.05** The Strain
**22.50** Legend of Tomorrow
**23.30** Entourage
**23.55** Modern Family
**00.40** Friends
**01.05** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveins
**07.49** Rasmus Klumpur og félagar
**07.54** Strumparnir
**08.19** Lalli
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og litli
**09.13** Víkingurinn Viggó
**09.27** K3
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Kormákur
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveins
**11.49** Rasmus Klumpur og félagar
**11.54** Lalli
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og litli
**13.13** Víkingurinn Viggó
**13.27** K3
**13.38** Mæja býfluga
**13.50** Kormákur
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveins
**15.49** Rasmus Klumpur og félagar
**15.54** Strumparnir
**16.19** Lalli
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og litli
**17.13** Víkingurinn Viggó
**17.27** K3
**17.38** Mæja býfluga
**17.50** Kormákur
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Curious George 2: Follow That Monkey



Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** The Honda Classic
**13.00** Golfing World
**13.50** Genesis Open
**17.55** Golfing World
**18.45** Commercialbank Qatar Masters
**23.15** Golfing World

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15** Fjölskyldubíó: Beethoven annar
**13.45** Southside with You
**15.10** Mother's Day
**17.05** Fjölskyldubíó: Beethoven annar
**18.35** Southside with You
**20.00** Mother's Day Frábær mynd frá 2016 með Juliu Roberts, Jennifer Aniston, Kate Hudson og Jason Sudeikis. Myndin fjallar um fjóra einstaklinga og fjölskyldur þeirra, sem þekkjast misvel innbyrðis, en leiðir þeirra liggja saman á mæðradaginn. Úr verða fjórar aðskildar sögur sem fléttast saman í eina heild.
**22.00** Couple's Retreat
**23.55** Pawn Sacrifice Myndin segir frá uppgangi undrabarnsins Bobby Fischer í skákheiminum. Sjö ára gamall var hann búinn að sjálfmennta sig svo vel að hann var farinn að vinna alla sem tefldu við hann. Fjórtán ára að aldri rúllaði hann síðan upp átta bandarískum stórmótum í röð og varð stórmeistari, sá yngsti í sögunni. Hann tefldi síðan um bandaríska landsmeistaratitilinn og vann allar skákirnar. Hann kom til Íslands í júlí 1972 til að etja kappi við þáverandi heimsmeistara, Boris Spassky, og er það einvígi og öll lætin og havaríið sem því fylgdi aðalefni myndarinnar.

## RÚV

**16.15** Leiðin á HM
**16.45** Unga Ísland
**17.15** Hljómskálinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Ríta og krókódíllinn
**18.06** Friðþjófur forvitni
**18.28** Babar
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Kiljan
**20.40** Svikabrögð
**21.15** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Á spretti
**22.40** Dulnefni: Ruby Blade
**00.00** Kveikur
**00.35** Kastljós
**00.50** Menningin
**00.55** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** King of Queens
**08.24** Dr. Phil
**09.11** The Tonight Show
**09.56** The Late Late Show
**10.45** Síminn + Spotify
**13.05** Dr. Phil
**13.45** Speechless
**14.09** The Fashion Hero
**15.08** The Mick
**15.32** Man With a Plan
**15.58** Ghosted
**16.22** Everybody Loves Raymond
**16.46** King of Queens
**17.09** How I Met Your Mother
**17.32** Dr. Phil
**18.14** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** 9JKL
**20.10** Adele: Live in New York
**21.00** Chicago Med
**21.50** Bull
**22.35** Queen of the South
**23.25** The Tonight Show

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Fréttablaðið.is ætlar að bjóða fjölskyldu í drauma sumarleyfi þar sem allt er innifalið.
Flug, gisting, matur og drykkur svokallað „all-inclusive“.
Smelltu þér núna inn á Fréttablaðið.is/nyskraning skráðu þig í leikinn og freistaðu gæfunnar.
ALLT INNIFALIÐ!
ÖLL FJÖLSKYLDAN SAMAN
Vinningsfjölskyldan getur m.a. valið:
1. Tenerife
2. Almeria
3. Benidorm
4. Sett saman eigin draumaferð
Verðmæti allt að
800.000 kr.
Góða ferð!
inná frettabladid.is
- Skráning stendur til og með 7. mars -

ÖBÍ

Falinn fjársjóður?
Sérskólar, kostir og gallar

Málþing Öryrkjabandalags Íslands, Hilton Reykjavík Nordica, á morgun 1. mars kl. 12.00 - 16.00

Markmiðið er að varpa ljósi á þjónustu sem er í boði fyrir nemendur með fatlanir og raskanir. Hver er staðan í dag, hvaða úrræði eru í boði og hvað má betur fara?

DAGSKRÁ

12.00 **Setning málþings og ávarp**
Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra

12.10 **Reynslusaga kennara**
Steinunn Mar

12.30 **Mismunandi þarfir kalla á mismunandi þjónustu**
Sigrún Birgisdóttir framkvæmdastjóri einhverfusamtakanna

12.40 **Mótsögn eða mikilvæg viðbót**
Sara Dögg Svanhildardóttir fagstjóri hjá Arnarskóla

13.00 **Menntun á tímum alþjóðlegra mannréttindasamninga**
Bryndís Snæbjörnsdóttir formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar

13.20 **Klettaskóli**
Árni Einarsson skólastjóri Klettaskóla

13.40 **Reynslusaga nemanda**
Eiður Atli Axelsson

14.00 **Kaffi og veitingar**

14.20 **Atvinnutengt nám grunnskólanema í 9. og 10. bekk**
Arna Hrönn Aradóttir verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg

14.50 **Út frá sjónarhóli foreldra**
Sigurrós Á. Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri Sjónarhóls

15.10 **Reynslusaga foreldris**
Ágúst Kristmanns

15.35 **Pallborðsumræður**

15.55 **Samantekt og málþingsslit**

**Fundarstjóri:** Sigmundur Ernir Rúnarsson

Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir. Streymi verður á vef ÖBÍ.

Málþingið er samstarf Málefnahóps um atvinnu- og menntamál og Málefnahóps um málefni barna.

Skráning á www.obi.is

ENNEMM / SÍA / NM86894

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

INHOPE insafe SAFT



Kio Briggs var mikið í fréttum árið 1998. Hann var líka rosalega mikið á djamminu.

# Fyrir tuttugu árum var ...

Árið 1998 var eitt besta ár allra tíma, segja sumir. Það er að minnsta kosti alltaf gott að missa sig í nostalgíunni og hverfa aftur um eins og ein tuttugu ár, til ársins 1998.

Eins og hefur verið bent á hér á þessum síðum stefnir framtíðin í að verða algjörlega hræðileg og þá er ágætt að hverfa aftur til fortíðar – nærtækt til að mynda að skreppa ein 20 ár aftur í tímann til ársins 1998 en vísindamenn hafa reiknað út að einmitt þá hafi mannkynið náð sínu hæsta flugi, en flugið hefur sífellt farið lækkandi síðan.

**Stærstu málin**

Erlendis var stærsta málið og jafnframt eitt skemmtilegasta fréttamál allra tíma Clinton/Lewinsky-hneykslið en það komst í fréttir þetta stórkostlega ár. Bill Clinton, þáverandi Bandaríkjaforseti, hafði átt í sambandi við lærlinginn Monicu Lewinsky frá árinu 1995 – en þetta vitið þið líklega. Grínarar og glensarar þessa tíma höfðu nóg að gera við að semja brandara um málið og raunar varð þetta þeim ótæmandi uppspretta efniviðar í fleiri ár eftir skandalinn. Stærsta málið hér heima á Íslandi var vafalaust hið ódauðlega Kio Briggs mál. Maður nokkur, Kio Briggs að nafni, var handtekinn í Leifsstöð með 2.000 e-töflur í farangri sínum þann 1. september. Kio lýsti yfir sakleysi sínu og

## Kvikmyndir

Nokkrar bestu myndir allra tíma komu út árið 1998 og er það bara staðreynd.

- Titanic skók heiminn
- Spice World fór í bíó í Ameríku
- Rush Hour
- Sporlaust
- Popp í Reykjavík
- Saving Private Ryan
- The Big Lebowski
- The Truman Show
- Blade



Monica Lewinsky og Bill Clinton áttu síður blaðanna árið 1998.




## Tónlist

Það er ómögulegt að nefna öll þau klassísku lög og plötur sem komu út árið 1998 þannig að hér verða aðeins nefnd nokkur dæmi af handahófi.

**Lög sem óma enn þann dag í höfðum lesenda**

- Truly Madly Deeply – Savage Garden
- Gettin' Jiggy wit it – Will Smith
- Everybody (Backstreet's Back) – Backstreet Boys
- Tubthumping – Chumbawamba
- Ghetto Supastar – Pras, Ol' Dirty Bastard og Mýa.

**Nokkrar klassískar plötur**

- Aquemini – Outkast
- Lauryn Hill – The Miseducation of Lauryn Hill
- Air – Moon Safari
- Massive Attack – Mezzanine
- Gang Starr – Moment of Truth
- Madonna – Ray of Light
- Jay-Z – Vol. 2... Hard Knock Life



skiptust landsmenn í tvo hópa – þá sem trúðu frásögn hans og hina sem gáfu lítið fyrir þessar útskýringar. Svo fór að Kio var sýknaður og í kjölfarið varð hann algjört djamm-„legend“ í Reykjavík. Svo yfirgaf hann landið og var stuttu síðar handtekinn í Danmörku með e-töflur í fórum sínum.

Annað markvert sem gerðist hér á landi þetta ár var það að um sumarið 1998 voru Hvalfjarðargöngin opnuð, skemmtistaðurinn Tunglið brann til kaldra kola og Listaháskóli Íslands var stofnaður og hóf að dæla út listaspírum. Einnig komu fram á sjónarsviðið tvær mikilvirkar hljómsveitir í sveitaballasenunni en sveitirnar Írafár og Í svörtum fötum voru báðar stofnaðar þetta blessaða ár.

**Tækniár**

Ýmislegt markvert gerðist í heimi tækninnar árið 1998 – fyrir það fyrsta kom stýrikerfið Windows 98 út, að margra mati betrungur Windows 95 stýrikerfisins byltingarkennda. Það má segja að Windows 98 hafi verið hálfgert skref í átt að Windows 2000, besta Windows-stýrikerfi allra tíma að mati margra. Hitt sem gerðist árið 1998 var að Google var stofnað, en í dag er það eitt stærsta fyrirtæki heims. Í raun hefur þetta fyrirtæki breytt heiminum á margan hátt – og nú er svo komið að það hefur skotið Microsoft ref fyrir rass, en það síðarnefnda var árið 1998 eitt stærsta fyrirtæki heims.

Á þessum tíma voru MP3-spilarar rétt ókomnir á markað og ferðageislaspilarar enn í mikilli notkun. Þetta var því þó nokkurt tímamótaár og þarna fór að fjara undan geisladisknum og þar með tónlistarsölu. iMac-tölvan kom á markað auk Dreamcast-tölvunnar en hún var upphaf sjöttu kynslóðar leikjatölva, eða átti að vera það – en Dreamcast var alger skellur og Sega hætti í framhaldinu að framleiða leikjatölvur.

stefanthor@frettabladid.is



Myllumerkið #GiveElsaAGirlfriend sló í gegn á Twitter um árið.

# Elsa fær kannski kærustu

Frá því að teiknimyndin Frozen var frumsýnd hafa aðdáendur myndarinnar viljað að Elsa fái kærustu. Meira að segja sló myllumerkið #GiveElsaAGirlfriend í gegn á Twitter árið 2016 og nú hefur aðstoðarleikstjórinn Jennifer Lee opnað á möguleikann. Í nýlegu viðtali segir hún að Elsa tali til margra með karakter sínum. „Við eigum fjölmargar samræður um þetta og önnur mál tengd framhaldsmyndinni. Ég skrifa Elsu út frá því sem hún segir mér á hverjum degi. Hvert hún sé að fara og hvað hún sé að fara að gera. Við sjáum til hvað gerist.“

> ÉG SKRIFA ELSU ÚT FRÁ ÞVÍ SEM HÚN SEGIR MÉR Á HVERJUM DEGI. HVERT HÚN SÉ AÐ FARA OG HVAÐ HÚN SÉ AÐ FARA AÐ GERA. VIÐ SJÁUM TIL HVAÐ GERIST.

Disney hefur fengið töluvert hrós að undanförnu fyrir að vera með samkynhneigð í myndum sínum, til dæmis í Leitin að Dóru og Fríða og dýrið. Frozen 2 er á áætlun um 2019. – bb



Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind







CHIRO UNIVERSE

FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI | FERMINGAR-TILBOÐ | AFBORGUN Á MÁNUÐI* |
|---|---|---|---|
| 90X200 | 79.900 KR. | 63.920 KR. | 5.918 KR. |
| 100X200 | 89.900 KR. | 71.920 KR. | 6.608 KR. |
| 120X200 | 99.900 KR. | 79.920 KR. | 7.298 KR. |
| 140X200 | 114.900 KR. | 91.920 KR. | 8.333 KR. |

* Miðað við vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun





„Það besta við þessa #metoo-byltingu er hvað hún er tímasett vel og hún hefði ekki gerst nema vera tímabær. En þá er líka mikilvægt að hlusta á alla og að það séu fjölbreytt sjónarhorn,“ segir Björk í viðtali við Glamour. MYND/SILJA MAGG

# Sér ekki eftir því að hafa staðið upp og sagt frá

**Björk** prýðir forsíðu tímaritsins Glamour sem kemur í búðarhillur í dag. Þar ræðir hún um nánast allt milli himins og jarðar, eins og náttúruvernd, frægðina og #metoo-byltinguna sem hún hefur sterkar skoðanir á.

Femínismi, ef eitthvað er, þarf að vera sveigjanlegur og opinn, og ekki stífur og harður. Maður má ekki breytast í einhvern bitran krepptan hnefa,“ segir Björk Guðmundsdóttir meðal annars í viðtali við tímaritið Glamour sem kemur í búðir í dag. Álfrún Pálsdóttir, ritstjóri blaðsins, tók viðtalið.

Björk prýðir forsíðuna undir myndum frá Silju Magg og ræðir um ýmis málefni, meðal annars um femínisma, kvennabaráttuna, #metoo-byltinguna og hvernig það sé að vera kona í tónlist.

Björk bendir á að kynslóð móður hennar hafi háð baráttu sem hennar kynslóð hafi notið góðs af. Hún hafi þó ekki viljað bara öskra, kvarta og kveina heldur einnig framkvæma. „Ég gerði það í 20 ár, var ekkert að kvarta. Það var ekkert auðvelt og ekkert erfitt, það var mikill meðbyr á þessum tíma,“ segir hún og heldur áfram: „Það var réttur jarðvegur sem móðir mín og hennar kynslóð börðust fyrir á undan. Maður fann alveg allt í kring að þetta var í fyrsta sinn sem kona gerði hitt og þetta.

En svo byrjaði ég í fyrsta skipti að finna fyrir þessu fyrir 5-6 árum og þá var það frá kynslóðinni sem er á þrítugsaldri núna, fædd í kringum 1990. Þá voru þær að segja við mig: „Af hverju ert þú að láta eins og þetta sé ekkert mál?“ Eins og ég hefði svikið málstaðinn. „Þetta er mál og hættu að láta eins og þetta sé ekkert mál.“ Þá fór ég að hugsa, ég er búin að vera 20 ár að vinna eftir því að trikkið sé að láta eins og þetta sé ekkert mál og svo allt í einu breytist loftslagið og þá verður maður að breytast með.“

> **ÞETTA FANN ÉG AÐ GÆTI BREYTT EINHVERJU, GÆTI Í ALVÖRUNNI NÁÐ ÁRANGRI. OG SÍÐAN ÞÁ HEF ÉG, SÍÐUSTU 3-4 ÁR, STAÐIÐ UPP OG SAGT HLUTI, ÉG SÉ EKKERT EFTIR ÞVÍ.**
>
> Björk Guðmundsdóttir

Hún bendir á að skömmu eftir að Vulnicura kom út hafi hún farið í viðtal við Pitchfork, sem margir hafa vitnað í síðan. Þá hafi hún skynjað að femínisminn hafði breyst. „Þetta fann ég að gæti breytt einhverju, gæti í alvörunni náð árangri. Og síðan þá hef ég, síðustu 3-4 ár, staðið upp og sagt hluti, ég sé ekkert eftir því.“

**benediktboas@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


FUNK EVENTS KYNNIR Í SAMSTARFI VIÐ ROSS LIVE ENTERTAINMENT OG PEPSI MAX
„PHENOMENAL...
AN EXTRAVAGANZA THAT HAD THE AUDIENCE IN AWE“
- GLOBAL ARTS REVIEW
„TRIBUTE SHOW OF THE YEAR“
- ACADEMY OF THE ARTS
„SPECTACULAR!“
- BROADWAY WORLD
A GLORIOUS TRIBUTE TO MICHAEL JACKSON
INVINCIBLE
TÓNLEIKASÝNING FRÁ NEW YORK Í TILEFNI AF 60 ÁRA AFMÆLI MICHAEL JACKSON
„THE #1 TRIBUTE SHOW!“
ELDBORG 8. SEPTEMBER
MIÐASALA HEFST Á MORGUN 1. MARS
KL. 12 Á HARPA.IS
pepsi MAX
NÁNAR Á FUNKEVENTS.IS
Funk
EVENTS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Kristínar Ólafsdóttur




## Tímamót

Það er stundum talað um tímamót. Ég hef bara lifað í næstum 25 ár, sem er ekkert til að stæra sig af – margir hafa gert töluvert betur – og tímamótin örfá og stopul eftir því. En nú vill svo til að ég stend mitt á einum slíkum, tímamótum.

Í dag segi ég skilið við frístundaheimilið, sem ég hef skrifað svolítið um hér á baksíðunni, og þar með lýkur fimm ára persónulegri vegferð minni um gjöfula akra barnagæslu. Frá og með deginum í dag verður þetta allt saman að fortíð. Nístandi gul endurskinsvesti, útivera í öllum veðrum, flatkökur með kæfu og brandarar sem snúast ekki um neitt. Búið.

Og lexían er, held ég, þessi: Tímamót eru snúin. Óttablandinn léttir og kæruleysislegur kvíði. Þetta gerjast allt innra með manni á vendipunktum í lífinu. Það er erfitt að kveðja það sem er gamalt, gott og kunnuglegt og það er kannski enn erfiðara að ganga hnarreistur inn í óvissuna og sprengja utan af sér þægindafjötrana.

Þegar eftirsjáin byrjar svo að naga mann, til dæmis þegar börnin á frístundaheimilinu verða allt í einu að englum síðustu vikuna í vinnunni og efinn hreiðrar um sig, er gott að leita skjóls í klisjum. „Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur,“ eru ágæt sannindi upp á framhaldið og annað sem er gott að muna er „lifðu í núinu“ og svo þarf maður líka að hafa „gríptu tækifærið“ til hliðsjónar.

Það er stundum talað um tímamót. Þetta blessast allt saman.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

BÓKA MARKAÐURINN
LAUGARDALSVELLI
23. FEBRÚAR TIL 11. MARS
OPIÐ FRÁ: KL. 10 – 21 ÖLL KVÖLD




